**HILDUR BJÖRG JÓNASDÓTTIR**

*Fékk hjól í afmælisgjöf og fer á því út um allt*

heilsa

allt í MIÐJU BLAÐSINS




**LH HESTAR**

*Landsmót á tímamótum*

Sérblað Landssambands hestamannafélaga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**GARÐAR THOR CORTES**

*Heillaði son soldánsins af Brunei upp úr skónum*

Prinsinn sagði Garðar hafa guðdómlega rödd

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. maí 2008 — 135. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Stelpurnar í snjóinn



Verðlaunaféð úr Hæðinni færir Begga og Pacasi væntanlega dætur Pacasar í jólagjöf, en þær eru spenntar fyrir snjónum.

FÓLK 30

### Eftirminnilegar næturvaktir

Magnús Einarsson útvarpsmaður færir sig upp um rás.

TÍMAMÓT 18

### Styrkir sjálfa sig



Sjónvarpskonan Eva María Jónsdóttir ætlar á hugleiðslunámskeið og sjálfsstyrkingarnámskeið í sumar.

FÓLK 30

### Tvö á toppnum



Keflavík og Fjölnir ætla að verða spútnikliðin í sumar og unnu bæði þriðja leik sinn í röð í gær.

ÍÞRÓTTIR 26-27

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA NOKKUÐ BJART** í dag verður austan strekkingur allra syðst, annars mun hægari. Skýjað með köflum víða um land og yfirleitt úrkomulaust. Hiti víðast 7-13 stig að deginum.

VEÐUR 4

# Íbúum á Laugavegi hótað dagsektum

**Borgaryfirvöld senda húseigendum á Laugavegi bréf þar sem þeim er gert að laga hús sín. Borgin hótar allt að 50 þúsund króna dagsektum eftir 1. ágúst.**

**SKIPULAGSMÁL** Borgaryfirvöld hafa sent nokkrum húseigendum á Laugavegi bréf þar sem farið er fram á að húseigendur geri endurbætur á húsum sínum. Eru þeir hvattir til að klára þær fyrir 17. júní en verði þeim ekki lokið fyrir 1. ágúst verði hugsanlega beitt dagsektum. Magnús Sædal byggingafulltrúi segir að yfirleitt séu dagsektir ekki hærri en fimmtíu þúsund krónur á dag. Hann vonar að ekki þurfi að koma til þeirra.

„Ég fagna því að borgaryfirvöld ætli að gera skurk í þessum málum en það má standa mun betur að því,“ segir Orri Arnarsson, húseigandi á Laugavegi 39. Þar er eigendum meðal annars gert að múrhúða veggi og lagfæra handrið á svölum. „Í fyrsta lagi er þetta of stuttur tími,“ segir Orri. „Það er erfitt að fá verktaka til að taka að sér verk hér, einfaldlega vegna þess að það er erfitt að athafna sig. Svo hefur það áhrif að það ríkir mikil óvissa á svæðinu. Það á að rífa nánast allt beggja megin við okkur og ég hef heyrt af því að menn vilji kaupa okkar hús og það er einfaldlega mjög erfitt að athafna sig í þessari óvissu.“

Magnús telur ekki of lítinn frest gefinn af hálfu borgaryfirvalda. „Mestan part er nú um smotterí að ræða sem menn ættu að geta gert strax. Annað tekur kannski lengri tíma, enda gefum við líka frest til 1. ágúst,“ segir Magnús.

Hann bætir við að ástandið á byggingarmarkaði sé þannig að auðvelt ætti að vera að ráða sér iðnaðarmann í sumar, þurfi þess með.

Múrari sem blaðamaður hafði samband við taldi að allir verktakar væru búnir að fullbóka sumarið. Múrviðgerð á heilu húsi þyrfti að áætla með löngum fyrirvara, útbúa útboðsgögn og bjóða verkið út. Slíkt verk taldi hann ólíklegt að hægt yrði að hefja fyrr en næsta vor.

Kostnaður við múrhúðun getur hlaupið á milljónum, allt eftir stærð hússins. Algengt verð á viðgerð á sléttpússuðu húsi er 3.800 krónur á fermetra. Við það bætist kostnaður við vinnupalla og fleira.

- jse / sjá síðu 4



**ÞRIGGJA MÍNÚTNA ÞÖGN** Loftvarnarflautur voru þeyttar til minningar um fórnarlömb jarðskjálftans í Sichuan í síðustu viku. Tvær konur björguðust í gær eftir hafa legið grafnar í rústum í viku. Kínverjar óttast nú sterka eftirskjálfta. Sjá síðu 6. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁFRAM ÍSLAND!** Nú styttist óðum í stóru stundina hjá Eurobandinu, sem stígur á svið á á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Risaveisla í Belgrad:

## Styttist í stóru stundina

**FÓLK** Eurobandið virðist vera í allmiklum meðbyr nú þegar styttist í stóru stundina á fimmtudagskvöldið.

Í mikilli veislu í höll Títós fengu Regína Ósk og Friðrik Ómar mikla athygli og slógu brosandi í gegn. Meðal þeirra sem mættu voru Finnarnir Martti og Pusi, en Martti stofnaði aðdáendasíðu Jónsa af því honum finnst Heaven eitt besta framlagið til Eurovision.

Regína og Friðrik æfa stanslaust, inni á hótelsvítu ef ekki betra býðst, enda þurfa þessar þrjár mínútur á sviðinu að nýtast sem best.

- glh / sjá síður 22 og 24

Undirskrifasöfnun hörmuð:

## Flóttafólk velkomið á Skaga

**AKRANES** Samþykkt var á aukafundi bæjarstjórnar í gær að Akranesskaupstaður gengi til samninga við félagsmálaráðuneytið um að taka við hópi flóttafólks.

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segist harma að undirskriftalistar gangi meðal bæjarbúa þar sem hvatt er til að fólkinu verði hafnað af Akranesbæ. Hann segir fólkið verða allt að þrjátíu talsins og gefur lítið fyrir ummæli Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, sem sagt hefur að fólkið verði nær sextíu talsins. „Hann virðist ekki þurfa að rökstyðja eitt né neitt,“ segir Gísli. „Hann veit vel að hann er að segja ósatt og er að lokka fólk til þess að trúa einhverjum ranghugmyndum.“

- kdk

Skuldatryggingarálag íslensku bankanna lækkar og krónan styrkist enn:

# Íslenskir bankar nálgast erlenda

**VIÐSKIPTI** Skuldatryggingarálag á íslenska banka lækkaði í kjölfar gjaldeyrisskiptasamninga Seðlabankans sem kynntir voru á föstudag. Kjör íslensku bankanna á erlendum fjármálamörkuðum hafa batnað mest allra banka.

Skuldatryggingarálag er gjald sem leggst ofan á alþjóðlega millibankavexti og hækkar eftir því sem meiri áhætta er talin tengjast viðkomandi banka.

Álag á skuldabréf Landsbankans hefur lækkað mest síðan á föstudag, um 65 punkta, og nálgast kjör sem sumum erlendum stórbönkum standa til boða. Þar á eftir kemur Kaupþing með 28 punkta lækkun og svo Glitnir með 26 punkta lækkun. Mest álag er eftir sem áður á bréf Kaupþings, 425 punktar. Álag á bréf Glitnis er 380 punktar en 185 punktar á bréf Landsbankans.

Gengi krónunnar heldur áfram að styrkjast og hafði við lok markaða í gær styrkst um 7,8 prósent á fimm viðskiptadögum,aðþvíergreiningardeild Landsbankans bendir á. Í gær styrktist hún um 1,1 prósent, en um 4,1 prósent á föstudag, sem er mesta styrking á einum degi síðan í apríl 2002.

- óká / sjá síðu 12


**Rockwood fellihýsin 2008**



**Hlaðin staðalbúnaði**
- Sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum
- Galvaníseruð grind
- Sérstök fjöðrun
- Upphitaðar dýnur

Frá **1.398.000** kr.

**Þægindi um land allt**

Í **Útilegumanninum** að **Fosshálsi 5-9** færðu allt til ferðalagsins

Opið
Mán - fös 10.00-18.00
Helgar 12.00-16.00

Útilegu maðurinn

**Polar hjólhýsin 2008**



**Hlaðin staðalbúnaði**
- Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir
- Evrópskar þrýstibremsur
- Galvaníseruð grind
- iDC stöðugleikakerfi

Frá **3.799.000** kr.

## SPURNING DAGSINS




*Friðbjörn, gengur þetta allt eins og í Sögu?*

„Þetta má að minnsta kosti ekki verða sagan endalausa.“

Læknar virðast almennt sammála um að sjúkraskráningakerfið Saga sem íslenskum læknum er gert að styðjast við sé meingallað. Friðbjörn R. Sigurðsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum, segir að dagar þess séu taldir enda kerfið ekki til þess fallið að auka öryggi sjúklinga.

Ráðherra úrskurðar að vinna þurfi umhverfismat vegna vatnsverksmiðju í Ölfusi:

# Ósáttir við eins árs umþóttun

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðherra hefur fellt úr gildi þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að vatnsverksmiðja í Ölfusi þurfi ekki að fara í umhverfismat. Forstjóri fyrirtækisins er ósáttur við rökstuðning ráðherra og þann tíma sem tók að úrskurða í málinu.

Eigendur sumarhúss í nágrenni fyrirhugaðrar verksmiðju kærðu ákvörðun Skipulagsstofnunar í júní 2007. Í úrskurði umhverfisráðuneytisins, sem birtur var í gær, segir að líta verði svo á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Er þar meðal annars vísað í álit Orkustofnunar um áhrif verksmiðjunnar á grunnvatn.



**SKÓFLUSTUNGA** Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holding, tók fyrstu skóflustunguna að verksmiðju í Ölfusi í ágúst í fyrra. MYND/SUNNLENSKA

Ragnar Birgisson, forstjóri Icelandic Water Holding, segir óheppilegt að tæpt ár hafi liðið frá því kæran kom fram og þar til úrskurður féll. Hann bendir á að framkvæmdir við verksmiðjuna séu þegar langt komnar.

Nú tekur við um árs ferli við vinnu og kynningu á umhverfismati. Ragnar segir að samhliða vinnslu matsins verði framkvæmdum væntanlega lokið.

Ragnar segist fyrst og fremst ósáttur við að tvær stofnanir, Skipulagsstofnun og Orkustofnun, komist að svo ólíkri niðurstöðu. Icelandic Water Holding hafi talið mat Skipulagsstofnunar faglega unnið. Þar hafi verið ákveðið að fara þyrfti í mótvægisaðgerðir, sem fyrirtækið hafi lagt metnað í að gera sem best úr garði. **- bj**

Framsalskrafa samþykkt:

# Verður sendur út til Póllands

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms um framsal Premyzlaws Plank til Póllands. Plank kærði úrskurðinn og taldi framsalskröfuna byggða á hæpnum forsendum.

Hann er grunaður um aðild að skipulagðri glæpastarfsemi og að hafa myrt mann í heimalandi sínu. Meint brot hans geta varðað allt að sextán ára fangelsi eða ævilangt að íslenskum lögum.

Plank hefur verið nokkuð í umræðunni eftir að Fréttablaðið fjallaði um mál hans. Landi hans hefur til dæmis kvartað yfir því að Plank vilji sig feigan. **- kóp**



**SAMRÁÐ KÆRT** Útgerðin Dala-Rafn krefst átta milljóna vegna samráðs olíufélaganna.

Mál Dala-Rafns fyrir dómi:

# Samráð olíufélaganna kært

**DÓMSMÁL** Mál útgerðarinnar Dala-Rafns gegn olíufélögunum var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Dómurinn vísaði í fyrra kröfu útgerðarinnar á tvö þeirra frá, en Hæstiréttur sneri því við.

Útgerðin krefst ríflega átta milljóna króna í skaðabætur vegna samráðs olíufélaganna. Nú er beðið eftir matsgerð sem dómkvaddir matsmenn vinna um málið. Krafa Dala-Rafns byggir á því að samráð félaganna, á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001, hafi leitt til þess að olíuviðskipti hafi verið dýrari en ella. **- kóp**

Kynferðisbrotamenn:

# Verði meinað að starfa í skólum

**ALÞINGI** Óheimilt verður að ráða fólk, sem hlotið hefur refsidóm fyrir kynferðisbrot, til starfa við framhaldsskóla.

Menntamálanefnd Alþingis leggur þetta til í breytingartillögu við frumvarp um framhaldsskóla. Slík ákvæði er að finna í frumvörpum um leik- og grunnskóla. Samkvæmt tillögunni skal við ráðningu liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Segir í rökstuðningi að nemendur framhaldsskóla geti, líkt og þeir sem yngri eru, orðið fórnarlömb kynferðisbrotamanna. **- bþs**

# Hrefnuveiðar hefjast í óþökk Samfylkingar

**Ingibjörg Sólrún er ósátt við ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að úthluta fjörutíu dýra hrefnuveiðikvóta. „Visst taktleysi í þessu,“ segir formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Hrefnuveiðimenn ætla að hefja veiðar í dag ef veður leyfir.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra úthlutaði í gær fjörutíu dýra hrefnuveiðikvóta. Í kjölfarið sendi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingar, frá sér tilkynningu þar sem hún ítrekaði að ráðherrar flokksins væru mótfallnir ákvörðuninni.

„Sem utanríkisráðherra tel ég að verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni þrátt fyrir að kvótinn sé minni í ár en fyrri ár,“ segir í tilkynningunni.

Enn fremur segir Ingibjörg Sólrún að ákvörðun sjávarútvegsráðherra sé tekin í framhaldi af stefnu sem hann mótaði árið 2006 og hann hafi getað tekið þessa ákvörðun án þess að hún fengi afgreiðslu í ríkisstjórn.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

„Það er visst taktleysi í þessu,“ segir Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar. „Reyndar er þetta langtíma stefnumótun sem sjávarútvegsráðherra er að fylgja og hann hefur vald til þess. En svo er það að hitt að þetta stjórnarsamstaf er nokkuð ólíkt þeim sem verið hafa þar sem hin pólitíska umræða í landinu fer meira fram á milli stjórnarflokkanna en á milli stjórnar og stjórnarandstöðu sem er fáliðuð og nær illa saman.“

Greenpeace sendi einnig frá sér fréttatilkynningu þar sem ákvörðunin var sögð heimskuleg. Veiðarnar hafi slæm áhrif á orðstír Íslands, skaði hvalaskoðun sem hafi verið afar arðbær og svo sé ekki markaður fyrir hrefnukjötið erlendis sem heimafyrir.



**GUÐMUNDUR HARALDSSON Á NIRÐI KÓ 7 ÞEGAR LAGT VAR TIL VEIÐA Í FYRRA** Utanríkisráðherra segir að með því að heimila hvalveiðar sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. En sjávarútvegsráðherra hafi verið að framfylgja stefnumótun frá 2006 og þurfti ákvörðunin því ekki samþykki ríkisstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Gunnars Bergmann, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna, gera veiðimenn ráð fyrir því að leggja úr höfn í bítið í dag.

Hann segir að kjötið verði einungis selt á innanlandsmarkaði. „Við reynum ekki að flytja það út að þessu sinni enda tel ég að það verði létt verk að klára kjötið hér því í fyrra veiddum við 45 dýr og það seldist allt upp. Þannig að nú stefnum við á að hrefnukjötið verði komið í verslanir um mánaðamótin, tilbúið á grillið.“

Gunnar segir að samskiptin við hvalaskoðunarmenn hafi gengið vel frá árinu 2003. „Ég hef rætt við marga þeirra og þeir eru vissulega ekki sáttir við veiðarnar en við vorum sammála um það að við getum hagað málum þannig að þetta ætti að ganga snurðulaust fyrir sig.“ Hvalveiðar í atvinnuskyni hafa verið leyfðar frá árinu 2006 en í fyrra lauk rannsóknarveiðum þegar 200. dýrið hafði verið veitt.

Ekki náðist í sjávarútvegsráðherra við vinnslu fréttarinnar.

jse@frettabladid.is



**SIGURVISS** Obama er sagður ætla að lýsa yfir sigri í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hillary Clinton:

# Segir Obama fara sér of geyst

**BANDARÍKIN, AP** „Þú getur lýst yfir hverju sem er, en ef þú hefur ekki atkvæðin þá skiptir það engu,“ sagði Hillary Clinton í gær og beindi orðum sínum til Baracks Obama, mótframbjóðanda hennar um að verða forsetaefni Demókrataflokksins.

Fjölmiðlar hafa spáð því að Obama ætli að lýsa yfir sigri í kvöld, í ræðu sem hann ætlar að flytja í Ohio eftir að prófkjörum í Kentucky og Oregon lýkur.

Forskot Obamas á Clinton er orðið það stórt að ólíklegt þykir að Clinton geti unnið það upp úr þessu. Ofurfulltrúarnir svonefndu, sem í raun ráða úrslitum þegar forsetaefnið er valið á landsþingi flokksins í ágúst, geta þó í sjálfu sér alltaf skipt um skoðun. **- gb**

## LÖGREGLUMÁL

### 14 ára slasaðist á vélhjóli

Fjórtán ára piltur rotaðist í árekstri lítils torfæruhjóls og bíls á Njarðvíkurbraut í Reykjanesbæ rétt fyrir klukkan 18 í gær. Pilturinn ók vélhjólinu gegn biðskyldu og inn í hlið bílsins. Hann kastaðist af hjólinu og rotaðist. Talið var að hann hefði viðbeinsbrotnað, og var hann sendur með sjúkrabíl á Landspítalann til aðhlynningar. Bæði bíllinn og hjólið skemmdust nokkuð í árekstrinum.





**2008 á Reykjavíkurflugvelli**
sjá nánar á www.flugmal.is

**Þriðjudagur 20. maí**

**Sjúkra- og björgunarflug**

Opið hús og umræður um sjúkra- og björgunarflug í skýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli kl. 17:00-19:00.

Flugmálafélag Íslands Stofnað 1936 · ICELANDAIR · FLUGSTOÐIR ISAVIA · FLUGFÉLAG ÍSLANDS


Bandaríkin tóku pólitíska ákvörðun um ratsjárkerfið segir Bjarni Benediktsson:

# Vildu losna undan kostnaði

**UTANRÍKISMÁL** Bandarísk stjórnvöld tóku líklega ákvörðun um að hætta rekstri ratsjárkerfis hér á landi af pólitískum ástæðum, ekki vegna þess að þau teldu ekki þörf á kerfinu út frá varnarhagsmunum Íslands og Nato.

Þetta sagði Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar, á fundi Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs á Hótel Sögu í gær.

Hann segir líklegt að bandarísk stjórnvöld hafi með þessu viljað losna við að greiða kostnað af kerfinu. Enda hafi þau gert sér grein fyrir því að íslensk stjórnvöld og Nató myndu leggja áherslu á að halda kerfinu í gangi, eins og raunin varð.

Enn er unnið að hættumati fyrir Ísland. Þegar það verður tilbúið segir Bjarni að núverandi varnarviðbúnaður, starfræksla ratsjárkerfis og reglulegar heimsóknir orrustuþotna, verði endurskoðaður með hættumatið til hliðsjónar.



**ENDURSKOÐAÐ** Varnarviðbúnaður landsins verður endurskoðaður þegar hættumat liggur fyrir, sagði Bjarni Benediktsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skynsamlegt er að viðhalda þeim viðbúnaði sem nú er viðhafður þar til hættumatið liggur fyrir, sagði Bjarni.

Hann viðurkenndi þó að heppilegra hefði verið að slíkt hættumat hefði legið fyrir við brotthvarf varnarliðsins árið 2006. Slíkt hefði ekki verið mögulegt sökum þess hversu brátt brotthvarfið bar að. **- bj**

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA MINNA NOTAÐIR EN AÐRIR



**Toyota Verso**
1800 Bensín MM skipting
Á götuna: 07.07 Ekinn: 3.500 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. HY-R16



**Toyota Avensis EXE**
Sóllúga.
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 1.700 km
Verð: 3.920.000 kr. Skr.nr. LE-N09



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 15.000 km
Verð: 3.620.000 kr. Skr.nr. LH-372



**Toyota Auris Sol**
1600 Bensín MM skipting.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 15.000 km
Verð: 2.730.000 kr. Skr.nr. OS-X19



**Toyota Corolla S/D Sol**
16" álfelgur, bakkskynjarar, filmur, vinstskeið.
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 29.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. RM-120



**Toyota Avensis**
17" álfelgur, filmur.
1800 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 57.000 km
Verð: 2.400.000 kr. Skr.nr. SN-064



**Toyota Corolla W/G**
16" álfelgur.
1400 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 07.06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. VE-686



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
35" breyttur.
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 33.000 km
Verð: 6.330.000 kr. Skr.nr. YS-225



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
33" breyttur.
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.04 Ekinn: 61.000 km
Verð: 5.050.000 kr. Skr.nr. AP-700
**Tilboð: 4.450.000 kr.**

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42450 05.2008

## GENGIÐ 19.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,8 | 73,14 |
| Sterlingspund | 142,38 | 143,08 |
| Evra | 113,33 | 113,97 |
| Dönsk króna | 15,188 | 15,276 |
| Norsk króna | 14,497 | 14,583 |
| Sænsk króna | 12,176 | 12,248 |
| Japanskt jen | 0,6993 | 0,7033 |
| SDR | 118,16 | 118,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
146,3585

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Húseigendum í miðbæ Reykjavíkur sagt að lagfæra hús sín fyrir 1. ágúst:

# Tillit verður tekið til aðstæðna

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum að kalla eftir samstarfi við húseigendur í miðbænum,“ segir Magnús Sædal byggingarfulltrúi, spurður hvort ekki sé of harkalegt að beita húseigendum þvingunarúrræðum nái þeir ekki að lagfæra hús sín fyrir 1. ágúst.

Nokkrum eigendum húsa á Laugavegi hafa verið send bréf þar sem þeim er greint frá þessu og á næstunni eiga eigendur húsa annars staðar í miðborginni von á slíku bréfi.

Fréttablaðið talaði við múrara og Orra Árnason, húseiganda á Laugavegi, sem sögðu að ekki fengjust verktakar til verkanna á svo skömmum tíma. „Við munum taka tillit til þessara þátta,“ segir Magnús. „Eins gerum við okkur grein fyrir því að efnahagur fólks er misjafn og við tökum einnig tillit til þess.“ Hann segir að yfirleitt séu dagsektir ekki hærri en fimmtíu þúsund á dag en vonar að til þeirra þurfi ekki að koma.

Í bréfinu sem eigendur fengu sent var sagt að ef þeir kláruðu lagfæringarnar fyrir 17. júní fengju þeir sérstakt viðurkenningarskjal. „Við höfðum þetta svona til að hvetja fólk áfram en þetta er ekki inni í næstu bréfum sem við sendum, einfaldlega vegna þess að við vitum að þetta er orðinn of stuttur fyrirvari,“ segir Magnús. **- jse**



**ORRI ÁRNASON FYRIR UTAN HÚS SITT** Orri þarf, eins og aðrir húseigendur í miðborginni, að hafa hraðar hendur eigi hann að klára lagfæringar á húsi sínu fyrir 1. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samningaviðræður BSRB:

# Hægagangur í viðræðum

**KJARAMÁL** Hægagangur er í viðræðum samninganefndar BSRB og samninganefndar ríkisins, að sögn Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB.

„Við höfum orðið ásátt um það beggja megin borðsins að gefa okkur tíma til að gaumgæfa ýmsa þætti og hraða okkur ekki um of,“ segir Ögmundur.

„Eftir stendur hitt að ég yrði fyrir miklum vonbrigðum ef vikan liði án þess að niðurstaða næðist,“ segir hann og vonast til þess að niðurstaða liggi fyrir á föstudag. Verið sé að skoða ýmislegt sem lúti að réttindamálum , samningslengd og upphæðir. **- ghs**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa ljósritað tvö þúsund króna seðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Peningafalsari dæmdur:

# Fölsunin þótti of sannfærandi

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur maður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir peningafölsun og vörslu fíkniefna. Hann náðist með tuttugu tvö þúsund króna seðla.

Maðurinn bar að hann hefði ljósritað seðlana til að nota í pókerspili. Hann hefði aldrei ætlað að koma þeim í umferð. Í dómsorði segir að peningarnir hefðu þá ekki þurft að vera jafn raunverulegir og raun bar vitni. Þá hefði hann engu stjórnað um hvert þeir bærust að spili loknu.

Auk seðlanna var hann með 2,19 grömm af amfetamíni á sér. Maðurinn hefur margsinnis áður hlotið dóm. **- kóp**

## UTANRÍKISMÁL

### Ellisif Tinna skipuð forstjóri

Utanríkisráðherra skipaði í gær Ellisif Tinnu Víðisdóttur í embætti forstjóra Varnarmálastofnunar til fimm ára. Stofnunin er ný og tekur til starfa 1. júní. Stofnunin mun meðal annars reka loftvarnakerfi og hafa umsjón með varnaræfingum hér á landi.

## ÁRÉTTING

Í frétt um verkefnið Borgarbörn sem birtist í Fréttablaðinu í gær kom ekki fram að þjónustutryggingar eru ekki í boði fyrr en 1. september. Ekki þýðir að sækja um þær fyrr en þá.

# Orkuveitan veitti um milljarði í rannsóknir

**Skipulagsstofnun segir byggingu Bitruvirkjunar óviðunandi. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir framkvæmdaleyfi geta fengist þrátt fyrir álitið. Sveitarstjóri Ölfuss segir á ábyrgð stjórnmálamanna að nýta tækifæri til atvinnusköpunar.**

**SKIPULAGSMÁL** Bygging Bitruvirkjunar er ekki viðunandi vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu, að mati Skipulagsstofnunar sem sendi frá sér álit um framkvæmdirnar í gær. Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, undrast álitið. Hann telur að ef þessi fyrirhugaða jarðvarmavirkjun standist ekki kröfur sé ólíklegt að aðrar slíkar virkjanir geri það. Um afturhvarf til vatnsfallsvirkjana gæti verið að ræða.

Hjörleifur segir að afar vel hafi verið farið í skipulagningu á þáttum sem áttu að koma til móts við umhverfisverndarsjónarmið, og miklu fé hafi verið varið til rannsókna á svæðinu. „Sú upphæð slagar hátt í milljarð,“ segir hann.

Þá bendir hann á að viðræður Orkuveitunnar við aðila sem höfðu hugsað sér að reisa kísilhreinsiverksmiðju fyrir sólarorkusellur í Þorlákshöfn séu í uppnámi. Slíkt hljóti að taka á sveitarfélagið eins og Orkuveituna og bendir hann á að þeir aðilar sem ætluðu að standa að þeirri verksmiðju hafi haft umhverfisverndarsjónarmið í hávegum.

„Þrátt fyrir álit sem þetta er hægt að fá framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni hjá sveitarfélagi sem síðan er kæranlegt til Kærunefndar skipulags- og byggingarmála,“ segir Hjörleifur. Enn hafi stjórn Orkuveitunnar þó ekki fjallað um hvort svo verði farin en stjórnin hittist fyrir hádegi í dag og muni fara yfir hver næstu skref verði.

„Það er sveitarfélagið sem hefur úrslitaáhrif í þessu máli,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri í Ölfusi. Hann segir að það verkefni sveitarfélagsins sem nú sé lögð mest áhersla á að ljúka sé að fara yfir hátt í þúsund athugasemdir sem bárust vegna tillagna á aðaldeiliskipulagi Þorlákshafnar. Ekki liggi fyrir hvort gert verði ráð fyrir virkjuninni í því en ákvörðunar um það sé að vænta eftir um hálfan mánuð. „Menn vilja ekki vatnsaflsvirkjanir og núna ekki gufuaflsvirkjanir. Ég íhuga hvernig við lítum á framtíðina, það verður ekki aukning á kvóta og landbúnaður er á undanhaldi. Við sem erum í pólitíkinni berum ákveðna ábyrgð og að litið sé til þeirra tækifæra sem bjóðast í atvinnu og hvernig eigi að afla orkunnar til þess,“ segir Ólafur.

Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að ekki þurfi að svara hvaða kalli aðila í stóriðjuframkvæmdum sem er. „Ég held að álitið boði nýja tíma og auknar kröfur við gerð jarðvarmavirkjanna. Ölkelduhálssvæðið bara svo bara of dýrmætt til að hægt sé að nota það undir virkjun,“ segir Bergur. **karen@frettabladid.is**



**BITRUVIRKJUN EKKI VIÐUNANDI** Skipulagsstofnun segir að bygging Bitruvirkjunar sé ekki viðunandi vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. MYND/KJARTAN PÉTUR SIGURÐSSON



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**



**HJÖRLEIFUR KVARAN**



**BERGUR SIGURÐSSON**



**GRJÓTI KASTAÐ** Heimamaður í hverfinu Reiger Park kastar grjóti að lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í Jóhannesarborg:

# Fátækir slást við útlendinga

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** **Lögreglan í Suður-Afríku beitti í gær gúmmíkúlum og handtók fjölda manns til að stöðva átök milli fátækra heimamanna og álíka fátækra innflytjenda í úthverfum Jóhannesarborgar.**

**Átökin brutust út í fátækrahverfum borgarinnar á sunnudag og þykja staðfesta gagnrýni á stjórnvöld um að þau hafi staðið sig illa í að útvega fólki atvinnu, húsnæði og menntun.**

**„Gerið það, hættið ofbeldinu,“ sagði Desmund Tutu erkibiskup í ávarpi til fólksins. „Svona högum við okkur ekki. Þetta eru bræður okkar og systur.“ - gb**

## EYSTRASALTIÐ

### Deyjandi vegna mengunar

Lífríkið í Eystrasaltinu er deyjandi nema eitthvað róttækt verði gert til að snúa þróuninni við og það strax, að sögn Helsingin Sanomat. Ríkin við Eystrasalt, sérstaklega Rússland og Pólland, hleypa menguðu iðnaðarvatni beint út í Eystrasaltið en þau eru ekki ein um það, Finnar gera það líka.


TBWA\REYKJAVÍK\SIA

-2kr.




Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**YFIRLEITT ÞURRT Í DAG**
Enda þótt tölvuspárnar fyrir daginn séu ekki alveg þurrar er úrkomumagnið í þeim það lítið að ég á ekki von á úrkomu svo heitið geti. Hins vegar nálgast úrkomuloft sunnanvert landið í nótt og horfur á að rignt geti með ströndum sunnan og suðvestan til á morgun og hinn.



**Á MORGUN**
5-15 m/s, hvassast allra syðst.

**FIMMTUDAGUR**
5-15 m/s, hvassast allra syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Billund | 14° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 15° |
| Gautaborg | 16° |
| London | 16° |
| París | 20° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Berlín | 19° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 22° |
| Basel | 19° |
| Eindhoven | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 17° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Öflugt stéttarfélag - aukin réttindi
FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
fit.is

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að reist verði stytta af Vigdísi Finnbogadóttur fyrir framan tónlistarhúsið sem nú er í byggingu?*

| | |
|---|---|
| Já | 53,1% |
| Nei | 46,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að breyta eða fella út lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og þingmanna fyrir þinghlé í næstu viku?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Þriggja mínútna þögn til minningar um fórnarlömb jarðskjálftans í Kína:

# Spá um sterka eftirskjálfta vekur ótta

**KÍNA, AP** Mannlíf í Kína stöðvaðist í þrjár mínútur í gær meðan loftvarnaflautur voru þeyttar til minningar um fórnarlömb jarðskjálftans í Sichuan í byrjun síðustu viku. Þriggja mínútna þögnin hófst klukkan 14.28 að staðartíma, nákvæmlega einni viku eftir að skjálftinn reið yfir.

Meira að segja björgunarfólk hætti störfum sínum um stund, en stóð annars í ströngu í leit að fólki sem hugsanlega er enn á lífi í rústunum. Tvær konur björguðust í gær við kolanámu í Sichuan-héraði, heilli viku eftir skjálftann, eftir að hafa verið fastar undir húsi sem hrundi.

Jarðskjálftafræðingar spáðu í gær sterkum eftirskjálfta, sem gæti mælst 6 til 7 stig. Sú spá vakti upp að nýju sterkan ótta víða um land og í Mianyang, sem er skammt frá upptökum skjálftans, gripu margir kodda, teppi og stóla og bjuggu sig til svefns úti á götum eða í bifreiðum.

Stjórnvöld búast við því að manntjónið af völdum skjálftans geti orðið allt að sjötíu þúsund manns, en nærri 250 þúsund eru sögð hafa slasast.

Kínastjórn sagðist í gær þiggja aðstoð frá útlenskum hjálparstofnunum, einkum varðandi læknishjálp og heilbrigðisþjónustu. Töluverð hætta er á sjúkdómum en stjórn landsins segir nú mesta þörf á tjöldum handa fólki sem missti húsnæði í skjálftanum. - gb



**ÞRIGGJA MÍNÚTNA ÞÖGN** Björgunarfólk í bæum Tashui hætti störfum í þrjár mínútur réttri viku eftir að jarðskjálftinn mikli reið yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Stökktu til
Costa del Sol
22. maí
frá kr. 39.990



*Allra síðustu sætin*

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 22. maí. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu vorsins á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2-4
í herbergi/stúdíó/íbúð í 7 nætur,
m.v. stökktu tilboð.
Aukavika kr. 14.000

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Kristnin komin aftur í frumvörp um skóla

**Starfshættir leik- og grunnskóla eiga að mótast af „kristinni arfleifð íslenskrar menningar", að tillögu menntamálanefndar Alþingis. Frumvörp menntamálaráðherra gerðu ráð fyrir að ekki yrði minnst á kristni í lögum um skólastarf.**

**ALÞINGI** Menntamálanefnd Alþingis gerir þær breytingar á frumvörpum um leikskóla og grunnskóla að starfshættir skulu mótast af „kristinni arfleifð íslenskrar menningar", auk annars.

Í gildandi lögum um leikskóla og grunnskóla er kveðið á um að starfshættir þeirra skulu meðal annars mótast af kristilegu siðgæði. Í frumvörpum menntamálaráðherra er ekki fjallað um kristni en þess í stað um siðferðisvitund, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Rökin fyrir breytingunum á gildandi lögum voru þau að íslenskt samfélag hefði breyst á undanförnum árum. Fjöldi fólks með ólíkan bakgrunn, hefðir og trúarbrögð hefði flutt til landsins. Þá hefði þeim fjölgað sem stæðu utan þjóðkirkjunnar og stunduðu önnur trúarbrögð.

Auk kristinnar arfleifðar eiga starfshættir leik- og grunnskóla að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi, samkvæmt breytingartillögum menntamálanefndar.

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður nefndarinnar, segir breytinguna lagða til þar sem saga og menning og þau gildi sem þjóðfélagið byggi á séu svo samofin kristinni arfleifð samfélagsins að eðlilegt sé að starfshættir leik- og grunnskóla taki mið af því. „Það er mín skoðun að engin ástæða sé til að afneita faðerninu eins og það hefur verið síðustu þúsund árin og það getur ekki skaðað nemendurna eða skólastarfshættir mótist af þessum grundvallaratriðum. Þetta hefur staðið í lögunum og við teljum ástæðu til að það geri það áfram." Sigurður segir breytinguna ekki fela í sér að stunda beri trúboð í skólum og telur hana ekki brjóta á þeim sem ekki eru kristinnar trúar. Önnur gildi starfsháttanna tryggi það auk þess sem stjórnarskráin verji jafnræði borgaranna.



**SKÓLASTARF** Verði breytingartillögur menntamálanefndar á frumvarpi um skólastarf samþykktar munu starfshættir í leik- og grunnskólum mótast af „kristinni arfleifð íslenskrar menningar". FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Sigurður segir skiptar skoðanir um málið innan menntamálanefndar en tveir nefndarmenn, Höskuldur Þórhallsson og Kolbrún Halldórsdóttir, skrifa með fyrirvara undir nefndarálitin sem taka til frumvarpanna í heild. Þá segir hann breytingarnar gerðar með vitund og vilja Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra en frumvörpin voru byggð á starfi sérskipaðra nefnda. björn@frettabladid.is

Fulltrúar Háskóla Íslands, talkennara og talmeinafræðinga ræða framhaldsnám:

# Vilja bregðast við ófremdarástandi

**FÉLAGSMÁL** Talið er að um tíu prósent barna á forskólaaldri eigi við einhvers konar málhömlun að etja sem þarfnist meðhöndlunar talmeinafræðings, að sögn Þóru Másdóttur, verkefnisstjóra Heyrnar- og talmeinastöðvar. Hún segir of fá þessara barna fá þá þjónustu og sé lítil nýliðun og brottfall úr stéttinni aðalástæða þess.

Þóra segir að þrátt fyrir að æ færri fjölskyldur leiti eftir þjónustu talmeinafræðinga, þar sem greiðsluþátttaka hins opinbera hafi orðið þyngri í vöfum eftir að flestir talmeinafræðingar sögðu sig frá gildandi samningi við samninganefnd heilbrigðisráðherra, séu biðlistar eftir þjónustu mjög langir. Komið sé upp ófremdarástand í þessum málum sem verði að bregðast við. „Mjög brýnt er að fá námið í talmeinafræði hingað heim og sterk rök fyrir því hvers vegna námið á heima hér: Talmeinafræðingar sem hér starfa þurfa að hafa góða þekkingu á íslenskri tungu og máltöku íslenskra barna. Talmein eru mismunandi eftir tungumálum. Íslensk talmein eru frábrugðin talmeinum annarra tungumála," segir Þóra. Þá bendir hún á að Háskóli Íslands hafi tekið vel í erindi talmeinafræðinga um að koma þessu námi á fót og starfandi sé undirbúningsnefnd með aðilum frá Háskóla Íslands og fulltrúa Félags talkennara og talmeinafræðinga. Málið strandi þó á að ekki sé til fjármagn fyrir svokölluðu stofnframlagi. „Við reynum þó okkar besta til að vinna í þeim málum því sú staða sem nú ríkir er óviðunandi," segir Þóra. - kdk



**NÖKKVI PÁLL ANDRÉSSON** Nökkvi fæddist með skarð í vör og klofinn góm. Hann er eitt af þeim börnum sem þurfa nauðsynlega á þjónustu talmeinafræðings að halda en hana getur reynst erfitt að fá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


LEGACY
SYMMETRICAL AWD
SUBARU
• ENGIN ÚTBORGUN
• ÖLL ÞJÓNUSTA INNIFALIN
• ÞÚ SKILAR BÍLNUM EFTIR 3 ÁR
REKSTRARLEIGA / EINKALEIGA
39.900
KR. Á MÁNUÐI FYRIR SJÁLFSKIPTAN LEGACY MEÐ ÖLLU!*
GRÍPTU ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI ÞVÍ AÐ VIÐ BJÓÐUM AÐEINS TAKMARKAÐAN FJÖLDA BÍLA Á ÞESSUM KJÖRUM!
Ríkulegur búnaður: Fjórhjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari, 17” álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.
Staðgreiðsluverð fyrir sjálfskiptan Legacy Sedan :
3.150.000 kr.
* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 36 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarks tryggingagjald sem greiða þarf í upphafi er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalið í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.
ENNEMM / SÍA / NM33462
GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!
Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.
Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar
Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521
IH
INGVAR HELGASON




Lithái sem dæmdur var fyrir árás á götuhóp lögreglu:

# Í varðhald fyrir árás í Þverholti

**LÖGREGLUMÁL** Litháískur karlmaður var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag. Hann er grunaður um að hafa tekið þátt, ásamt hópi annarra, í hrottalegri árás á mann í Þverholti aðfaranótt laugardags.

Maðurinn sem ráðist var á í Þverholti höfuðkúpubrotnaði í árásinni, en hann var meðal annars barinn í höfuðið með barefli. Sá er litháískur karlmaður á þrítugsaldri. Hann er sagður á batavegi.

Grunaði árásarmaðurinn var nýverið sakfelldur í héraðsdómi fyrir líkamsárás á lögreglumenn. Hann er úr hópi manna sem réðst gegn götuhópi fíkniefnadeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins í janúar.

Lögregla vinnur enn að rannsókn árásarinnar í Þverholti. Ekki er vitað um tildrög hennar. Hópur manna tók þátt í henni, og er annarra árásarmanna nú leitað, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.



**BÚDDA FÆRÐAR FÓRNIR** Í gær héldu íbúar Búrma hátíðlegan fæðingardag Búdda, sem jafnframt er dagur uppljómunar hans og dánardagur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld í Búrma lýsa yfir þriggja daga þjóðarsorg:

# Þiggja aðstoð frá nágrannalöndum

**BÚRMA, AP** Herforingjastjórnin í Búrma fór í gær að dæmi kínverskra stjórnvalda og lýsti yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna fórnarlamba fellibylsins Nargis, sem reið yfir landið í byrjun mánaðarins.

Jafnframt skýrði George Yeo, utanríkisráðherra Singapúr, frá því að Búrmastjórn hefði fallist á að þiggja hjálp frá nágrannaríkjum sínum. Hjálparstarfsfólki á vegum ASEAN, Samtaka Suðaustur-Asíuríkja, verður leyft að fara inn á neyðarsvæðin til að veita þar brýnustu aðstoð.

Í gær leyfði herforingjastjórnin einnig John Holmes, aðstoðarframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að skreppa í skoðunarferð um óseyrarsvæðin, þar sem ástandið versnar enn dag frá degi.

Úti af ströndum verstu neyðarsvæðanna bíður fjöldi bandarískra, breskra og franskra skipa þess albúinn að veita aðstoð um leið og herforingjastjórnin leyfir.

Vonast er til að Búrmastjórn leyfi í það minnsta fólki á vegum ASEAN að flytja hjálpargögn frá þessum skipum til hinna bágstöddu, sem líklega eru eitthvað á þriðju milljón talsins. Brýn þörf er fyrir húsaskjól, hreint vatn, mat og lyf en mikil hætta er á að smitsjúkdómar brjótist út á svæðunum sem verst urðu úti. - gb




TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HR

MEISTARANÁM

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík (HR) kynnir námsframboð á meistarastigi í

- **tölvunarfræði**
- **hugbúnaðarverkfræði**
- **máltækni**

Farið verður yfir uppbyggingu námsins, forkröfur, námskeiðaval, erlent samstarf og styrkmöguleika. Kennarar námsins verða til staðar til skrafs og ráðagerða.

Deildin er stærsta og öflugasta tölvunarfræðideild landsins og býður upp á fjölmarga möguleika á sérhæfingu, þ.m.t. í tölvuöryggi, hugbúnaðarverkfræði, gagnasafnsfræði, gervigreind, máltækni, og fræðilegri tölvunarfræði.

Námið hentar:

Tölvunarfræðingum, verkfræðingum, stærðfræðingum og öðrum sem áhuga hafa á að bæta menntun sína og samkeppnisstöðu.

Umsóknarfrestur er til 30. maí

Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Danskur ráðherra styður slæðubann:

# Danir klofnir í afstöðunni

**DANMÖRK** Um helmingur Dana styður áform ríkisstjórnarinnar um að banna fólki að bera trúartákn í réttarsölum, samkvæmt skoðanakönnun sem danska dagblaðið Berlingske Tidende birti.

Birthe Rønn Hornbech, ráðherra innflytjendamála í dönsku ríkisstjórninni, sagðist í gær ætla að styðja stjórnina í þessu máli, þrátt fyrir að hún sé í hjarta sínu enn andvíg frumvarpinu um að slæðan og önnur trúartákn verði bönnuð í réttarsal. Hún segir að Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra hafi síðasta orðið í málinu, en hún muni þó áfram ætla að berjast gegn frumvarpinu innan frjálslynda flokksins Venstre, sem er flokkur bæði innflytjendaráðherrans og forsætisráðherrans.



**KÆRLEIKAR Í UPPHAFI** Anders Fogh forsætisráðherra tók vinalega utan um Birthe Rønn þegar hún tók við embætti innflytjendamálaráðherra í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

Málið þykir hið vandræðalegasta fyrir stjórnina, sem missir tiltrú bæði þeirra sem óttast að stefna hennar verði of harkaleg í garð innflytjenda og eins hinna sem telja stjórnina sýna of mikla linkind. - gb




VERÐ 219.900
TILBOÐ
99.900
K9G551AVX
Nardi
Gaseldavél
Stállituð
90 cm
5 gashellur
VERÐ 15.900
TILBOÐ
7.900
MS1937C
LG örbylgjuofn
Hvítur, 800 wött, 19 lítrar
VERÐ 59.900
TILBOÐ
29.900
3VET132X
Edesa
helluborð
Keramik
BRJÁLUÐ TILBOÐ
VERÐ 39.900
TILBOÐ
24.900
FH40GAVX
Nardi
gashelluborð
4 gashellur heildarwött 8000
VERÐ 22.900
TILBOÐ
6.900
1CT130X
Edesa
útdraganlegur
gufugleypir
60 cm breidd, 330m³
VERÐ 144.900
TILBOÐ
139.900
FRSU20DAW
Daewoo Amerískur ísskápur
Hvítur
179 cm hæð 90 cm breidd
VERÐ 87.900
TILBOÐ
54.900
NFR34X
Nardi kæliskápur
Stállitaður
180 cm hæð 60 cm breidd
VERÐ 42.900
TILBOÐ
24.900
FEA0714W
Nardi ofn
4 kerfi blástursofn
VERÐ 144.900
TILBOÐ
62.900
Medusa Isola
Airone
eyjuháfur
90 cm breidd, 1000m³
VERÐ 49.900
TILBOÐ
39.900
1LE-21S
Edesa uppþvottavél
12 manna 5 þvottakerfi
AFSLÆTTI
40%
Pottar
Brjálað úrval af pottum með 40% afslætti
VERÐ 64.900
TILBOÐ
49.900
WD10490TP
LG Þvottavél
7kg 1000 snúning
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
Lífið er gott
LG



**REYKT Í TYRKLANDI** Bann við reykingum tók gildi í Tyrklandi í gær og nær bannið til flestra lokaðra svæða, svo sem leigubifreiða og verslunarmiðstöðva. Á myndinni sést spegilmynd af manni á glugga skreyttum tyrkneska fánanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stjórnarskrárbreyting óþörf fyrir ESB

**Þorvaldur Gylfason prófessor og Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður, mættust í gær í kappræðum um aðild að Evrópusambandinu. Athygli vakti yfirlýsing Þorvaldar um að óþarft væri að breyta stjórnarskránni fyrir inngöngu í ESB.**

**EVRÓPUMÁL** Í kappræðum sem Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands efndi til á Háskólatorgi í gær tókust Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor og Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður og formaður Heimssýnar, samtaka andstæðinga ESB-aðildar Íslands, á um rök með og á móti því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Í því samhengi lýsti Þorvaldur því yfir, að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa ráðfært sig við þá lögfróðu menn sem hann treysti best, að Alþingi hefði að óbreyttri stjórnarskrá nægilega stjórnskipunarlega heimild til að taka ákvörðun um framsal valds á borð við það sem í aðildarsamningum við ESB myndi felast.

Þorvaldur sagði það vera ekkert annað en meinloku að halda því fram, að í 21. grein stjórnarskrárinnar felist ekki næg heimild til að taka slíka ákvörðun. Sú meinloka segir hann felast í túlkun orðalagsins í greininni, en þar segir: „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Þorvaldur vakti athygli á því að með þessu síðasta, „nema samþykki Alþingis komi til“, sem sé alveg hliðstætt ákvæði í 19. grein dönsku stjórnarskrárinnar, sé ljóst að Alþingi hafi vald til að samþykkja að gerðir séu samningar sem feli í sér að Ísland deili fullveldi á vissum sviðum með öðrum ríkjum eins og felast myndi í samningum um aðild að ESB. Þar með sé óþarft að setja inn í stjórnarskrána sérstakt ákvæði um heimild til framsals valds til fjölþjóðastofnana, eins og kveðið er á um í 20. grein dönsku stjórnarskrárinnar og bætt var inn í hana árið 1953. Í þeirri grein er kveðið á um þrengjandi skilyrði fyrir framsali ríkisvalds til fjölþjóðastofnana með því að binda það við samþykki allt að 5/6 meirihluta þings eða þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þessi þrengjandi grein var samt ekki meira þrengjandi en svo að Danir gengu samt í Evrópusambandið eins og kunnugt er,“ sagði Þorvaldur.

„Ég fæ ekki séð að grein, sem sumum finnst vanta í stjórnarskrána, eigi að geta staðið í vegi fyrir því að Íslendingar gangi í Evrópusambandið að óbreyttri stjórnarskrá,“ sagði Þorvaldur. Hann klykkti síðan út með því að segja að krafan um stjórnarskrárbreytingu áður en hægt væri að semja um aðild að ESB væri „runnin undan rifjum þeirra sem vilja trufla, tefja og spilla eins lengi og þeir geta“.

audunn@frettabladid.is



**ÞORVALDUR GYLFASON** „Ég fæ ekki séð að grein, sem sumum finnst vanta í stjórnarskrána, á að geta staðið í vegi fyrir því að Íslendingar gangi í Evrópusambandið að óbreyttri stjórnarskrá.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dauðadæmdur nemandi:

## Var pyntaður til að játa

**AFGANISTAN,AP** Afganskur nemi í blaðamennsku, sem var dæmdur til dauða fyrir að gagnrýna íslam segist hafa játað verknaðinn eftir að hafa verið pyntaður.

Neminn segist saklaus af ákærum um að hafa gagnrýnt hlutskipti kvenna í íslam. Er hann sakaður um að hafa ljáð máls á réttindum kvenna í íslam í fyrirlestrum í háskóla sínum og dreift blaðagrein um málefnið, ásamt því að skrifa sjálfur um það. Mál hins 24 ára Sayeds Parwez Kambakhsh hefur vakið athygli víða um heim síðan hann var handtekinn í fyrra. „Ég er múslimi og ég myndi aldrei skrifa slíka grein,“ sagði hann við réttarhöldin. „Allar þessar ásakanir eru þvættingur. Þessar ásakanir komu frá tveimur prófessorum og öðrum nemum vegna þess að þeim var illa við mig,“ segir hann. - fb

Abbas Palestínuforseti:

## Hótar afsögn náist ekki friður

**JERÚSALEM, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, hefur hótað því að segja af sér nái hann ekki friðarsamkomulagi við Ísraela innan sex mánaða.

„Ég tók ekki við forsetaembættinu eingöngu til að verða forseti heldur til að ná árangri. Ég hef engan áhuga á að halda áfram ef við náum engu samkomulagi um frið,“ sagði Abbas. Palestínumenn hafa lengi kvartað yfir því að friðarviðræðurnar gangi hægt fyrir sig. Bandaríkjaforseti hefur þó heitið því að gera allt sem í hans valdi stendur til að samkomulag náist áður en hann lætur af embætti. - fb

Fjarvistir vegna veikinda:

## Yngstu starfsmennirnir eru oftast veikir

**KÖNNUN „Þetta eru sláandi niðurstöður. Munurinn er þeim yngri og eldri er gríðarlegur og það er sérkennilegt að þeir sem eru eldri og ættu samkvæmt hefðbundnum skilningi að vera við lakari heilsu séu sjaldnar veikir en þeir sem yngri eru,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.**



HANNES G. SIGURÐSSON

**Í niðurstöðum samantektar samtakanna um veikindafjarvistir kemur fram að veikindafjarvistir eru áberandi algengastar hjá yngstu aldurshópunum.**

**Veikindadagar voru að meðaltali fjórtán til fimmtán á síðasta ári í aldurshópnum fimmtán ára til þrítugs. Elstu starfsmennirnir, 65 ára og eldri, voru minnst frá vegna veikinda, eða fjóra til sex daga að meðaltali. Sé litið til allra aldurshópa hefur veikindadögum starfsmanna fjölgað úr 8,3 að meðaltali árið 2006 í 8,8 daga árið 2007. Samkvæmt samantektinni eru algengustu ástæður fjarvista pestir eða flensur.** - kg

DÓMSMÁL

### Fyrirtaka í vinnulaunamáli

Fyrirtaka var í gær í vinnulaunamáli sex fyrrverandi blaðamanna á tímaritinu Krónikunni á hendur útgefandanum Fréttum ehf. Málavextir eru þeir að Fréttir ehf. lögðu niður Krónikuna og neituðu að greiða blaðamönnunum þriggja mánaða uppsagnarfrest. Blaðamennirnir telja hins vegar að þeir hafi átt að fá þriggja mánaða uppsagnarfrest greiddan.







Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

Póst húsið

**FRÉTTASKÝRING:** Peningamál



**LÍTIÐ ÞARF TIL EVRUVÆÐINGAR** Erlendir ferðamenn geta í auknum mæli greitt í evrum eða öðrum gjaldmiðli hér á landi með sérstökum posum sem verið er að taka í notkun. Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar, segir að lítið þurfi til að evruvæða greiðslukerfið í landinu þannig að þjóðin geti nýtt sér evru sem greiðslumiðil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bankarnir gætu gefið út evrukort

**Öll kort sem eru gefin út af íslenskum bönkum eru byggð á krónunni og því greiða Íslendingar sjálfkrafa í íslenskum krónum. Tæknilega séð gætu Íslendingar hins vegar átt viðskipti í evrum innanlands ef bankarnir gæfu út evrukort á Íslendinga eða ef erlendir bankar gæfu út greiðslukort hér á landi. Íslendingar gætu líka sótt um kreditkort erlendis.**

„Öll innlend kreditkort eru byggð á íslenskri krónu. Ef íslenskir bankar gæfu út kort á gjaldeyrisreikninga þá gæti viðkomandi korthafi farið að greiða í evrum eða öðrum gjaldmiðli. En Íslendingar geta líka sótt um kreditkort hjá banka erlendis og greitt þannig í erlendum gjaldmiðli,“ segir Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar.

Fréttablaðið greindi frá því um helgina að ferðaþjónustan væri að taka upp evruposa sem gæfi ferðamönnum kost á að greiða í evrum eða öðrum gjaldmiðli og söluaðilanum þá um leið kost á að fá greitt í erlendri mynt. Jóhannes Ingi segir að lítið þurfi til að evruvæða greiðslukerfið þannig að þjóðin geti nýtt evru sem greiðslumiðil.

„Það þarf bara að taka þá ákvörðun að gefa út evrukort. Ef verslanir taka við evrum þá þarf aðeins að greiða skatta og skyldur til hins opinbera í krónum. Möguleikinn er til staðar og það er ekkert flókið fyrir íslenskan banka að gefa út kort í evrum eða fyrir erlendan banka að gefa út kreditkort á Íslandi,“ segir hann.

Pétur Óskarsson, einn af eigendum ferðaskrifstofunnar Katla-DMI, hefur reynslu af viðskiptum í evrum á Íslandi. „Við reynum að semja við alla birgja í evrum og borgum þeim langflestum í evrum. Við erum íslenskt fyrirtæki og birgjarnir reka íslensk fyrirtæki en við notum ekki krónuna í viðskiptum okkar á milli, bara evru,“ segir Pétur.

Um sjötíu prósent af viðskiptum Kötlu fara fram í evrum. „Við verðleggjum alltaf í evrum og höfum aldrei notað íslenska krónu. Í eina skiptið sem íslensk króna sést er þegar launin eru greidd út einu sinni í mánuði.“

Pétur telur að tveir þriðju innlendrar ferðaþjónustu hafi þegar skipt yfir í evrur. Hann segir að litlu fyrirtækin hafi ekki síður uppgötvað kosti evrunnar, þau fjármagni sínar fjárfestingar í erlendri mynt og spari sér á annan tug prósenta í vaxtakostnað á ári með því að nota evruna. „Við höfum reynt að beina viðskiptum okkar frekar til þeirra sem nota evruna en íslensku krónuna,“ segir hann.

Sigurður Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri SVÞ, bendir á að verslanir hafi lengi verið með innbyggðar gengistöflur í kassakerfi sínu og því getað leyft ferðamönnum að velja með hvaða mynt þeir greiða. Hann telur að fyrirtæki hljóti að íhuga að taka upp nýju posana sem gefa ferðamönnum kost á að greiða í evrum og söluaðilanum að fá greitt í evrum eða öðrum gjaldmiðli.

„Þetta er bara nauðvörn, krónan er handónýt mynt sem gengur hvergi nema á Íslandi,“ segir Sigurður. „Ef menn hafa möguleika á að fá greitt í gjaldeyri þá munu þeir nýta sér það.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir nýju evruposana auka hagkvæmni og draga úr áhættu erlendra ferðamanna sem koma til landsins. „Það er þægilegt fyrir ferðamenn að geta greitt í evrum og vera vissir um að greidd upphæð sé sama tala og kemur á kortayfirlitinu þannig að málið sé uppgert um leið. Íslendingar vilja sjálfsagt í auknum mæli eiga svona viðskipti, það er ekki praktískt enn þá en getur orðið það. Mjög gott er að möguleikinn sé til staðar,“ segir hann.

Vilhjálmur bendir á að krónan sé í auknum mæli í samkeppni við aðra gjaldmiðla. Spurningin sé bara hvort hún sé samkeppnishæf. „Við höfum haldið fram að krónan sé ekki samkeppnishæfur gjaldmiðill. Og það gildir það sama um gjaldmiðla eins og fyrirtæki, það fyrirtæki sem ekki er samkeppnishæft lætur undan síga og sama gerist með gjaldmiðilinn. Þetta er bara liður í því.“



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

# FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA.

**Skoda Octavia 1,9 TDI® - 4,9 lítrar á hundraðið**
Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseiginleikum (einnig fáanlegur með bensínvél). Skoðaðu Skoda Octavia - bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

**Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.**




Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.941 **+1,62%**

**Fjöldi viðskipta:** 292
**Velta:** 2.743 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **EXISTA** | +5,71% |
| **BAKKAVÖR** | +5,57% |
| **SPRON** | +4,12% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC AIRW.** | -3,08% |
| **FL GROUP** | -2,40% |
| **ALFESCA** | -0,44% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,11 +0,00% ... Bakkavör 37,90 +5,57% ... Eimskipafélagið 20,75 +0,73% ... Exista 10,93 +5,71% ... FL Group 6,51 -2,40% ... Glitnir 17,80 +1,43% ... Icelandair Group 20,85 +0,00% ... Kaupþing 800,00 +1,52% ... Landsbankinn 26,10 +0,39% ... Marel 95,10 +1,17% ... SPRON 4,80 +4,12% ... Straumur-Burðarás 11,79 +1,73% ... Teymi 3,48 -0,29% ... Össur 100,00 +3,95%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Lánakjör bankanna batna enn

**CDS-álag á skuldabréf íslensku bankanna hefur lækkað umtalsvert á alþjóðlegum fjármálamörkuðum síðan á föstudag. Þá kynnti Seðlabankinn nýjar lánalínur.**

Skuldatryggingarálag (CDS) á skuldabréfaútgáfu íslenskra banka hefur lækkað einna mest á alþjóðlegum fjármálamörkuðum frá því á föstudag. Þetta þýðir að lánakjör bankanna hafa batnað töluvert, þótt enn séu þau með þeim verstu sem bönkum vestrænna ríkja bjóðast.

Skuldatryggingarálag er gjald sem lagt er ofan á alþjóðlega millibankavexti og er þeim mun hærra eftir því sem meiri áhætta er talin tengjast rekstri viðkomandi banka.

Mest hefur CDS-álagið á bréf Landsbankans lækkað síðan á föstudag, eða um 65 punkta (0,65 prósentustig). Næstmest hefur lækkað álagið á bréf Kaupþings, um 28 punkta og um 26 punkta á bréf Glitnis.

Í gær var álagið að sama skapi minnst á bréf Landsbankans, 185 punktar, 380 punktar á bréf Glitnis og 425 punktar á Kaupþing.

Athygli vekur að kjörin sem Landsbankanum bjóðast í skuldabréfaútgáfu eru því farin að nálgast þau sömu og bjóðast sumum bandarískum stórbönkum og bönkum á Bretlandseyjum.

Álag á skuldabréf breskra banka hefur að sama skapi verið að þokast niður þótt lækkunin sé ekki viðlíka og hjá þeim íslensku. Þannig hefur álag á bréf Anglo Irish Bank lækkað um fimm punkta frá því fyrir helgi og stóð í gær í 150 punktum.

Álag á skuldabréf bandaríska banka hækkaði hins vegar um nokkra punkta frá því á föstudag. Álag á skuldabréf Lehman Brothers jókst um tvo punkta og um þrjá punkta á bréf Merrill-Lynch, en álag á þá banka er rétt undir 160 punktum.

Á föstudaginn kynnti Seðlabanki Íslands opnar lánalínur við seðlabanka Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar upp á alls 1,5 milljarða evra, en samkomulagið hefur ýtt undir traust á íslensku fjármálakerfi.

olikr@markadurinn.is

**SKULDATRYGGINGARÁLAG**

**Þróun CDS-gilda frá því á föstudag:**

| | 16.05 | 20.05 | Lækkun |
|---|---|---|---|
| *Íslenskir bankar* | | | |
| Kaupþing | 453 | 425 | -28 |
| Glitnir | 406 | 380 | -26 |
| Landsbanki | 250 | 185 | -65 |
| *Breskir bankar* | | | |
| HBOS | 88 | 84 | -4 |
| HSBC | 43 | 41 | -2 |
| Anglo Irish | 155 | 150 | -5 |
| Royal Bank of Scotland | 63 | 60 | -3 |
| Bradford and Bingley | 155 | 148 | -8 |
| *Bandarískir bankar* | | | |
| Lehman Brothers | 155 | 157 | 2 |
| Merrill-Lynch | 153 | 156 | 3 |
| Morgan Stanley | 109 | 113 | 4 |
| Citibank | 91 | 91 | 0 |
| JP Morgan | 60 | 62 | 2 |
| Wachovia | 116 | 121 | 5 |
| WA Mutual | 310 | 310 | 0 |

# Moody´s gefur Færeyjabanka einkunn

Færeyja banki varð í byrjun vikunnar fyrstur færeyskra fyrirtækja til að fá lánshæfiseinkunn frá alþjóðlegu matsfyrirtæki. Bankinn fékk hjá matsfyrirtækinu Moody's langtímaeinkunnina A3, skammtímaeinkunnina P-2 og fjárhagslega styrkleikaeinkunn C.

Moody´s segir að eiginfjárstaða bankans sé góð og nefnir sérstaklega góða lausafjárstöðu og að útlánastarfsemin standi vel.

Fram kemur í tilkynningu frá bankanum að það sé ekki sjálfsagt að bankar fái lánshæfiseinkunn og nefnir í því sambandi að einungis níu bankar í Danmörku hafi fengið sömu lánshæfiseinkunn og Færeyja banki. Segir bankinn að vinnan við að fá greininguna hafi tekið í kringum fimm mánuði.

„Færeyja banki er mjög ánægður með að vera fyrsta fyrirtækið í Færeyjum til að fá alþjóðlega lánshæfiseinkunn. Þessi einkunn mun bæta aðgengi okkar að alþjóðlegu lánsfjármagni, en vegna óróa á alþjóðlegum fjármálamarkaði er þetta forsenda fyrir því að við getum aukið vöxt okkar," segir Janus Petersen, forstjóri Færeyja banka, í tilkynningu.

Moody´s gaf færeyska ríkinu einkunnina Aa2 í mars síðastliðnum og sagði í rökstuðningi sínum að þrátt fyrir að efnahagur landsins, sem byggðust að mestu leyti á sjávarútvegi, hefði fjárhagsleg staða ríkissjóðs landsins verið góð síðustu tíu ár.

- as



**Í FÆREYJUM** Moody's hefur metið lánshæfi Föroya banka.


TM Gæðingamót Fáks

TM Gæðingamót Fáks, sem jafnframt er úrtaka fyrir Landsmót 2008, fer fram á félagssvæði Fáks í Víðidal dagana 29. maí -1. júní n.k. Skráning á mótið fer fram í dag þriðjudaginn 20. maí í Fáksheimilinu milli kl. 18 og 21, gegn greiðslu skráningargjalda. Einnig er unnt að skrá í síma 567 2166 með því að gefa upp kortanúmer til greiðslu skráningargjalda.

**Starfsfólk TM verður á gæðingamótinu og býður ráðgjöf á einfaldari og víðtækari hestatryggingum TM.**

**Hestatrygging** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is



ÍSLENSKA/SIA.IS/TMI 42435 05/08



Háskólinn á Akureyri

Heimskautaréttur LL.M. / M.A.

MÓTTAKA UMSÓKNA ER HAFIN
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ



Vor í Iullisat, Vestur Grænlandi
Mynd: Níels Einarsson

**Hver á auðlindir Norðurskautsins?**

Heimskautasvæðin hafa verið mikið í sviðsljósinu undanfarin misseri, ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á vöruflutningum um norðurskautssvæðið sem og greiðari aðgangi að miklum náttúruauðlindum. Aðliggjandi lönd hafa þegar gefið í skyn, að þau eigi fullveldistilkall á norðurslóðum, m.a. Rússland, Bandaríkin, Noregur, Kanada og Grænland (Danmörk) sem og frumbyggjar í löndunum á umræddu svæði. Hvaða reglur þjóðaréttarins gilda um svæðið og hvernig má best nota þær til að koma í veg fyrir hugsanleg átök? Hvaða alþjóðasamtök fjalla um málefni heimsskautasvæðanna? Eiga Íslendingar hagsmuna að gæta í þessu samhengi? Hver á yfirráðaréttinn á hinum nýju siglingaleiðum? Hver á réttinn til náttúruauðlindanna? Hvernig verður viðkvæmt umhverfið best verndað? Er hægt að sækja fyrirmyndir í alþjóðlegt samkomulag um suðurskautssvæðið?

Háskólinn á Akureyri er fyrstur háskóla til að bjóða upp á sérstakt nám um lagalegt umhverfi heimskautasvæðanna. Námið er þverfaglegt; fjallað er um viðfangsefnið fyrst og fremst út frá sjónarhorni laga og réttar, en einnig er litið til heimspeki, sagnfræði, mannfræði, samfélagsfræði, alþjóðatengsla og hagþróunarfræði í leitinni að svörum við þessum mikilvægu spurningum.

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Kynntu þér nám við Háskólann á Akureyri
á www.haskolanam.is

# Sparaðu með Miele

**MIELE ÞVOTTAVÉL**
**- fjárfesting sem borgar sig**

**MIELE TILBOÐ NR. 1**

| | |
|---|---|
| Þvottavél W1514 | kr. 124.995 |
| Þurrkari T7634 | kr. 104.995 |
| Parið | kr. 229.990 |
| Vinnustund: | kr. 23.00 |

**MIELE TILBOÐ NR. 2**

| | |
|---|---|
| Þvottavél W1514 | kr. 124.995 |
| Þurrkari T7644C | kr. 114.995 |
| Parið | kr. 239.990 |
| Vinnustund: | kr. 24.00 |

**MIELE TILBOÐ NR. 3**

| | |
|---|---|
| Þvottavél W1714 | kr. 139.995 |
| Þurrkari T7634 | kr. 104.995 |
| Parið | kr. 244.990 |
| Vinnustund: | kr. 24.50 |

**MIELE TILBOÐ NR. 4**

| | |
|---|---|
| Þvottavél W1714 | kr. 139.995 |
| Þurrkari T7644C | kr. 114.995 |
| Parið | kr. 254.990 |
| Vinnustund: | kr. 25.50 |

**Miele - líklega endingarbesta og ódýrasta parið**

**Í upphafi skal endinn skoða**




**Miele**

# Hreinn sparnaður




Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppnisaðilar A prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar B prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**

vilborga@centrum.is

**DÆMI FRÁ MIELE:**
Þvottavél og þurrkari með þétti
kr. 239.990/10.000 vinnustundir
= kr. 24,00 hver vinnustund.

**DÆMI FRÁ SAMKEPPNISAÐILA:**
Þvottavél og þurrkari
kr. 189.000/6.000 vinnustundir
= kr. 32,50 hver vinnusund.

Ef valin er Miele þvottavél með tromlu sem hefur vaxkökumynstur (Miele tilboð 3 og 4) má reikna með viðbótarsparnaði sem gæti auðveldlega greitt upp verð þvottavélarinnar á 10 til 12 árum, með betri meðferð á þvottinum. Einkaleyfi Miele.

Sjálfvirkur skynjari stillir þvottakerfin þegar þveginn er lítið óhreinn þvottur sem tryggir umtalsverðan tíma- og orkusparnað.

Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd í Þýskalandi.

Miele þvottavélar og þurrkarar hafa íslenskt stjórnborð og þeim fylgir íslenskur leiðavísir.

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Allt að 80% fjármögnun




Kauptu notaðan bíl
hjá Brimborg í dag

# Allur v
# skattu

Opið í dag
frá kl. 9 til 18

í dag
í dag
í dag

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# í dag

## Brimborg afnemur ígildi vasksins af öllum notuðum bílum til klukkan 18

# irðisauka-rinn burt

## Allt að 80% fjármögnun

Brimborg afnemur ígildi virðisaukaskattsins af öllum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði.

**Komdu í kaffi og kleinur**

*Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.*

*Komdu í Brimborg*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Framboð fíkniefna verður ekki hamið.

## Kenna, ekki banna

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Faraldur er orðið sem Sigurður Örn Hektorsson geðlæknir á Landspítala notar um hraða fjölgun sprautufíkla á Íslandi. Í Fréttablaðinu um helgina var sagt frá því að hér væru nú um 700 virkir sprautufíklar og að í þann hóp bættust 70 til 110 manns á ári. Flestra þessara manna og kvenna bíður algjört niðurbrot á líkama og sál. Sjaldgæfar, illvígar blóðsýkingar, lifrarbólga og geðsjúkdómar eru örlög margra sem svala fíkninni með því að sprauta sig í æð.

Það kostar stórfé fyrir samfélagið að meðhöndla fíklana, og álagið á heilbrigðiskerfið vegna þeirra fer stigvaxandi. Margfalt stærri fórn er þó sú háa dánartíðni sem neyslan hefur í för með sér, en mannfallið er mest meðal ungs fólks. „Það er mjög átakanlegt að horfa upp á þetta fólk, sem ætti að eiga framtíðina fyrir sér, láta lífið eða glíma við króníska sjúkdóma af völdum fíkniefnaneyslu," sagði Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans, í grein Fréttablaðsins.

Þessi þróun, fjölgun sprautufíkla, hefur átt sér stað á sama tíma og dómar yfir innflytjendum ólöglegra fíkniefna hafa snarþyngst og lögregla og tollgæsla hert mjög baráttuna gegn smygli og dreifingu efnanna.

Hvaða lærdóm helstan skyldu yfirvöld draga af árangrinum af þessari baráttuaðferð gegn fíkninni? Jú, að fangelsa ennþá fleiri fíkniefnasala og kosta enn meiru til eftirlits við hafnir og flugvelli. Þetta er eins og að halda áfram að berja höfðinu við steininn þótt hausverkurinn sé orðinn algjörlega óbærilegur.

Og þessu er haldið áfram þrátt fyrir að það liggi fyrir að ólöglegu fíkniefnin eru aðeins hluti vandans. Stór hluti sprautufíklanna misnotar lyf sem eru keypt í apótekum landsins. Þannig var contalgin, sem fæst aðeins gegn lyfseðli læknis, í öðru sæti á eftir amfetamíni á lista yfir þau efni sem algengast var að fíklarnir misnotuðu samkvæmt rannsókn sem var gerð á tímabilinu 2003 til 2007.

Svipaða sögu má sjá víða um heim. Lögleg lyf til að meðhöndla verki, þunglyndi, svefnleysi eða aðra kvilla eru misnotuð í sívaxandi mæli og dauðsföll af þeirra völdum eru síst færri en vegna ólöglegra fíkniefna.

Það sorglega er að sú ofuráhersla sem hefur verið lögð á að stöðva útbreiðslu ólöglegu efnanna þýðir að yfirvöld standa víðast hvar hálf máttvana gagnvart misnotkun efnanna úr lyfjabúðunum. Stjórnmálamenn, þeir sem marka stefnuna og deila út fjármagni til að fylgja henni, geta ekki slegið um sig með ódýrum frösum um sölumenn dauðans þegar lyfið kemur úr baðskáp heimilisins.

Hvaðan efnin koma er sem sagt ekki lykilatriðið í þessari baráttu. Langt leiddur fíkill, hvort sem það er á contalgin, amfetamín eða áfengi, lætur ekkert stöðva sig í leitinni að vímunni.

Tilraunir til að þurrka upp framboðið eru engin lausn. Það hefur saga baráttu síðustu áratuga gegn fíkniefnunum kennt okkur svo ekki verður um villst. Baráttan gegn hinu löglega fíkniefni tóbaki sýnir okkur á hinn bóginn hversu miklum árangri er hægt að ná með ágengri og stöðugri kennslu. Sígarettur fást alls staðar, en engu að síður fækkar ár frá ári í hópi reykingafólks.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ályktun í salti**
Samband ungra sjálfstæðismanna sendi frá sér ályktun í september í fyrra þar sem fram kom að tímabært væri að taka til „alvarlegrar skoðunar" kosti og galla þess fyrir Ísland að halda úti eigin mynt. Kanna þyrfti fordómalaust hvort íslenska krónan væri orðin viðskiptahindrun. Þá var áhrifamáttur peningamálastefnu Seðlabankans dreginn í efa. Þórlindur Kjartansson, formaður SUS, sagði af þessu tilefni að hann byggist við jákvæðum undirtektum í þingliði Sjálfstæðisflokksins. Skemmst er frá því að segja að enn hefur ekki verið ráðist í endurskoðun á krónunni – og eftirfylgni ungra sjálfstæðismanna ekki farið hátt.



**Nýr oddviti – gömul mynd**
Frjálslyndi flokkurinn á Akranesi heldur úti heimasíðu á léninu heimaskagi.is en ljóst er að henni þarf að breyta. Þegar farið er á vefinn blasir við efst í hægra horni mynd af þeim Karen Jónsdóttur og Magnúsi Þór Hafsteinssyni, skælbrosandi. Myndin var tekin fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, en Karen og Magnús skipuðu tvö efstu sætin á lista flokksins í bæjarfélaginu. Í ljósi síðustu fregna er ólíklegt að brosið væri jafn breitt ef skötuhjúin sætu saman fyrir á mynd í dag.



**Þáttaskil**
Hugsanleg tímamót urðu í íslenskri sjónvarpssögu á sunnudagskvöld þegar fyrrverandi hjón mættu hvort í sitt drottningarviðtalið hjá konungi og drottningu drottningarviðtalanna á sama tíma. Jón Ársæll Þórðarson spjallaði við Jakob Frímann Magnússon í Sjálfstæðu fólki en á meðan drakk fyrrverandi kona hans, Ragnhildur Gísladóttir, te hjá Evu Maríu Jónsdóttur í Sjónvarpinu. Eftir því sem best er vitað hefur þetta ekki gerst áður. Jakob og Ragnhildur töluðu reyndar lítið um hvort annað en hins vegar kom dóttir þeirra, Bryndís, við sögu í báðum þáttum.

bergsteinn@frettabladid.is

## Til hvers einkaframkvæmd?



**SVERRIR JAKOBSSON**
**Í DAG** | Heilbrigðisþjónusta

Um árabil hafa einkaaðilar veitt sjúklingum þjónustu af ýmsum toga, en almannatryggingar greiða kostnaðinn að sínum hluta. Heilsugæslustöðvar á vegum hins opinbera og læknamiðstöðvar á vegum lækna virðast hafa rekist ágætlega saman en lítið hefur verið um rannsóknir á kostnaði þessara tveggja rekstrarforma. Núna stendur til að auka verulega einkaframkvæmdir í heilbrigðiskerfinu og er það gert í nafni hagræðingar og þeirrar kreddu að einkaframkvæmd sé töfralausn til að veita sömu þjónustu með ódýrari hætti.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa átt greiðan aðgang að fjölmiðlum til að útbreiða þetta fagnaðarerindi en varla er hægt að segja að þeir hafi nýtt tækifærið til að tala skýrt. Málflutningur þeirra byggir fremur á kredduhugsun heldur en rannsóknum á reynslu annarra þjóða – enda segir hún aðra sögu. Þegar opnað er fyrir einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er nefnilega erfitt að segja A án þess að segja B líka og jafnvel C og D. Sænskur sérfræðingur í heilbrigðismálum, Göran Dahlgren að nafni, ritaði um þetta bók sem hefur verið gefin út á íslensku (Opinber eða einkarekin heilbrigðisþjónusta? Reykjavík 2005). Þar lýsir hann því hvernig einkarekstri er komið á í heilbrigðiskerfinu í nokkrum markvissum skrefum. Byggir hann þar á reynslu frá Svíþjóð og fleiri löndum.

**Fimm skref einkavæðingar**
Fyrsta skrefið er að stofnuð eru fyrirtæki á markaði sem taka að sér þjónustu sem greidd er af opinberu fé. Litið er á þessa þjónustu sem minni háttar viðbót við hina opinbera heilbrigðisþjónustu sem áfram er ríkjandi. Síðan er reynt að koma á samkeppni í kerfinu, einkum á milli mismunandi þjónustuaðila innan opinbera kerfisins. Í framhaldinu kemst á samkeppni opinberra og einkarekinna aðila á sviði heilbrigðisþjónustunnar. Hagsmunaaðilar á markaði eru ánægðir, enda hin opinbera heilbrigðisþjónusta í þeirra augum fyrst og fremst þröskuldur í vegi fyrir myndun arðbærs markaðar sem væri fjármagnaður af almannafé. Þriðja skrefið einkennist af því markaðsfyrirtæki – sem náð hafa auknum hlut þeirrar heilbrigðisþjónustu sem er fjármögnuð af opinberu fé – halda því fram að opinberir rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu njóti forréttinda á markaði þar sem starfsemin sé bæði fjármögnuð og rekin af sama aðila. Aðeins sé hægt að ná fram raunverulegri samkeppni ef einungis einkafyrirtæki fá að keppa um að reka heilbrigðisþjónustu sem fjármögnuð er af opinberu fé.

Fjórða skrefið er að einkaaðilar sem tekið hafa að sér rekstur heilbrigðisþjónustu fyrir opinbert fé vilja opna dyr fyrir sjúklingum sem greiði sjálfir fyrir þjónustuna. Annars eru þenslumöguleikar starfseminnar afar takmarkaðir. Fimmta skrefið er að auka smátt og smátt hlut einkafjármagnaðrar heilbrigðisþjónustu uns allt heilbrigðiskerfið sem byggt hefur verið upp fyrir opinbert fé er opið sjúklingum með eigin sjúkratryggingar. Stækkunarmöguleikar einkafjármagnaðrar heilbrigðisþjónustu velta nefnilega alfarið á því hversu góða þjónustu er unnt að veita á vegum hins opinbera. Ef biðtímar lengjast eða önnur vandamál koma upp þá er bent á kosti sem bjóðast fyrir einkafjármagn og að veita þeim forgang sem vilja og geta greitt fyrir þjónustuna. Fjársterkir þjóðfélagshópar fara að líta á keyptar sjúkratryggingar sem betri lausn en sameiginlega þjónustu sem fjármögnuð er með sköttum.

**Niðurstaðan: Tvöfalt kerfi**
Í kjölfarið eykst þrýstingur á skattalækkanir. Hvers vegna ættu þeir sem kaupa sínar eigin tryggingar að borga tvöfalt? Þá er dregið úr fjárframlögum hins opinbera til heilbrigðisþjónustunnar. Lokaniðurstaðan er sú að heilbrigðisþjónusta hættir að vera sameiginleg öllum heldur verður hún markaður þar sem sumir fá betri kjör en aðrir.

Núverandi ríkisstjórn hefur mikil tækifæri til að keyra í gegn breytingar á heilbrigðisþjónustunni í krafti þingmeirihluta. Hins vegar er tæplega meirihlutavilji fyrir því meðal þjóðarinnar. Í könnun meðal Íslendinga á aldrinum 18-75 ára sem fram fór haustið 2006 (Morgunblaðið 23. mars 2007) taldi mikill meirihluti svarenda að það ætti fyrst og fremst að vera verkefni hins opinbera að reka heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Þegar spurt var um fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar vildi yfirgnæfandi meirihluti að hið opinbera legði meira fé til heilbrigðisþjónustunnar, en einungis 13% vildu að sjúklingar legðu meira fé af mörkum. Með þeim skrefum sem ríkisstjórn hyggst stíga er ætlunin að fara aðra braut en þá sem ætla má að njóti yfirburðastuðnings almennings og af þeim ástæðum er umræða ráðamanna afar þokukennd og forðast að segja sem fæst um hvað raunverulega standi til.

## Áfram öflugur Íbúðalánasjóður

**UMRÆÐAN**
Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um Íbúðalánasjóð



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Ýmsir hafa á undanförnum dögum reynt að vekja upp ótta og villa um fyrir almenningi vegna fyrirætlana um breytingar á Íbúðalánasjóði.

Staðreyndin er sú að boðaðar breytingar á Íbúðalánasjóði fela einungis í sér aðskilnað milli almennra lánveitinga og félagslegra lánveitinga, en krafa um slíkt hefur verið yfirvofandi af hendi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um allnokkurt skeið og á ekki að koma neinum á óvart. Sú breyting lýtur að því að jafna samkeppnisskilyrði á húsnæðismarkaði og bregðast við því að ríkisábyrgð á almennum lánveitingum gangi gegn ríkisábyrgðarákvæðum ESA. Þrátt fyrir þennan aðskilnað mun Íbúðalánasjóður halda áfram almennum lánveitingum, án ríkisábyrgðar, og hér eftir sem hingað til þjóna öllum landsmönnum, hvar sem þeir búa á landinu.

Hræðsluáróður og fullyrðingar um að breytingarnar hafi slæm áhrif, sérstaklega fyrir landsbyggðina, eru því beinlínis rangar.

Samhliða breytingunum gefst tækifæri til að styrkja verulega félagslega hluta sjóðsins eins og ég hef boðað. Slíkar félagslegar áherslur munu nýtast þeim sem verr standa á húsnæðismarkaði, fyrstu íbúðarkaupendum og tekjulágum. Þær breytingar ásamt skipulagsbreytingum Íbúðalánasjóðs þarf hins vegar að undirbúa vel og þær þurfa að vera rétt tímasettar.

Áfram verður því til öflugur Íbúðalánasjóður. Hann mun áfram veita heildstæða þjónustu fyrir alla landsmenn og ekki er ætlunin að skilja hann eftir eingöngu með félagslegar lánveitingar. Það hefur sýnt sig að undanförnu að full þörf er fyrir öflugan Íbúðalánasjóð, samfélagslegt öryggisnet í húsnæðismálum og um slíkan sjóð mun ég standa vörð.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*

### LEIÐRÉTTING

Katrín Jakobsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, var rangfeðruð í myndatexta greinar hennar í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á þessu.

**Sumarblóm** fer að verða tímabært að gróðursetja í garðinn. Blómlegt og fagurt umhverfi er gott fyrir heilsuna og hvar er betra að slaka á en í fallegum og friðsælum garði sem prýddur er dýrindis gróðri? Ef fólk er ekki svo heppið að eiga garð má alltaf fá sér göngutúr í grasagarðinum í Laugardal, sem er allur að lifna við um þessar mundir.



**Sjóvá** kvennahlaup ÍSÍ mun fara fram í nítjánda sinn laugardaginn 7. júní í samstarfi við Lýðheilsustöð og er því kjörið að byrja að þjálfa sig og fara út að skokka. Bolurinn í ár er fjólublár og er þema ársins „Heilbrigt hugarfar, hraustar konur“. Allar konur geta tekið þátt á sínum forsendum, óháð aldri og líkamlegri getu.



**Vatn** er lífsnauðsynlegt og hollasti svaladrykkurinn. Það hentar vel á milli mála og skemmir ekki tennur og er því gott að hafa ætíð vatn við höndina.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

21. maí kl. 19:00 - 21:00
Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

28. maí kl. 19:00-22:00
Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

07. júní kl. 10:30 -11:30
Opin hláturjógatími
Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari

Ný sending



Full búð af nýjum og litríkum sumarfötum.

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737 opið mánudag til föstudag 10-18 laugardag 10-16

HÚSGAGNA LAGERSALA

Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu

FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.

www.patti.is

Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur

Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510




Hildur Björg Jónasdóttir tekur daginn snemma og hjólar í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fékk nýtt fjallahjól

***Í góða veðrinu má sjá hjólreiðafólk á ferðinni um allan bæ. Hildur Björg Jónasdóttir hjólar í vinnuna á nýju hjóli.***

„Þetta kom aðallega til út af því að ég fékk nýtt hjól í afmælisgjöf um daginn,“ útskýrir Hildur Björg, viðskiptafræðingur hjá prentsmiðjunni Odda, en hún hjólar tugi kílómetra á viku.

„Til að byrja með hef ég bara verið að hjóla á kvöldin, þá svona tíu til fimmtán kílómetra. En nú fer ég að hjóla alla daga vikunnar. Ég tek þátt í átakinu Hjólað í vinnuna og við erum nokkur sem hjólum saman.“

Hildur Björg þarf að hjóla dágóðan spöl í vinnuna frá heimili sínu en hún býr niðri við Reykjavíkurtjörn og vinnur uppi á Höfða. Hún þarf því að taka daginn snemma.

„Fyrsta daginn sem ég hjólaði í vinnuna og til baka hjólaði ég nítján kílómetra. Ég vaknaði klukkan rúmlega sex til að geta verið komin út fyrir hálf átta en ég er rétt rúman hálftíma að hjóla í vinnuna. Venjulega hef ég leyft mér að sofa til hálf átta,“ segir Hildur Björg hlæjandi.

Hjólreiðarnar segist hún stunda sér til almennrar heilsubótar og ætlar að hjóla úti í allt sumar. Henni leiðist að hanga inni í góða veðrinu og vill frekar nota tímann úti.

„Ég ætla að hjóla áfram svo lengi sem það rignir ekki mikið því mér leiðist að hanga inni í óloftinu á líkamsræktarstöðvum. Hef reyndar stundum farið í skvass yfir veturinn en er meira fyrir að fara á skíði.“

Samhliða hjólreiðunum segist Hildur Björg hugsa aðeins um mataræðið en á sér þó veikan blett þegar kemur að sælgæti.

„Ég reyni að borða hollt en ég er líka mikil súkkulaðiæta. Ég reyni bara að bæta það upp með því að vera dugleg að hjóla.“

*heida@frettabladid.is*


MAÍ
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í maí 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
HjartaHeill



SUBWAY í fínu formi

**Vatnsbrúsa** er gott að hafa alltaf með sér í hjóla- og gönguferðirnar í sumar. Miðað er við að drekka um átta glös af vatni á dag.




**Betri heilsa**
**Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?**
svæðanudd gæti hjálpað þér

***Ásta svæðanuddari***
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367













# Lífsins dekur og vellíðan

***Flestir hafa heyrt um spa, en fæstir vita hvað í orðinu felst.***

„Spa er upplifun, dekur og vellíðan sem tengist vatni, og í spa-meðferð gleymir fólk stund og stað í innri ró og slökun,“ segir Gríma E. Ársælsdóttir, snyrtifræðingur, spa-þerapisti og eigandi heildsölunnar Mandala, sem er umboðsaðili ítölsku hágæðavörunnar Comfort Zone sem hlotið hefur verðlaun sem besta spa-vörulína Evrópu.

„Með spa er leitast við að örva öll skynfæri mannsins; snertingu, sjón, heyrn, bragð og lykt. Fræðin eru ævaforn og margslungin og ég er fyrsti Íslendingurinn sem lært hefur spa-þerapíu, en þess má geta að Aqua Spa á Akureyri hefur hlotið þjálfun hjá mér og var nýlega valið flaggskip Comfort Zone á Íslandi,“ segir Gríma sem síðastliðin þrjú ár hefur lagt stund á spa-þerapíu á Ítalíu.

„Í náminu er kennt hvernig við beitum röddinni, opnum dyr, tökum á móti fólki og hvaða ilm, birtu, hljóð og tónlist við notum við þær aðstæður, því allt smýgur það í undirmeðvitund viðskiptavinarins sem með fyrstu hughrifum myndar sér skoðanir og væntingar á þeirri upplifun sem koma skal. Fætur eru þvegnir með blómasápum í stórum leirskálum áður en lagst er, nuddaðir með ilmolíum og mikið snertir því þeir geyma orkupunkta sem valda mikilli vellíðan,“ segir Gríma en sem yfirþjálfari Comfort Zone á Íslandi rekur hún kennslusetur sem snyrtifræðingar, nuddarar, sjúkra- og íþróttaþjálfarar nýta sér.

„Spa er fyrir alla og orðinn lífsstíll hjá mörgum að fara vikulega í spa-meðferð; hvort sem það er að láta bursta sig upp úr kókoshnetu, skrúbba húðina með salti, bera á hana góðar olíur og slaka vel á. Slíkt er endurnýjandi og veitir andlega og líkamlega slökun. Við leggjum heita steina á maga eða í lófa viðskiptavinarins ef hann er orkulaus eða þreyttur, og fólki finnst þetta ógleymanlegt og vill meira,“ segir Gríma, sem á dögunum kom heim með það allra nýjasta úr spa-fræðum í farteskinu; spa í flugvélum.

„Comfort Zone er í fararbroddi í spa-meðferðum á fimm stjörnu lúxushótelum í 50 löndum og gerði nýlega samning við EOS-flugfélagið og skemmtiferðaskip P&P Cruiseship um þjálfun spa-þerapista um borð. Flug er oft erfitt og gott að nýta tímann í flugi til spadekurs, en eftir leir á axlir, sogæðanudd á fótum og handsnyrtingu er fólk tilbúið að fara á mikilvæga fundi í útlöndum. Fólk um allan heim leyfir sér þetta og í mörgum þotum eru hægindastólar, nuddbekkir og hægt að panta spa-þerapista um borð,“ segir Gríma sem árlega er kvödd í símenntun víðs vegar um heiminn, þar sem farið er yfir áður lærð spa-fræði og tileinkað sér það nýjasta í faginu.



Gríma E. Ársælsdóttir snyrtifræðingur er fyrst Íslendinga til að læra spa, en fræðin eru flókin og aldagömul.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Steinanudd er meðal úrvals nuddaðferða í spa-meðferðum, en einnig notað í almennri slökun og við endurnýjun orku.

„Við lærum meðal annars ævagamlar aðferðir frá Indlandi, Mið-Austurlöndum og Miðjarðarhafi, eins og hvernig konur nudduðu araba eftir margra daga úlfaldareið í eyðimörkinni, og þá hafði hver ættflokkur sína siði og aðferðir. Með indversku nuddi er til dæmis líkt eftir sandölum, slöngum, fílasporum og léttu sandfoki, og notaðar sérstakar ilmolíur til að skapa réttu stemninguna. Einnig er farið yfir hvað mismunandi heimshlutar kljást við í spa-meðferðum, en sem dæmi má nefna að evrópskar konur sem gjarnan klæðast flegnu og ganga um topplausar á sólarströndum eru spéhræddar við brjóstanudd, á meðan konur í þeim hlutum heimsins sem þurfa að hylja hár sitt og líkama þykir slíkt sjálfsagt, en þar þykir brjóstanudd mjög mikilvægt á meðgöngu og eftir barnsburð,“ segir Gríma sem vonast til að sérstök spa-braut verði sem fyrst sett á laggirnar í snyrtifræðinámi Íslendinga.

„Nemendur leitast eftir að komast á nemasamninga hjá Comfort Zone ytra til að læra fræðin, en vitaskuld þarf að mennta fólk hér heima til að anna eftirspurn því þótt við bjóðum upp á spa hér og þar, þurfum við einnig að hafa á þeim stöðum fólk sem kann að veita þá þjónustu.“

*thordis@frettabladid.is*








D-vítamín getur reynst vel í baráttunni við brjóstakrabbamein.

# D-vítamín gegn krabba

***Geislar sólarinnar eru vissulega hættulegir en þeir hafa þó sína kosti.***

Konur sem þjást af brjóstakrabbameini og mælast með lítið magn D-vítamíns í líkamanum eru líklegri til að látast úr sjúkdómnum en þær konur sem fá nóg D-vítamín. Þetta leiðir nýleg bandarísk rannsókn í ljós.

Niðurstöðurnar styrkja fyrri kenningar um að sólarvítamínið kunni að reynast vel í baráttunni við krabbamein en lengi hefur því verið haldið fram að D-vítamín kunni að hafa fyrirbyggjandi áhrif.

Niðurstöðurnar gefa þó ekki tilefni til aukinna sólbaða. Hins vegar er öllum holt að láta sólina skína á sig annað slagið, að sjálfsögðu með sólarvörn þó.

*- þo*

lh hestar
ÍÞRÓTT ● MENNING ● LÍFSSTÍLL



Berglind Ágústsdóttir
**ræktaði hæst dæmda íslenska stóðhestinn**
**BLS. 6**

**ÞRIÐJUDAGUR 20. MAÍ 2008**

# Gæðingum á LM fjölgar

Nú liggja fyrir félagatöl hestamannafélaganna fyrir árið 2008. Fjöldi þátttakenda frá hverju félagi á LM2008 miðast við þau. Töluverð fjölgun hefur orðið í félögunum og þar með fjöldi hrossa sem þau hafa rétt til að senda til þátttöku. Á LM2006 voru 112 í hverjum flokki en á LM2008 eiga 119 þátttökurétt. Alls sendu félögin 100 hross í hvern flokk á LM2006. Hægt er að fá nánari upplýsingar á www.lhhestar.is.



**Viðar Ingólfsson á gæðingnum Tuma frá Stóra-Hofi.** MYND/JENS EINARSSON

# Stefnir í gott ár hjá Viðari

Viðar Ingólfsson varð sigurvegari í Meistaradeild VÍS eftir tvísýna baráttu við Sigurð Sigurðarson. Aðal keppnishestur Viðars, Tumi frá Stóra-Hofi, halaði inn flest stigin fyrir knapa sinn. Enginn hestur hefur unnið jafn mörg stig í deildinni frá upphafi. Tumi bætti síðan um betur þegar þeir félagar urðu efstir í tölti á Reykjavíkurmeistaramóti Fáks um hvítasunnuna. Viðar er fjölhæfur knapi. Hann er í fremstu röð í 150 metra skeiði og 100 metra fljúgandi skeiði á Hreimi frá Barkarstöðum. Á kynbótasýningu í Víðidal sýndi hann stóðhestinn Takt frá Tjarnarlandi, sem fékk 8,57 fyrir hæfileika, þar af 9,5 fyrir tölt og brokk. Viðar og Taktur unnu B-flokk gæðinga á FM07 í fyrra.



**Mikið raspaðar framtennur í hesti.** MYND/HANNES SIGURJÓNSSON

# Röspum ekki vandann burt

Íslenskir dýralæknar og hestamenn hafa í áratugi raspað tennur í hestum að óþörfu, í versta falli til skaða. Særindi í munni reiðhesta eru yfirleitt af öðrum orsökum. Of mikil röspun getur valdið tannskemmdum og tannpínu. Þetta segir sænski tannlæknirinn Torbjörn Lundström, sem er sérfræðingur í tönnum hesta.

*Sjá frétt á blaðsíðu 4.*



**Ágústínus frá Melaleiti. Knapi Agnar Þór Magnússon.** MYND/JENS EINARSSON

# Ágústínus inn á sviðið með gusti

**Stóðhesturinn Ágústínus frá Melaleiti kom með gusti inn í aðdraganda Landsmóts 2008. Hann fékk 8,61 í aðaleinkunn á héraðssýningu kynbótahrossa í Víðidal í síðustu viku.**

Ágústínus er þar með kominn í hóp hæst dæmdu íslenskra stóðhesta í heimi. Hann fékk 8,93 fyrir hæfileika, þar af 9,5 fyrir brokk og vilja, og 9,0 fyrir skeið og stökk. Einkunn fyrir sköpulag er líka góð, 8,13. Ekki er vitað hvort Ágústínus er nefndur í höfuðið á heilögum Ágústínusi biskupi frá Hippo. En það er öruggt að hann er undan hinum fræga Kolfinni frá Kjarnholtum 1, sem var einhver mesti garpur í röðum stóðhesta hvað gangrými og skörungsskap varðar. Sonurinn gefur föðurnum lítið eftir og verður sennilega enn þá betri með meiri þjálfun og þroska. Knapi og þjálfari Ágústínusar er Agnar Þór Magnússon en ræktandi er Vilhjálmur Svansson.

**TUTTUGU INN Á LM2008**

Fleiri góð kynbótahross komu fram í Víðidal og gáfu tóninn fyrir LM2008. Tvær dætur Hugins frá Haga vöktu mikla athygli, þær Gletta frá Þjóðólfshaga og Mýkt frá Seljabrekku. Gullfallegar og flinkar hryssur. Afkvæmi Gára frá Auðsholtshjáleigu koma líka vel fyrir og líklegt að hann blandi sér í baráttu stóðhesta með fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi. Tuttugu kynbótahross á sýningunni náðu lágmörkum inn á LM2008, átta stóðhestar og tólf hryssur. Á næstu vikum fara fram kynbótasýningar víða um land, þær stærstu á Gaddstaðaflötum, Hafnarfirði og í Kópavogi.

# Pattstaða á Ísafirði

Algjör pattstaða virðist komin upp í máli Hendingar og Ísafjarðarbæjar um kaup bæjarins á reiðvelli félagsins við Búðartún. Hestamenn fengu lögreglu til að stoppa framkvæmdir Vegagerðarinnar á svæðinu í síðustu viku eftir að bæjaryfirvöld hunsuðu þá ósk þeirra.

„Mér finnst bæjaryfirvöld hunsa okkur,“ segir Marinó Hákonarson, formaður Hendingar á Ísafirði. „Við viljum fá 40 milljónir fyrir reiðvöllinn. Bærinn vill borga 25 milljónir. Það virðist sem þeir hafi bitið í sig þessa tölu og hún sé óhagganleg. Ég reikna með að það verði fengnir dómkvaddir matsmenn til að verðmeta völlinn.“

**ÍSAFJARÐARBÆR TAKI ÞÁTT**

Samkomulag náðist í fyrra milli Hendingar og Ísafjarðarbæjar um uppkaup á hesthúsum félagsmanna á Búðartúni, en svæðið er rétt við munna Bolungarvíkurganga og þarf að víkja. Engar framkvæmdir eru hafnar á nýju svæði félagsins í Engidal.

„Bærinn kom ekkert að uppbyggingu á Búðartúni á sínum tíma,“ segir Marinó. „Hestamenn fjármögnuðu hana sjálfir. Við fengum úthlutað nýju svæði í Engidal eftir snjóflóðin 1995. Þar hefur engin uppbygging átt sér stað, utan tvö reiðgerði. Það eru einfaldlega ekki til peningar. Okkur finnst tími til kominn að bæjaryfirvöld á Ísafirði komi að uppbyggingu íþróttasvæðis fyrir hestamenn eins og flest bæjarfélög landsins hafa gert.“



**Hestamenn taka þátt í hátíðahöldum á Ísafirði.** MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Þrír fá alþjóðleg dómararéttindi

Þrír íslenskir hestaíþróttadómarar fengu alþjóðleg dómararéttindi á dómararáðstefnu FEIF sem var haldin á Hvanneyri 11. til 13. apríl. Alls tóku 48 dómarar þátt í ráðstefnunni, þar af ellefu frá Íslandi. Eftir ráðstefnuna var haldið nýdómarapróf og stóðust þrír íslenskir dómarar prófið: Elísabeth Jansen, Hulda G. Geirsdóttir og Ísólfur Þórisson. Öllum samhæfingarnámskeiðum fyrir íþróttadómara er nú lokið og er hægt að nálgast upplýsingar um þá dómara sem eru virkir árið 2008 á www.lhhestar.is undir tenglinum íþróttadómarar.



**Frá verðlaunaafhendingu á Reykjavíkurmeistaramóti Fáks í hestaíþróttum.** MYND/JENS EINARSSON

# Reykjavíkurmót sligar Fák

Reykjavíkurmeistaramót Fáks í hestaíþróttum er orðið eitt stærsta mót ársins. Mótið hefur verið opið undanfarin ár fyrir alla knapa í félögum innan LH. Þátttaka hefur aukist ár frá ári og nú voru skráningar um 650. Mótið hófst klukkan 16 á miðvikudegi og stóð í fimm og hálfan dag. Dagskrá stóð frá morgni til kvölds. Alls voru dómarar að störfum í 57 klukkustundir. Jón Finnur Hansson, framkvæmdastjóri Fáks, segir ólíklegt að mótið verði haldið með sama sniði aftur. Mestöll vinnan sé sjálfboðaliðastarf. Fólk sé einfaldlega uppgefið eftir þennan slag. Málið verði án efa rætt í stjórn Fáks bráðlega.

# Veislumúlinn á LM2008

Veislumúlinn mun sjá gestum Landsmóts fyrir hollum og góðum mat. Fyrirtækið er gamalgróið í veitingabransanum. Eigendur þess eru Brynjar Eymundsson frá Hornafirði og Jóhannes Stefánsson. Á boðstólum verður allt frá þjóðlegum íslenskum réttum, hollustufæði, nýsmurðum langlokum, skyndibitafæði og stefnt er að því að opna sérstakan A la Carté veitingastað þar sem reiddar verða fram nýgrillaðar steikur og meðlæti.

Ingimar Örn Ingimarsson, matreiðslumaður í Reykjavík, hefur verið ráðinn sérlegur veitingastjóri LM2008. Hann mun vinna að undirbúningi veitingaumhverfis á Landsmóti í samráði við veitingaaðila. Ölgerðin verður aðal drykkjarvörubirgir Landsmóts.

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Stefán P. Jones
sími: 512-5432 GSM 692-1522

**HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:**

VÍS GLITNIR TOYOTA LÍFLAND

# ÁGÆTU HESTAMENN – GLEÐILEGT SUMAR

Fram undan er enn eitt keppnisárið, sennilega það fjölskrúðugasta til þessa. Þegar þessar línur eru festar á blað er nýlokið stærsta íþróttaviðburði ársins, fyrir utan Landsmót, Reykjavíkurmóti Fáks. Mótið var það stærsta til þessa, um sex hundruð skráningar, og stóð í fimm daga. Framkvæmd og skipulag var gott og Fáksmönnum til mikils sóma.

Það segir sig sjálft að það er ekki einfalt að skipuleggja og halda slíkan íþróttaviðburð með sjálfboðavinnu einni saman. Þetta segir okkur að innan hestamannahreyfingarinnar er ennþá til fólk sem er tilbúið að leggja fram vinnu án þess að önnur greiðsla komi fyrir en ánægjan af vel unnu verki. Hverju íþróttafélagi er nauðsynlegt að eiga slíka krafta innan sinna raða til þess að starfið verði lifandi, ánægjulegt og gefandi fyrir félagsmenn.

Landsmót hestamanna eru haldin annað hvert ár. Kostnaður er ærinn og hefur reksturinn til þessa verið í járnum. Launakostnaður fer vaxandi með hverju árinu og stefnir í að aukast enn. Á sama tíma hefur sjálfboðavinna á Landsmótum dregist saman. Áður fyrr voru vinnulaun aðeins brot af rekstrinum.

En er þetta svona alls staðar? Ef horft er til heimsmeistaramótanna, þá byggja þau afkomu sína á ómældri sjálfboðavinnu félagsmanna gestgjafalandsins og annarra sem áhuga hafa á íslenska hestinum. Einhverra hluta vegna hefur okkur ekki tekist að skapa þann anda í tengslum við Landsmótin okkar.

Ekki ætla ég að vanþakka það óeigingjarna starf sem fjölmargir hestaáhugamenn hafa innt af hendi á undanförnum Landsmótum. Það væri ósanngjarnt. En ég vil hvetja alla þá, sem enn þá hafa gaman af að taka þátt í félagsstarfi – án þess að full laun komi fyrir – að hafa samband við þá sem stjórna starfsmannamálum á Landsmóti og bjóða fram krafta sína. Og njóta svo vel unninna verka að loknu vel heppnuðu móti. Lifið heil!



**Einar Ragnarsson, stjórnarmaður í LH.**

# Knapar óskast á Norðurlandamót 2008

Norðurlandamót í hestaíþróttum verður haldið dagana 4. til 10. ágúst í Seljord í Noregi. Ekki er búið að velja knapa í landslið Íslands. Áhugasamir geta sótt um.

Seljord er í Telemark í fallegum dal þar sem aðstæður eru góðar og keppnissvæðið mjög skemmtilegt. Þar var haldið heimsmeistaramót árið 1997. Einar Öder Magnússon verður liðsstjóri landsliðsins og sér hann um að velja keppendur. Keppt verður í öllum hefðbundnum greinum hestaíþrótta í aldursflokkunum 13 til 15 ára (15 ára á árinu), 16 til 21 árs (21 árs á árinu), og fullorðinsflokki (22 ára og eldri).

Þeir sem hafa áhuga á að keppa fyrir Íslands hönd á NM2008 eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn. Í umsókninni þarf að koma fram: Nafn, heimilisfang, sími, aldur og netfang. Einnig þarf að koma fram keppnisreynsla og árangur. Gott er ef knapar geta útvegað sér hest, en að öðrum kosti verður aðstoðað við það. Umsóknum þarf að skila inn til LH fyrir 20. maí, bréflega, með tölvupósti á lhsolla@isi.is eða á fax 514-4031. Nánari upplýsingar í síma 514-4030.



**Norski landsliðsknapinn Stian Pedersen á Jarli frá Miðkrika.** MYND/JENS EINARSSON



**Sörlafélagar í hestaferð.** MYND/SIGURÐUR SIGMUNDSSON

# Framboð reiðvegafjár minna en eftirspurn

**Einn skemmtilegasti útreiðartúr ársins er sleppitúrinn á vorin. Fyrsta skrefið út í frelsi sumarsins. Því miður eru reiðvegir í nágrenni Reykjavíkur ekki alltaf upp á sitt besta á þessum árstíma.**

Nokkrir hestamenn hafa haft samband við LH-Hesta og skora á formenn og stjórnir hestamannafélaganna, og LH, að beita sér fyrir því að helstu reiðvegir frá höfuðborgarsvæðinu, austur fyrir fjall og á Þingvelli, verði lagfærðir áður en sleppitúrar hefjast. Halldór Halldórsson, formaður reiðveganefndar LH, segir að þessi umræða sé stöðugt í gangi. Reynt sé að halda reiðvegunum við eins vel og efni og ástæður leyfi.

**NÝ REIÐLEIÐ Í BURÐARLIÐNUM**

„Hestamannafélögin á suðvestursvæðinu veittu nýverið 2,5 milljónum króna í endurbætur á Skógarhólaleið," segir Halldór. „Á síðasta ári var unnið í henni fyrir tvær milljónir króna. Það hefur ekkert verið gert í reiðleiðinni meðfram Suðurlandsvegi undanfarin ár. En unnið er í því í samstarfi við Orkuveituna að færa þá reiðleið inn á Mosfellsheiði, það er að segja frá Hólmsheiði og að Kolviðarhóli."

Því má bæta við að reiðvegafé samkvæmt samgönguáætlun 2008 er 62 milljónir króna. Af þeim úthlutar LH fimmtíu milljónum. Mótframlög sveitarfélaga og annarra er um 55 milljónir króna. Umsóknir frá hestamannafélögunum eru hins vegar upp á 290 milljónir króna, þannig að það er nokkuð ljóst að eftirspurn eftir fjármagni er meira en framboðið.

# Landsmót á tímamótum

Nítjánda Landsmót hestamanna verður haldið á Vindheimamelum í Skagafirði 28. júní til 4. júlí 2010. Samningur þar að lútandi var undirritaður 2. maí síðastliðinn.

Samningurinn markar tímamót að því leyti að LH greiðir enga leigu fyrir mótssvæðið, eins og jafnan hefur verið. Hefur leigan oftast verið um tuttugu prósent af heildarinnkomu. Leiga til Rangárbakka ehf. vegna LM2008 á Gaddstaðaflötum verður tíu prósent af innkomu. Haraldur Þórarinsson, formaður LH, segir að þetta sé í takt við fyrirkomulag Landsmóta UMFÍ. Þar sjái ríki og sveitarfélög alfarið um að byggja upp mótssvæðin. Mótshaldarinn greiði enga leigu. Flest sveitarfélög sjái sér akk í því að fá til sín svo stóra viðburði.

„Landsmót hestamanna er íþrótta- og menningarviðburður, sambærilegur við Landsmót UMFÍ. Ég lít því svo á að hestamenn eigi að sitja við sama borð. Leiga fyrir mótssvæðin og löggæslukostnaður hefur sligað Landsmótin. Það hefur sjaldan tekist að reka þau réttum megin við núllið. Við höfum rætt þessi mál við ríkið og sveitarfélögin og fengið jákvæðar undirtektir. Á þeim forsendum er þessi samningur við hestamannafélögin og sveitarfélögin í Skagafirði gerður," segir Haraldur.



**Samningur handsalaður. Frá vinstri: Haraldur Þórarinsson, formaður LH, Eymundur Þórarinsson, fulltrúi Skagfirðinga, og Lárus Dagur Pálsson, stjórnarformaður Landsmóts ehf.** MYND/VILHJÁLMUR SKÚLASON

Mikið úrval af fallegum og vönduðum fatnaði frá Wellensteyn



Acapulco



Cliffjacke sommer



Barbadoes



Berlin



Equitana



Venetian

WELLENSTEYN Clothing Company

TOP REITER

Ögurhvarf 2 • 203 Kópavogur • S. 565 5151 • topreiter@topreiter.is

## Hafrar & bygg

Á fyrsta Landsmóti hestamanna, á Þingvöllum 1950, fengu gæðingar ekki einkunnir, heldur umsögn dómnefndar, sem raðaði þeim í sæti. Í dómnefndinni voru valinkunnir hestamenn: Eggert Jónsson frá Nautabúi, Ásgeir Jónsson frá Gottorp og Ásgeir Jónsson frá Hjarðarholti. Sá fyrstnefndi var formaður dómnefndarinnar. Áður en hún tók til starfa þótti honum rétt að taka fram að þeir félagar hefðu slegið töluvert af kröfum hvað varðaði tamningu og þjálfun gæðinganna. Á því hefði orðið mikil afturför frá því sem áður var.

Hann sagði meðal annars: „Mikið og fagurt skeið var áður talið til höfuðkosta gæðingsins. Nú er algengast að vanrækja það svo að fáir hestar, sem þó eru góðhestar taldir, fara á kostum fullkominn sprett. Sanna þetta flestar kappreiðar á síðari tímum. Á þessu sviði höfum við því einnig orðið að sætta okkur við stutt skeiðhrifs og reynt að meta eðlisvekurð hestsins eftir því.“

Einnig um töltið: „Töltið leggjum við áherslu á að ekki sé misnotað sem hraðgangur. Við teljum ástæðu til, við þetta tækifæri, að átelja harðlega að hestamannafélög sem hafa kappreiðar eða stóðhestasýningar skuli láta keppa í hraðtölti. Er þar með ýtt undir freklega misnotkun þessarar sérkennilegu og stílfögru gangtegundar, sem aðeins nýtur sín til fulls sem frekar hæg milliferð.

Að vísu skal viðurkennt að einstaka hestur heldur fögrum stíl og fjaðrandi hreyfingum á allhröðu tölti, en oftast er aðeins um ómerkilega gangblöndu að ræða, annaðhvort af skeiði og tölti eða brokki og tölti. Með tölthraðanum tapast fljótlega hin fjaðurmagnaða mýkt og dillandi hreyfing, fótlyftan lækkar, fjörgleðin dofnar, og eftir verður með tímanum vélræn gangtegund, óþægileg fyrir riddarann, ofraun og eyðileggjandi fyrir hestinn.“

Heimild: Steinþór Gestsson, Í morgunljómann, Saga LH í 35 ár.

# Röspum ekki vandann burt

**Íslenskir dýralæknar og hestamenn hafa í áratugi raspað tennur í hestum að óþörfu, í versta falli til skaða. Særindi í munni reiðhesta eru yfirleitt af öðrum orsökum. Of mikil röspun getur valdið tannskemmdum og tannpínu. Þetta segir sænski tannlæknirinn Torbjörn Lundström, sem er sérfræðingur í tönnum hesta.**



Torbjörn Lundström, tannlæknir og sérfræðingur í tönnum hesta. MYND/JENS EINARSSON

„Þú raspar ekki vandann burt,“ segir Torbjörn. „Tannbroddar eru yfirleitt komnir í sama horf eftir þrjá til fjóra mánuði eftir röspun. Sár í munni reiðhesta eru langoftast vegna síendurtekins þrýstings á sama munnsvæði, ekki vegna þess að tannbroddarnir særi holdið eða slímhúðina. Reiðmúlar þrýsta kinnum hestsins að tönnunum þegar þeir gapa, oftast vegna þess að mélin valda þeim óþægindum. Sárin koma þó yfirleitt ekki eftir eitt skipti, heldur smám saman vegna þrýstings á sama svæði, aftur og aftur yfir lengri tíma. Sömu sögu er að segja um sár á tungu og í neðri gómi. Þau koma eftir síendurtekinn þrýsting frá mélum. Með því að skipta oft um beislabúnað og nota mél sem passa hverjum hesti má draga mjög úr þessum meiðslum.“

**HESTAR FÁ TANNPÍNU**

Torbjörn segir að til að forðast særindi í munni reiðhesta sé áríðandi að nota rétta lengd méla. Oft noti fólk of löng mél. Einnig gefi það góðan árangur að færa reiðmúlinn til í hvert skipti sem lagt er við hestinn. Eða að sleppa honum alveg annað slagið. Hann segir að of mikil röspun geti brotið niður varnir tannanna og valdið því að þær skemmast, líkt og í mönnum. Hestarnir geti þá fengið tannpínu síðar á ævinni. Hann segir að meðhöndlun tanna sé þó stundum nauðsynleg, meðal annars til að leiðrétta rangt bit. Um 70 prósent íslenskra hrossa eru með undirbit á jöxlum, en aðeins 5 prósent í flestum öðrum kynjum. Hann raspar hins vegar aldrei tennur með þeim hætti sem við eigum að venjast hér á landi; tannbrodda að utanverðu í efri gómi og að innanverðu í neðri gómi.

„Rannsóknir okkar sýna að tannröspun gefur engan árangur. Rétt val á beislabúnaði og rétt notkun skilar hins vegar miklum árangri,“ segir Torbjörn.

# Með hestabakteríu á háu stigi

„Það er ekkert annað í pípunum en að vinna við hesta það sem eftir er,“ segir Rósa Birna Þorvaldsdóttir, tamningakona í Langholti í Flóa. „Það þarf eitthvað alvarlegt að koma upp á til að það breytist.“

Rósa Birna er með hestabakteríu á mjög háu stigi, eins og hún segir sjálf. „Ég er búin að vera í hestum frá því að ég var orðin nógu stór til að geta sofið í vagninum fyrir utan hesthúsið í Sörla í Hafnarfirði. Mamma og pabbi skiptust á að ríða út á meðan ég svaf. Eftir að ég komst úr vagninum hef ég verið alveg forfallin,“ segir Rósa Birna. „Ég lauk stúdentsprófi fyrir ári, tók það í fjarnámi með vinnunni hér í Langholti. Þetta er annar veturinn minn hér. Nú er ég búin að fá nóg af hefðbundnu námi í bili og er að sækja um á Hólaskóla. Planið er að taka tvö ár þar til að byrja með, tamninga- og þjálfarapróf.“

Rósa Birna hefur tekið þátt í keppni síðan hún var smástelpa. Henni hefur vegnað vel, verið í úrslitum á fjórum Landsmótum. Oftast á hestinum Byl frá Kleifum, sem er hvítur klárhestur með tölti. „Bylur er enn þá í góðu formi. Ég stefni á að fara með hann í úrtöku fyrir LM2008,“ segir hún.



**Rósa Birna Þorvaldsdóttir er með hestabakteríu á háu stigi og nýtur þess í botn.** MYND/JENS EINARSSON


**Þýskar álkerrur til allra starfa**



Vandaðar kerrur á góðu verði, léttar og fallegar.
Margar stærðir og gerðir.
Sturtubúnaður, álbrautir o.fl.

BRIMCO
Háholti 18 - Mosfellsbæ
Sími 894 5111

**Söluumboð:**
N1 Langatanga 1
Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. Grænagarði
Ísafirði - Sími: 470 0836
KB búrekstrard. Egilsholti 1
Borgarnesi - Sími: 430 5500


# Rauðu dívurnar taka borgina

Rauðu dívurnar eru hópur húnvetnskra kvenna sem í nokkur ár hafa æft saman sýningaratriði á hestum. Þær hafa nokkrum sinnum tekið þátt í reiðhallarsýningum norðan heiða og jafnan slegið í gegn. Sunnlendingar og höfuðborgarbúar fengu svo loks að sjá þetta fræga atriði á Reiðhallarsýningu Fáks á dögunum. Óhætt er að segja að það hafi ekki valdið vonbrigðum. Atriði þeirra var í stuttu máli sagt það besta á sýningunni.

Reiðmennska hinna húnvetnsku kvenna var djörf. Sýningin byggðist upp á hraða og tækni. Að vísu var teflt á tæpasta vaði á stundum, en flétturnar í atriðinu voru bragðmiklar og allt slapp fyrir horn. Í hópnum eru: Herdís Einarsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Eydís Ósk Indriðadóttir, Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Sigríður Lárusdóttir, Fanney Dögg Indriðadóttir og Ingunn Reynisdóttir.




Rauðu dívurnar sína listir sínar á Reiðhallarsýningu Fáks. MYND/JENS EINARSSON

# Flott föt Flott líf!

**Sonnenreiter** er fatnaðurinn fyrir athafnafólk í leik og starfi.

SONNENREITER by elta nova

*- dressed for action -*



LÍFLAND

Lynghálsi 3 Reykjavík, sími 540 1125 & Lónsbakka Akureyri, sími 540 1150

## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is
www.seisei.is

**STOFNANIR:**
www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ:**
Fjölmörg hrossabú og aðrir þjónustuaðilar í hestamennsku eru með heimasíður á netinu. Ekki er að finna tæmandi skrá yfir alla þá aðila á einum stað en hægt er að finna þá flesta með því að rekja sig áfram á leitarvélum.



**Þóroddur var kominn í gott form.** MYND/JENS EINARSSON

# Ekki á LM2008

Ólíklegt er að stóðhesturinn og gæðingurinn Þóroddur frá Þóroddsstöðum taki þátt í keppni og sýningum á LM2008. Hann tognaði á fæti og er nú kominn heim að Þóroddsstöðum þar sem hann þjónar hryssum.

Þóroddur var í þjálfun hjá Daníel Jónssyni á Pulu í vetur og var kominn í gott form. Tekin hafði verið ákvörðun í Þóroddsfélaginu að sýna hestinn, annað hvort í kynbótadómi eða A-flokki gæðinga. Öruggt má telja að hann hefði blandað sér í toppbaráttuna á hvorum staðnum sem er. Hann setti heimsmet í kynbótadómi fimm vetra, fékk hæstu aðaleinkunn sem stóðhestur hafði hlotið fram að því. Hann varð annar í A-flokki gæðinga á LM2006. En ekkert er svo með öllu illt að ei boði gott. Fyrstu trippin í tamningu undan Þóroddi gefa til kynna að hann sé rakinn gæðingafaðir. Það má því segja að hann sé í toppmálum – að þjóna köllun sinni!

# Ræktaði besta hestinn

**Garri frá Reykjavík er hæst dæmdi íslenski stóðhesturinn í heimi. Nú er líka komið í ljós að hann er rakinn kynbótahestur. Afkvæmi hans fá góða dóma, bæði hér heima og í Danmörku þar sem Garri býr nú.**



**Fjölskyldan í Efra-Langholti: Berglind, synirnir Viktor Logi, Aron Ernir og Jón Valgeir, og svo húsbóndinn, Ragnar Geirsson.** MYND/JENS EINARSSON

Ræktandi Garra er Berglind Ágústsdóttir. Hún er Reykjavíkurbarn en býr nú á Efra-Langholti í Hrunamannahreppi með eiginmanni sínum, Ragnari Geirssyni, og þremur sonum. Enginn í fjölskyldunni var í hestamennsku þegar Berglind fékk áhugann sem barn og fór í hesthúsið í strætó með hnakkinn í tösku. Ragnar er bóndasonur úr Suðursveit. Eftir að þau kynntust var stefnan tekin á að eignast jörð og rækta hross. Berglind var mjög heppin með fyrstu merina.

**ÍSOLD FRÁ GUNNARSHOLTI**

Það er sjálfsagt ekkert fínt að vera rauðblesótt, glófext prímadonna og vera ræktuð af Landgræðslunni. Ekki frekar en að heita Elvis Presley og vera fæddur í Holta- og Landsveit. En það vildi nú bara þannig til að Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti átti á sínum tíma nokkrar hryssur. Í þeim hópi var Ísold, móðir Garra.

„Jón Finnur Hansson benti mér á að Landgræðslan ætlaði að selja hrossin,“ segir Berglind. „Ísold bar af. Hún var rauðblesótt með nærri hvítt fax og tagl. Alveg eins og Barbie-dúkka. Hún var þriggja vetra. Elvar Einarsson á Skörðugili frumtamdi hana þegar hún var á fimmta vetri. Ég þjálfaði hana sjálf veturinn á eftir og Trausti Þór Guðmundsson sýndi hana í kynbótadómi um vorið. Hún fékk 8,19 í aðaleinkunn, þar af 9,0 fyrir tölt, vilja og fegurð í reið. Ég leiddi hana síðan undir Orra frá Þúfu og út úr því kom Garri. Ísold hefur verið frjósöm. Hún er átján vetra og kastar sínu níunda folaldi í sumar. Þrjú afkvæmi hennar eru komin með fyrstu verðlaun. Hún hefur alltaf verið leidd undir fyrstu verðlauna hesta.“

**GARRI VAR EKKI TIL SÖLU**

„Garri var ekki til sölu. Hann var uppáhaldið okkar,“ segir Berglind. „En þetta var um það leyti sem við vorum farin að líta í kringum okkur eftir jörð. Við vorum ekki með mikla peninga milli handa og fengum gott tilboð í hestinn, miðað við að hann var ósýndur og til þess að gera lítið taminn. Þetta var spurning um að velja og hafna. Við eigum alsystur hans, Írisi frá Efra-Langholti, mjög álitlega hryssu,“ segir Berglind. „Það stóð til að sýna hana í vor en hún var slegin á bóg og er hölt. Það er óvíst hvað hún verður lengi að jafna sig.“



**Tveir ungir hestamenn í Fáki komnir í nýju öryggisvestin, og að sjálfsögðu með hjálm.** MYND/JENS EINARSSON

# Bylting í öryggismálum hestamanna

Hestamannafélagið Fákur hefur í samvinnu við Sjóvá gefið öllum reiðskólum í Reykjavík öryggisvesti. Fákur og Sjóvá hafa undirritað samstarfssamning og verður Sjóvá aðalstyrktaraðili Íslandsmóta í hestaíþróttum sem Fákur heldur í sumar. Öryggisvestin eru nýjung hérlendis en góð reynsla er af þeim erlendis. Öryggisvestin verja knapa fyrir slysum og höggum, sem til dæmis geta hlotist þegar knapi dettur af baki. Öllum börnum og unglingum sem sækja reiðskólana í Reykjavík verður framvegis gert að nota öryggisvestin. Mikil umræða er nú um öryggismál hestamanna. Framboð á öryggisbúnaði fyrir hestafólk eykst jafnt og þétt og notkun hans verður æ almennari.

Hinn 8. maí síðastliðinn var undirritaður styrktarsamningur Hestamannafélagsins Fáks og Sjóvár. Bjarni Finnsson, formaður Fáks, og Karl Wernersson, stjórnarformaður Sjóvár, skrifuðu undir samninginn.




# Hestabraut FSu þróuð áfram

Átta nemendur luku prófi á hestabraut Fjölbrautaskóla Suðurlands í vor. Hestabrautin er samstarfsverkefni LH og FSu. Tekin hefur verið ákvörðun um að þróa brautina áfram.

„Þetta var tveggja ára tilraunaverkefni. Það tókst mjög vel og vilji allra að brautinni verði haldið áfram,“ segir Hugrún Jóhannsdóttir reiðkennari. „Það voru 38 nemendur á hestabrautinni í vetur. Átta luku fjögurra anna námi í vor. Flestir sýndu miklar framfarir. En þetta er eins og annað nám. Þeir verða bestir sem eru duglegir að læra heima. Það er engin spurning að þetta er besta leiðin til að búa til fleiri og betri hestamenn.“



**Nemendur og kennarar við hestabraut FSu. Hugrún Jóhannsdóttir lengst til hægri. Myndin var tekin á síðasta ári.** MYND/JENS EINARSSON

Hugrún segist vita um allmarga fullorðna einstaklinga sem vilja komast í þetta nám. „Draumurinn er að boðið verði upp á kvöldskóla í FSu fyrir fullorðna. Það eru margir sem vilja komast í þetta nám. Einnig að hægt verði að bjóða upp á framhaldsnám fyrir lengra komna.“

ALHLIÐA JÁRNSMÍÐI INNANHÚSS SEM UTAN



Smíðum úr ryðfríu stáli,
áli, járni og messing



Sjáum um
uppsetningu

**Króm & Stál** ehf. Hvaleyrarbraut 2 Hfj. S: 565 2546 / 863 2548








# Gefðu gæðingnum kraft

Alhliða muslífóður

Fyrir keppnishestinn, reiðhestinn og
kynbótahrossið.

**Kynningarverð**

**2.500 kr**
20kg

TOP REITER

Ögurhvarf 2 • 203 Kópavogur • S. 565 5151 • topreiter@topreiter.is




# BHTÆKNI EHF

Umboðsaðili TYM á Íslandi

www.tym.is

S.6973217




## TYM 603 4X4 60 HP CATEPILLAR MÓTOR EYÐSLA 2,9L VST












## TYM 4X4 273 23-27 HP MITSUBIHSI MÓTOR EYÐSLA 1.9L VST











## LEITIÐ VERÐTILBOÐA Í NÝJA TAFE TRAKTORA







96m2 sumarhús í Hraunborgum til sölu 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.

2 eignarlóðir til sölu í landi Mosfells í Grímsnesi. Uppl. í s. 897 4814.

Sumarhús óskast til leigu í sumar, innan 150km radius frá Reykjavík. FF.gr. og gott verð fyrir rétta eign. Sendið uppl.á steinunnbj@hive.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu tvö 80m2 iðnaðarbil í Hafnarfirði með 4x4m innkeyrsluhurðum. Uppl. í s. 693 4705.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

**Skrifstofuhúsnæði til leigu**

15fm skrifst. í nýju húsi miðsvæðis í Hafnarf. laus til leigu. Uppl. í s. 662 6166.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Skalli Hraunbæ aukavinna**

**Vantar hresst og dulegt starfsfólk í kvöld og helgarvinnu í sumar.**

**Uppl. í s. 567 2880 alla virka daga til kl. 17.**

**Rafvirkjar óskast**

Rafís ehf óskar eftir að ráða rafvirkja til almennrar rafvirkjavinnu og stjórnunarstarfa. Leitað er eftir öflugum, jákvæðum og stundvísum starfsmönnum. Upplýsingar í síma 824 0420 Sigsteinn og 892 2071, Einar.

**Nings Veitingahús**

**Nings veitingahús óska eftir duglegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða kvöld og helgarstarf. Aldurstakmark 18 ár**

**Endilega hafið samband í síma 822 8870 eða www.nings.is**

Panoram Restaurant óskar eftir starfsfólki í fulla vinnu, sumarvinnu og aukavinnu. Aðstoðarfólk í sal, á bar, í eldhús og uppvask. Umsóknir sendist á fb@centerhotels.is

Tapasbarinn óskar eftir skemmtilegum þjónum í hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum, alla daga, milli kl. 14 & 18.

**Bókhaldsstofu vantar**

**Vanan starfsmann í 50-100% starf við uppgjör á fyrirtækjum, gerð skattframtala og bókhald. Upplýsingar í síma 692 6910.**

**Pítan**

Pítan er að leita að vaktstjóra sem er 25 ára og eldri, kvöldvaktir 17-22:30 og önnur hver helgi 10:30-22:15. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Lágmarksaldur 25 ára, mjög gott ef viðkomandi hefur reynslu af heimilisrekstri. Upplýsingar veitir Herwig (892 0274) milli 9-17.

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við hlýjar og vinalegar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is.

**Kaffi Sólon**

Kaffi Sólon óskar eftir að ráða matreiðslumann, Aðstoðafólk í eldhús, uppvask, fólk í aukastörf í sal. Dag, kvöld og næturvinna í boði. Upplýsingar á staðnum eða sendið post á solon@solon.is

Vélstjóra/vélavörð vantar á 60 tonna bát sem stundar línuveiðar með beitningarvél. Upplýsingar í síma 8980981




## ATVINNA

**Matfugl ehf**

Völuteig 2 270 Mosfellsbæ

**Matfugl ehf óskar eftir starfsmanni til starfa við þrif.**

Helstu kostir sem viðkomandi þarf til að bera eru dugnaður og samviskusemi.
Samkeppnishæf laun í boði.
Starfssvið: Þrif og almennt viðhald á kjúklingahúsum.
Áhugasamir sendi skriflega umsókn á netfangið
**tomas@matfugl.is**

Praca Praca
Poszukujemy pracownika do pracy przy myciu wewnatrz budynkow w produkcji drobiarskiej.
Praca na dluzszy okres czasu, wysokie zarobki.
Warunki – prawo jazdy oras jezyk angielski lub islandzki.
Tel: 6609622 Pawel / e-mail: **tomas@matfugl.is**

## ATVINNA

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN
**Kampur**

**Skipulag, röggsemi, hugmyndaauðgi og sköpun.**
***Á þetta við um þig?***

**Hefurðu áhuga á faglegu starfi á vettvangi frítímans?**

# UMSJÓNARMAÐUR

Frístundamiðstöðin Kampur óskar eftir **umsjónarmönnum á frístundaheimilin Hlíðaskjól í Hlíðaskóla og Frístund í Háteigsskóla.**

**Ábyrgðarsvið:**
- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilis fyrir börn á aldrinum 6-9 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra, starfsfólk skóla og aðra samstarfsaðila innan hverfisins
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn Kamps
- Umsjón með starfsmannamálum

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Áhugi á frístundastarfi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að skapa liðsheild í starfsmannahópi
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri barnasviðs Guðrún Snorradóttir, í síma 411-5563, netfang gudrun.margret.snorradottir@reykjavik.is.
**Umsóknarfrestur til 25. maí 2008.**
Hægt er að sækja um rafrænt á www.rvk.is/storf

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins verður á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna verða í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is
...ég sá það á visir.is

Óska eftir hörkuduglegum starfsmönnum í slátt. Uppl. í s. 821 2676 á milli 15-19.

### Starfsmaður óskast í álsmíði

Nýtt og kraftmikið fyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í álsmíði. Uppl. í s. 662 6166.

Bílstjóri - Útkeyrslustarf. Óskum eftir stundvísum, áreiðanlegum,duglegum og hressum bílstjóra til útkeyrslu á matvælum. Viðkomandi verður að vera eldri en 20 ára og reyklaus. Vinnutími 8.00-16.00. Aðeins um framtíðarstarf er að ræða. Vinsamlega hafið samband við Kristinn í síma 557 8833 - 897 2152. Kjöthúsið ehf. Smiðjuvegi 24 d Kópavogi.

Óska eftir manni til flísalagna. Helst vönum. Uppl. í s. 661 2280, Ómar.

Poszukuje murarzy lub ludzi którzy znaja sie na murarce. Tel. 897 2510.

Smiður verkamenn. Smiði og verkamenn vana flekauppslætti vantar strax. Uppl. í síma 856 5555 & 663 7434.

### Hellulagnir / lóðaframkvæmdir

Sólgarðar óska eftir starfsmönnum í lóðaframkvæmdir. Garðykjumenn eða vanir menn. Uppl. í s. 692 0711.

Vanan háseta vantar á 160 tonna humarbát frá Þorlákshöfn strax. Uppl. í s. 852 0789.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Nema í rafeindavirkjun vantar að komast í starfsnám. Sími: 6931487. Ingvar.

ATH! Aðstoða ykkur við þrifin, er vön og dugleg..tek allt í gegn! Er í Reykjanesbæ S. 863 6523.

## Tilkynningar

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Tilkynningar

**- BAR POLONIA -**
**ZAPRASZAMY NA FINAL LIGII MISTRZOW CHELSEA - MAN. UNITED W SRODE 21.05 NA GODZ 18.30**
**BAR POLONIA, FLATAHRAUNI 21, HAFNARFJÖRÐUR. TEL. 555 2329.**



### Bíl stolið!!!

Toyota Landcruser 80 árg. '93, rauður skráningar númer OZ 748 var stolið frá Laugarbökkum, Ölfussi aðfaranótt sunnudagsins 18. maí sl. Þeir sem geta gefið upplýsingar um bílinn hafið samband við lögregluna á Selfossi í síma 480 1000.

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**
Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

**Smiðir**
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## TILKYNNINGAR

### Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Búmanna

***Fundurinn verður haldinn á nýrri skrifstofu félagsins að Klettshálsi 1, 2. hæð.***

***Fundurinn verður miðvikudaginn 28. maí 2008 og hefst kl. 18.00.***

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.

*Stjórnin.*

## FASTEIGNIR

**Þarftu að leigja?**
Rentus LEIGUMIÐLUN
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

**VERKTAKAR MAGNI**
**Vantar vélamenn til starfa strax**
Mikil vinna framundan
Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

## FASTEIGNIR

Stóreign | Fremstir í atvinnufasteignum | s :: 590_7600

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali | Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk. storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnir:

### Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma.

**Hafið samband og fáið nánari upplýsingar.**

Stóreign.is Stóreign fremstir í atvinnufasteignum | s :: 590_7600

**Múrarar**
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

**PÍPARAR**
Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu
**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

ÁS FASTEIGNASALA
**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–17**

## KÓPAVOGUR - TIL LEIGU

Frum



390 fm húsnæði á einni hæð með góðu malbikuðu plani og bílastæðum fyrir framan. Húsnæðið er að mestu einn salur en búið er að stúka af snyrtingu, kaffiaðstöðu og skrifstofu. Verið er að setja nýja stóra innkeyrsluhurð í húsnæðið sem skilast ný málað og tilbúið fyrir nýja notendur.

***Leiguverð 1700,- pr. fm.***

***Allar frekari upplýsingar gefur Jón Örn á Ás fasteignasölu í símum 520 2600 & 898 4588***

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

ÁS FASTEIGNASALA
**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–17**

## FYRIRTÆKI TIL SÖLU

Frum

Til sölu af sérstökum ástæðum mjög áhugavert fyrirtæki tengt byggingariðnaðinum.

Fyrirtækið er með mjög góð umboð og mikla möguleika fyrir duglega aðila eða sem viðbót við tengdan rekstur.

**Áætluð árs velta 2008 rúmar 100 millj.**

***Allar frekari uppl. Gefur Jón Örn á Ás fasteignasölu í síma 520 2600***

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*



Blaðberinn minn
fer með mér í Sorpu
SO 881
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.
Fíton/SÍA
Núna er ekkert mál að endurvinna!
Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.
Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

CHER SÖNG- OG LEIKKONA 62 ÁRA.

*„Kona getur þurft að bíða lengi eftir rétta manninum en á meðan getur hún leikið sér með öllum þeim röngu.“*

***Cher á 40 ára söng- og leikferil að baki og hefur hún unnið til fjölda verðlauna. Hún á einnig fjölda sambanda að baki og hafa samferðamenn hennar meðal annars verið Warren Beatty, Jon Bon Jovi, Eric Clapton og Tom Cruise.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. MAÍ ÁRIÐ 2008

## *Fyrsta flugið yfir Atlantshafið*



Þennan dag árið 1927 tók Charles Lindbergh á loft frá Roosevelt-flugvellinum á Long Island í New York og flaug til Parísar þar sem hann lenti á Le Bourget-flugvellinum um kvöldið næsta dag. Þetta var í fyrsta sinn sem flogið var yfir Atlantshafið í einum rykk. Sex flugmenn höfðu áður týnt lífi þegar þeir reyndu sams konar ferðalag.

Á ýmsu gekk á meðan á fluginu stóð og þurfti Lindbergh meðal annars að fljúga blindflug í nokkrar klukkustundir og láta stjörnurnar vísa veginn, þegar þær sáust.

Um 150 þúsund manns tóku á móti ofurhuganum þegar hann lenti í París og brutust út gríðarleg fagnaðarlæti. Áhorfendur rifu hann upp úr stjórnklefanum og héldu honum yfir höfði sér hátt í hálfa klukkustund áður en hann fékk að snerta fast land.

Lindbergh var bandarískur frumkvöðull, rithöfundur, uppfinningamaður og friðarsinni. Hann varð heimsfrægur fyrir Atlantshafsflugið sem hann fór í á eins hreyfils vélinni sinni, Spirit of St. Louis. Lindbergh nýtti frægð sína til að berjast fyrir friði í heiminum og talaði fyrir því að Bandaríkjamenn héldu sig frá heimsstyrjöldunum, allt þar til árásin á Pearl Harbor var gerð. Hann gerðist hins vegar virkur þátttakandi í heimsstyrjöldinni eftir árásina.

## MERKISATBURÐIR

**1627** Ræningjar frá Alsír koma til Grindavíkur. Þar með hefst Tyrkjaránið sem stóð til 19. júlí.

**1750** Þeir Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson ganga á tind Heklu í fyrsta sinn svo vitað sé.

**1904** Bifreiðaöld hefst með því að Ditlev Thomsen kaupmaður kemur til Reykjavíkur með gufuskipinu Kong Tryggve og hefur meðferðis bifreið af tegundinni Cudel.

**1970** Listahátíð í Reykjavík er sett í fyrsta sinn. Meðal flytjenda tónlistar eru Daniel Barrenboim og Led Zeppelin.

**1980** Ítalski tenórinn Luciano Pavarotti syngur í Laugardalshöll.

---

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Friðgeirs Jóhanns Þorkelssonar**

frá Hellissandi.

Sérstakar þakkir sendum við til Agnesar læknis og starfsfólks deildar 11E á Landspítalanum, Sigrúnar hjá heimahjúkrun og Guðjóns E. Jóhannssonar og fjölskyldu fyrir einstakan hlýhug í veikindum hans.

**Bjarnheiður Gísladóttir**
**Auðbjörg Friðgeirsdóttir** — **Úlfar Ragnarsson**
**Þórarinn M. Friðgeirsson** — **Ásdís Hrönn Júlíusdóttir**
**Arnar Þ. Friðgeirsson** — **Bylgja M. Gunnarsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

---

✝



*Elskuleg fósturmóðir, systir, amma og langamma,*

**Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir**

frá Ferjubakka í Axarfirði, til heimilis að Hjallavegi 4, Reykjavík,

lést á taugadeild Landspítalans þriðjudaginn 13. maí. Útför hennar mun fara fram frá Neskirkju þriðjudaginn 27. maí kl. 13.00.

**Steinþórunn K. Steinþórsdóttir** — **Guðmundur V. Sigurjónsson**
**Birna Ólafsdóttir**
**Ólafur Táfnir Sigurgeirsson** — **Sigrún Snorradóttir**
**Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir** — **Bjarni Hrafnsson**
**og barnabarnabörn.**

---

✝



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sesselja Kristjana Guðbjartsdóttir**

Hátúni 4, Reykjavík,

lést á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut föstudaginn 16. maí.

**Hreinn Ófeigsson**
**Pétur Hreinsson** — **Sigríður María Jóhannesdóttir**
**Elínborg Hreinsdóttir** — **Magnús Jónsson**
**Hreinn Sesar Hreinsson** — **Lára Aðalsteinsdóttir**
**Elfa Björt Hreinsdóttir** — **Emil Gústafsson**
**Gunnhildur Hreinsdóttir** — **Bjarni Benediktsson**
**Ófeigur Hreinsson** — **Lilja Dögg Gylfadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



**EKKI HÆTTUR Í ÚTVARPI** Magnús er ekki horfinn af öldum ljósvakans og verður framvegis með vikulegan ferðaþátt á Rás 1. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MAGNÚS EINARSSON ÚTVARPSMAÐUR: FARINN AF RÁS TVÖ

# Eftirminnilegar næturvaktir

Útvarps- og tónlistarmaðurinn Magnús Einarsson hefur lokið sinni síðustu útsendingu hjá Rás 2 eftir 21 árs samfelldan feril. Hann ætlar þó ekki langt því hann mun von bráðar hefja upp raust sína á Rás 1 en þar hóf hann einmitt útvarpsferil sinn árið 1985.

„Ég fór yfir á Rás 2 árið 1987 og hef verið þar nánast óslitið síðan. Ég var orðinn elsti starfsmaðurinn á stöðinni og fannst kominn tími til að breyta til,“ segir Magnús spurður um ástæðu þess að hann ákvað að söðla um. Magnús mun taka að sér vikulegan ferðaþátt sem verður sendur út á Rás 1 um helgar. „Þetta verður svolítið frábrugðið því sem ég hef verið að gera og öðruvísi undirbúningur. Á Rás 2 hef ég aðallega verið í beinum útsendingum og því má líkja við það að vera alltaf að spila „live“. Ferðaþættirnir verða teknir upp fyrirfram og verður það meira eins og að taka upp plötu,“ segir Magnús.

Hann hefur verið í útsendingum á öllum tímum sólarhringsins og séð um fjölmarga þætti. Aðallega hafa það verið tónlistarþættir um hinar og þessar hljómsveitir og tónlistarmenn en auk þess hefur hann verið í morgunútvarpinu um margra ára skeið.

„Mér hefur fundist best að vera á þessum jaðartímum. Annað hvort á morgnana, kvöldin eða nóttunni,“ upplýsir Magnús og segir næturvaktir sem hann tók eitt sumarið sérstaklega eftirminnilegar. „Þetta var áður en allur tölvubúnaðurinn kom til sögunnar og það þurfti alltaf að hafa mann á vaktinni. Þarna eignaðist ég marga góða símakunningja sem hringdu inn til að fá óskalög og segja manni hitt og þetta, sumir örlítið við skál.“

En hefur ekki verið erfitt að vera með púlsinn á öllum dægurmálum í beinni? „Þetta hefur verið ein vinsælasta útvarpsstöðin á landinu til fjölda ára, með breiðan hlustendahóp, svo auðvitað þarf að vanda til verka. Þetta kemst þó upp í vana og er búin að vera skemmtileg vinna, annars hefði ég varla enst öll þessi ár. Mér finnst þó áríðandi að útvarpsmenn vandi mál sitt og tali góða íslensku. Útvarpsmennska er fag sem maður lærir ekki beint í skóla og það er reynslan sem sker úr um það hvort menn geta þetta og endast í starfi. Öll menntun kemur sér þó vel en það er engin trygging fyrir því að menn geti átt samskipti,“ segir Magnús.

Hann er tónlistarmaður að mennt og plokkar flesta strengi sem hann kemst í tæri við. Hann hefur ávallt spilað samhliða útvarpsmennskunni og meðal annars leikið með Brimkló, Ríó tríó, Bubba og Súkkat. „Nú er ég í hljómsveitinni Gæðablóð sem sjálfsagt fáir hafa heyrt um,“ segir hann og hlær.

Magnús ferðaðist mikið á sínum yngri árum. Hann þvældist í tvö ár um Asíu og Ástralíu og bjó á námsárunum bæði á Englandi og Ítalíu. „Ég hef lengi haft mikinn áhuga á ferðalögum en ekki síður sögunni og tónlistinni sem tengist hverju landi fyrir sig.“

vera@frettabladid.is

---

✝



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Soffía Bryndís Stefánsdóttir**

Álfaskeiði 91, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 15. maí á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

**Guðmundur Gunnarsson** — **Guðrún Jónasdóttir**
**Þórunn Gunnarsdóttir** — **Kristinn Ágústsson**
**Daníel Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Nönnu Magnúsdóttur**

Borgabraut 4, Hólmavík.

**Hrólfur Guðmundsson**
**Magnús Bragason**
**Elfa Björk Bragadóttir** — **Úlfar Hentze Pálsson**
**Valdimar Bragi Bragason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

AFMÆLI


**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** yfirlæknir á Vogi er 61 árs.


**ÓLAFUR H KRISTJÁNSSON** þjálfari Breiðabliks er 40 ára.


**HEIMIR MÁR PÉTURSSON** fréttamaður er 46 ára.


**SNORRI ÞÓRISSON** kvikmyndagerðarmaður er 59 ára.

# Þurfti oft að stafa nafnið

„Þegar ég var skírð var ég eina Lana landsins. Nú erum við ábyggilega orðnar tíu," segir Lana Kolbrún Eddudóttir dagskrárgerðarkona á Ríkisútvarpinu þegar hún er spurð út í nafnið sitt. Þar leynist líka falleg saga á bak við.

„Besta vinkona mömmu var ensk/íslensk og hét Lana Lorraine. Lana dó þegar mamma gekk með mig, sumarið 1964, og sótti nafnið í draumi. Það þurfti alls konar leyfi til að fá að skíra mig útlensku nafni og það skilyrði var sett að íslenskt nafn fylgdi með. Þess vegna heiti ég líka Kolbrún. Ég er mjög ánægð með nafnið og hef alltaf verið en það gat verið leiðinlegt að stafa það fyrir fólk þegar ég var yngri. Bankagjaldkerar kölluðu mig yfirleitt Láru eða Lenu og stundum bara Kolbrúnu."


**LANA KOLBRÚN** Margir þekkja röddina hennar úr útvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


**MENNTUN ER MÁTTUR** Stjórnarmenn í Landsambandi bakarameistara, Gunnar Gunnarsson, Jóhannes Felixsson, Steinþór Jónsson og Guðrún Margrét Pálsdóttir, við afhendingu söfnunarfjárins.

# Fjórir nýir ABC skólar í Pakistan

Fyrir skömmu tóku fjórir nýir ABC-skólar til starfa í Pakistan með samtals sex hundruð nemendum. Alls eru 2.813 nemendur í ABC-skólunum tólf en rekstur þeirra er alfarið kostaður frá Íslandi.

Fjórir skólanna eru í eigin húsnæði sem Rúmfatalagerinn, Borgarholtsskóli og fleiri hjálpuðu til við að byggja. Nemendur í Fjölbrautaskólanum í Ármúla eru einnig langt komnir með að safna fyrir fimmta skólanum og mun byggingu hans ljúka á þessu ári. Hinir skólarnir eru reknir í leiguhúsnæði.

Við skólana búa 510 nemendur á bráðabirgðaheimavistum, en auk þess eru nú um þúsund börn á biðlista eftir skólagöngu og heimavist. Framkvæmdir við byggingu nýrrar heimavistar eru að hefjast en íslensk grunnskólabörn söfnuðu fyrir heimavistinni með því að ganga í hús með söfnunarbauka í söfnuninni Börn hjálpa börnum í febrúar síðastliðnum.

Starf ABC í Pakistan hófst í ágúst 2005 og er því innan við þriggja ára. Ein brýnasta þörfin nú er að fá stuðningsaðila við börnin, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá ABC barnahjálp á Íslandi.

Þar segir einnig að ýmsir hafi hlaupið undir bagga og hjálpað til við að sjá fyrir börnunum þar til stuðningsaðilar fást. Má þar nefna Landssamband bakarameistara sem stóð fyrir hjálparsnúðasölu í byrjun mars með ágætum árangri en með upphæðinni sem safnaðist er hægt að sjá um það bil 300 börnum, í tveimur ABC skólum, fyrir skólamáltíðum fyrsta skólaárið.

Einnig settu Peter Anderson og Danssmiðja Íslenska dansflokksins upp tvær danssýningar og greiddu með þeim menntun og máltíðir 150 barna í mánuð.

Á heimasíðu ABC barnahjálpar, www.abc.is, er hægt að finna myndir og upplýsingar um börn sem vantar stuðning, og skrá sig sem stuðningsaðila barns.

# Ný deild á Grund

Dvalarheimilið Grund hefur gert samning við Landspítala um rekstur á deild L-1 sem var opnuð fyrir skömmu.

Í fréttatilkynningu segir Guðrún B. Gísladóttir framkvæmdastjóri þetta vera ánægjuleg tímamót, þar sem leitað hafi verið leiða síðastliðin misseri til að útvíkka starfsemina, sérstaklega til að koma til móts við þá fækkun sem verði á Grund í kjölfar fjölgun einbýla. Hún segist jafnframt telja að sú reynsla sem Grund búi yfir muni nýtast vel á þessari deild, sem er bóðdeild fyrir aldraða með áherslu á heimilisfólk með heilabilun. En á Grund hefur um langt skeið verið rekin sérstök deild fyrir heilabilaða.


**NÝR REKSTUR** Dvalarheimilið Grund opnaði nýlega deild í samstarfi við Landspítala.

Undanfarnar vikur hefur starfsfólk Grundar unnið ötullega að því að undirbúa starfsemi deildarinnar en að stórum hluta verður hægt að samnýta starfsemi stoðdeilda Grundar og deildarinnar á Landakoti.

# Íbúum fjölgar á Reykjanesi

Mikil fjölgun barna varð í Reykjanesbæ á síðasta ári og eru nú yfir tvö þúsund börn í grunnskóla og átta hundruð í leikskóla. Þetta kom fram á íbúafundi með bæjarstjóra Reykjanesbæjar sem var haldinn nýlega í Höfnum.

Nánast helmingur barnanna er á Vallarheiði en ráðgert er að opna þar nýjan leikskóla og grunnskóladeild fyrir nemendur í 1. til 5. bekk haustið 2008 . Hjallastefnan ehf. rekur þar jafnframt leikskólann Völl.

Reykjanesbær hefur því brugðist hratt við til þess að tryggja öllum nemendum sambærileg menntunarskilyrði, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Mikil fjölgun íbúa kallar á byggingu nýrra leikskóla og stækkun og endurbætur á þeim eldri, segir þar jafnframt.

Grunnskólar bæjarins eru nú orðnir sex talsins með tilkomu barnaskóla á Vallarheiði, leikskólar eru níu talsins og verða tíu með nýjum leikskóla á Vallarheiði.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Einar Einarsson**
Sauðárkróki,

andaðist föstudaginn 16. maí. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 23. maí kl. 14.00.

**Helena J. Svavarsdóttir** — **Reynir Barðdal**
**Marta Svavarsdóttir** — **Sigurður J. Sigurðsson**
**Magnús Svavarsson** — **Ragnheiður Baldursdóttir**
**Sigríður Svavarsdóttir** — **Kristján B. Halldórsson**
**afabörnin og fjölskyldur þeirra.**

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Erna B. Árnadóttir**
Holtsbúð hjúkrunar- og dvalarheimili,

lést sunnudaginn 18. maí á Landspítalanum Hringbraut.

**Anton Bjarnason** — **Helga Torfadóttir**
**Pétur Bjarnason** — **Sigríður Jóhannesdóttir**
**Rósa Antonsdóttir**
**Birna María Antonsdóttir** — **Jón Þórarinsson**
**Helga Björg Antonsdóttir**
**Jón Bjarni Pétursson**
**Skúli Steinar Pétursson**
**Guðrún María Pétursdóttir.**



*Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Lárusdóttir**

lést á Heilsugæslu Suðurnesja 17. maí 2008. Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristinn E. Jónsson** — **Lucyna Augustynowicz**
**Nanna Jónsdóttir** — **Björn Vífill Þorleifsson**
**Jón B.G. Jónsson** — **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Pálsson** — **Ólöf Bolladóttir**
**Jóna Björg Pálsdóttir** — **Birgir Elíasson**



*Sonur minn, bróðir okkar, mágur og vinur,*

**Bjarni Sigurðsson**
Mýrarási 2, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 14. maí á nýrnadeild Landspítalans. Hann verður jarðsunginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 22. maí kl. 13.00.

**Hildur Bjarnadóttir**
**Svanhildur Sigurðardóttir** — **Markús Ívar Magnússon**
**Jónas Sigurðsson** — **Elsa Nína Sigurðardóttir**
**Ásta Sigurðardóttir** — **Gunnlaugur Jón Magnússon**
**Heimilisfólkið Mýrarási 2 og aðrir aðstandendur.**



*Innilega þökkum við auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Helgu Þórarinsdóttur**
Kaplaskjólsvegi 53, Reykjavík.

Fyrir hönd ástvina,

**Sigurður Steinþórsson**



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Aðalheiðar Frímannsdóttur (Alla)**
Hjallabraut 33.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki St. Jósefsspítala Hafnarfirði og Jóhanni Ágústi Sigurðssyni lækni.

**Ármann Guðjónsson** — **Jórunn Ólafsdóttir**
**Lilja Guðjónsdóttir** — **Árni Guðjónsson**
**Jóna Ósk Guðjónsdóttir**
**Lárus Guðjónsson** — **Guðrún Magnúsdóttir**
**Ólafur Guðjónsson** — **Hanna Björk Guðjónsdóttir**
**Ingi Hafliði Guðjónsson** — **Æsa Hrólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Kæri eiginmaður minn, mágur okkar og föðurbróðir,*

**Skúli Björnsson**
lyfjafræðingur

til heimilis í Carmel California USA lést þann 9. maí 93 ára að aldri.

**Charlotte Björnsson**
**Guðfinna Bjarnadóttir Ólafs**
**Ingibjörg Lúðvíksdóttir**
**Bjarni Björnsson**

15. MAÍ - 5. JÚNÍ

2008 LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL




Ævintýri um Purbayan Ranjan Biswas og gríðarlega forvitnisáráttu hans

BARNASÝNINGIN SMARAGÐSDÝPIÐ

Á vegum Skólatónleika á Íslandi í samvinnu við Listahátíð.

ÍSLENSKA ÓPERAN KL. 20.00 Í KVÖLD, 20. MAÍ.

MIÐAVERÐ FYRIR BÖRN KR. 1000 OG FULLORÐNA KR. 1500.

AÐRAR SÝNINGAR: 23. MAÍ KL. 9.00 Í MÁNAGARÐI, HÖFN Í HORNAFIRÐI, KL. 15 Í KIRKJU- OG MENNINGARMIÐSTÖÐINNI FJARÐABYGGÐ.



Heimsfrumsýning á föstudag!

AMBRA – ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN OG CARTE BLANCHE BERGEN

Tveir af helstu dansflokkum Norðurlanda sameinast í stórverkefninu Ambra eftir einn mest spennandi danshöfund Evrópu; Inu Chrisel Johannessen. Tónlist eftir Kiru Kiru, Hildi Ingveldardóttur Guðnadóttur og Dirk Desselhaus. Miðasala á www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ 23., 24. & 25. MAÍ



Ferð án fyrirheits

TÓNLEIKAR TILEINKAÐIR STEINI STEINARR

Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Steins Steinarrs flytja Jón Ólafsson og fleiri framúrskarandi tónlistarmenn gömul og ný lög við ljóð skáldsins.

ÍSLENSKA ÓPERAN 29. & 30. MAÍ | MIÐAVERÐ: 3.900




Nífaldur Grammy verðlaunahafi

WAYNE SHORTER KVARTETTINN

Wayne Shorter var kosinn besti sópransaxófónleikari heims 17 ár í röð af hinu virta tónistartímariti Down Beat.

HÁSKÓLABÍÓ 24. MAÍ

MIÐAVERÐ: 6.200 / 5.700

Landsbankinn

Miðasala á listahatid.is & midi.is

Á vef Listahátíðar færðu nánari upplýsingar um alla viðburði, þar með talið þær fjölmörgu myndlistarsýningar sem opnaðar verða á hátíðinni 15.-18. maí. Miðasala fer einnig fram í síma 552 8588 alla virka daga frá kl. 10-14.

Bakgrunnsmynd: Roger Hiorns / Object - a manipulated growth. © 2007 Serpentine Gallery. Ljósmynd: Alastair Fyfe.

KAUPÞING ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS


# STUÐ MILLI STRÍÐA: Taugaveikluð þjóð

FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER LÍKA HRÆDDUR



Mannskepnan er hrædd lífvera. Hún hefur alltaf verið það og mun verða það um aldur og ævi. Fyrir utan örfáa einstaklinga sem hafa breytt mannkynssögunni með hugrekki sínu og baráttu fyrir brautargengi hins óþekkta er maðurinn lafhræddur við allt sem hefur orðin „breyting“ og „framandi“ hangandi yfir sér.

Þegar Tvíburaturnarnir hrundu í New York stigmagnaðist þessi eðlislæga hræðsla á Vesturlöndunum, og umbreyttist í hálfgerða móðursýki og taugaveiklun. Íbúi á Vesturlöndunum er jafn hræddur og lítið barn í Palestínu eða Darfur nema hvað að óttinn brýst ekki út í formi sjálfsmorðsárása heldur í fordómum og ofsafengnum viðbrögðum þegar eitthvað ókunnugt nálgast. Vesturlönd hafa í sjö ár reynt að loka á allt sem öðruvísi; það gæti nefnilega verið skálkaskjól fyrir hryðjuverk eða ógn við hið „ofmetna“ vestræna lýðræði sem fyrir löngu er úr sér gengið.

Fordómar eru manninum eðlislægir. Þeir hlutir sem eru ekki af hans heimi eiga sér vart tilverurétt. Sá sem ógnar fastri tilveru mannsins og hversdagsleika er óvinur númer eitt, og ber að fjarlægja eða hindra með öllum tiltækum ráðum. Þetta er dýrið í manninum sem verndar umhverfi sitt eins og fugl í hreiðurgerð.

Maðurinn kann sem betur fer líka að læra, þótt hann sé í sífellt meiri mæli farinn að leggja þann hæfileika til hliðar. Hann kann að læra að meta hið óþekkta og þess vegna eru Akurnesingar heppnir. Þeir fá tækifæri til að læra af framandi fólki. Fólki sem hefur upplifað eitthvað allt annað en öruggt umhverfi. Þeir eru öfundsverðir af sínu tækifæri. En það er ekkert skrýtið þótt Skagamenn séu hræddir og hálf smeykir. Eðli mannsins felst einmitt í því að vera hræddur. Forvitnin ber hins vegar hræðsluna oft ofurliði. Sem betur fer. Og manninum hefur oftar en ekki tekist að læra af henni. Akurnesingar ættu því að fagna sínu tækifæri til að læra því slík tækifæri gefast allt of sjaldan í þessum hrædda heimi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## NÝJAR BÆKUR

BÓKIN um einhverfu – spurt og svarað – eftir S. Jhoanna Robledo og Dawn Ham-Kucharski er komin út í þýðingu Eiríks Þorlákssonar og Sigríðar Lóu Jónsdóttur. Það er Græna húsið sem gefur bókina út í samstarfi við Umsjónarfélag einhverfra. Í bókinni svara höfundar einföldum spurningum um þær aðstæður sem upp koma þegar einhverfur einstaklingur kemur í hóp vandamanna eða vandalausra. Bókin er hugsuð sem almennt og alþýðlegt rit um þann heim sem einhverfir búa við og hvernig byggja má tengsl við þá einstaklinga sem kljást við fötlun af þessu tagi.




Fyrsta skáldsaga Mikaels Torfasonar, Falskur fugl, er komin út að nýju hjá forlagi höfundar, GKJ ehf. Sagan kom fyrst út 1997 og vakti þá þegar óskoraða athygli á höfundinum, einkum hjá yngri lesendum. Sagan fjallar um Arnar, sextán ára strák sem býr hjá velstæðum foreldrum sínum í Grafarvoginum. Lýsir sagan ofbeldiskenndum og köldum heimi.




LJÓÐASAFN Sigfúsar Daðasonar (1928-1996) er komið út hjá Forlaginu með tilstyrk Bókmenntasjóðs. Þorsteinn Þorsteinsson bjó safnið til útgáfu en það geymir allar bækur skáldsins. Sigfús var eitt helsta skáld þeirrar kynslóðar sem kennd var við atómskáldskap, áhrifamikill útgefandi, ritstjóri og kennari.



# Kökur og tónar á Kjarvalsstöðum

Tónleikaröðin Kökukonsertar, sem leiðir saman tónlistarmenn og kökugerðarmeistarann Hafliða Ragnarsson, fór af stað í haust við mikinn fögnuð bæði sælkera og tónlistarunnenda. Annað kvöld kl. 20 fara fram aðrir tónleikarnir í röðinni, en að þessu sinni verða þeir haldnir á Kjarvalsstöðum.

Þema tónleikanna verður Vetur-vor-sumar og er dagskráin sérlega úr garði gerð til þess að draga fram átökin og umrótið sem á sér stað í náttúrunni við árstíðaskipti. Veturinn verður spunninn saman af slagsverksleikaranum Frank Aarnink og Guðmundi Vigni Karlssyni, betur þekktum sem Kippa Kanínus, raftónlistarmanni og tónskáldi. Vorinu verður gerð skil með fimm kampavínskenndum lögum sem nefnast hinu vorlega nafni Five Spring Songs eftir enska tónskáldið Geoffrey Bush, sem Margrét Sigurðardóttir sópran og Agnieszka Panasiuk píanóleikari flytja. Sjóðheitt sumarið kemur svo fram í lagaflokki Hector Berlioz, Nuits d'Été, sem Hallveig Rúnarsdóttir sópran syngur, einnig með Agnieszku Panasiuk. Ekki má gleyma að minnast á þátt Þuríðar Jónsdóttur, flautuleikara og tónskálds, en hún flytur á milli verka sína eigin útfærslu á hluta úr svítu eftir franska tónskáldið Boismortier.



**GUÐMUNDUR VIGNIR KARLSSON, BETUR ÞEKKTUR SEM KIPPI KANÍNUS** Kemur fram á Kökukonsert annað kvöld.

Meðfram tónlistinni býður Hafliði Ragnarsson sem fyrr upp á ævintýralegar veitingar, en á þessum tónleikum hefur honum borist liðsauki við stemningarsköpunina. Arnar Bjarnason, tónskáld og víninnflytjandi, hefur lagt Hafliða sérlegt lið við hönnun veitinga við tónverkin og myndlistarkonan Björg Viggósdóttir býður upp á myndbandsverk sem styður enn frekar við tónlistina. Þannig verður öll upplifunin einstakt samspil hljóðs, myndar og bragðs.

Miðaverð á tónleikana er 2.500 kr. og eru miðar seldir í verslun 12 Tóna á Skólavörðustíg og við innganginn. Vert er að benda á að takmarkaður miðafjöldi er í boði.

- vþ










## > BRÚÐKAUP OG BARN

Ashlee Simpson og Pete Wentz gengu í það heilaga á heimili foreldra hennar um helgina. Athöfnin var aðeins fyrir fjölskyldu og nánustu vini og það var Joe Simpson sem vígði parið, en hann hefur hingað til helst verið þekktur sem umboðsmaður systranna Ashlee og Jessicu. Ashlee ku einnig hafa tilkynnt gestum að þau skötuhjúin ættu von á barni, en þrátt fyrir þrálátan orðróm þess efnis hefur hvorugt þeirra staðfest þetta við fjölmiðla enn sem komið er.



# Fólk

folk@frettabladid.is



## CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í HEIMI

# *Indiana Jones-æði*

Það var varla talað um annað en frumsýninguna á Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull í gær. Langt fram eftir nóttu var fólk, á börunum og í partíunum, ennþá með skiptar skoðanir á myndinni sem hefur verið beðið með svo mikilli eftirvæntingu.

Harrison Ford var í essinu sínu, gaf æstum múgnum eiginhandaráritanir og sagði brandara við blaðamenn með einstökum sjarma. Steven Spielberg og George Lucas ásamt öðrum leikurum myndarinnar, þar á meðal Cate Blanchett, voru líka mætt í „sirkusinn". Mikið var talað um að Harrison Ford væri í fantaformi en hann framkvæmdi öll áhættuatriðin í myndinni sjálfur. Það var orðið á götunni að myndin væri hin ágætasta Hollywood-framleiðsla en vantaði húmorinn og snerpuna sem gömlu Indiana Jones-myndirnar hafa. Indy-gengið virtist þó aldrei í hættu í baráttu við óvinina með tilheyrandi eltingarleikjum og skotbardögum sem Harrison Ford kemst auðveldlega út úr. Að sjálfsögðu.



**VINSÆLIR** Spielberg og Ford stilla sér upp fyrir ljósmyndara í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

Crystal Skull er beðið með mikilli eftirvæntingu um allan heim og verður án efa ein besta sótta mynd ársins. Spielberg viðurkenndi að það hefði þurft að sannfæra hann mest allra til að gera aðra Indiana Jones-mynd en hann hefur einbeitt sér að þungum, sögulegum og dramatískum myndum síðustu ár.

Eftir þessa árás frá Hollywood í Cannes getur fólk byrjað að einbeita sér aftur að myndunum sem keppa um Gullpálmann. Keppnin er um það bil hálfnuð, suður-amerísku myndirnar Lihna de Passe og Leonera hafa fengið bestu gagnrýnina og mesta lofaklapp áhorfenda ásamt tyrknesku myndinni Three Monkeys. Of snemmt er samt að segja hver sé sigurstranglegastur. Tveir risar í kvikmyndaheiminum eiga ennþá eftir að frumsýna sínar keppnismyndir: Clint Eastwood með Changeling og Steven Soderbergh með Che sem er hvorki meira né minna en fjórir og hálfur tími og fjallar um Che Guevara sem leikinn er af Benicio Del Toro.

# *Lögin í kvöld*

**Fyrri undankeppni Eurovision fer fram í kvöld. Í boði eru nítján lög en tíu komast í aðalkeppnina á laugardaginn.**



**ÍRSKI KALKÚNNINN** Eftirtektarverðasta lag kvöldsins. Kjaftfor sokkabrúða með ráma rödd syngur yfir hommadiskó. Mjög athyglisvert allt saman.

## SVARTFJALLAL.

**Stefan Filipovic - Zauvijek volim te**

Svartfellingar stíga fyrstir á svið með lag sem hefur ekki mikinn vind í seglum. Söngvarinn, eins og margir fleiri í keppninni, byrjaði kornungur í bransanum (sjö ára) og lagið er rokkað Balkanskagapopp sungið á serbnesku.

**Veðbankar:** 43. sæti
**Euronördar:** 39. sæti
**Íslenskur titill:** Ég elska þig að eilífu

## ISRAEL

**Boaz - The Fire In Your Eyes**

Boaz vann vinsæla sjónvarpssöngvarakeppni í Ísrael og er þar mikil stjarna. Hann er með háa rödd sem mætti misskiljast að væri úr konubarka. Lagið er sykurballaða sungin á hebresku og ensku.

**Veðbankar:** 24. sæti
**Euronördar:** 17. sæti
**Íslenskur titill:** Eldurinn í augum þínum

## EISTLAND

**Kreisiraadio - Leto svet**
Þrír karlar sem einhverjum finnst eflaust fyndnir í Eistlandi. Lagið á að vera sniðugt og er sungið á serbókróatísku, þýsku og finnsku til að eiga sem mestan séns.

**Veðbankar:** 34. sæti
**Euronördar:** 34. sæti
**Íslenskur titill:** Sumarbirta

## MOLDÓVA

**Geta Burlacu - A Century of Love**

Fyrrverandi matarkista Sovétríkjanna sendir létt djassað popplag með argentínskum tangóblæ. Geta er dáð heima fyrir og hefur séð um marga sjónvarpsþætti.

**Veðbankar:** 40. sæti
**Euronördar:** 38. sæti
**Íslenskur titill:** Öld ástar

## SAN MARÍNÓ

**Miodio - Complice**

Þótt strákarnir í Miodio klæði sig ansi rokkað er lagið fremur máttlaus poppballaða sem veðbankarnir senda á botninn.

**Veðbankar:** 42. sæti
**Euronördar:** 28. sæti
**Íslenskur titill:** Vitorðsmaður

## BELGÍA

**Ishtar - O Julissi**
Þjóðlagabandið Ishtar þurfti að skera niður um fjóra meðlimi til að mega keppa því sex á sviði er hámark. Lagið minnir nokkuð á belgíska smellinn Dominique með „Syngjandi nunnunni" og er flutt á bullmáli, ishtarísku.

**Veðbankar:** 26. sæti
**Euronördar:** 16. sæti
**Íslenskur titill:** Ó Júlíssi

## ASERBAÍDSJAN

**Elnur og Samir - Day After Day**

Aserar taka nú þátt í fyrsta skipti og senda vel þekkta heimapoppara. Þeir bregða sér í líki engils og djöfuls sem takast á með óperusöng og hástemmdu austantjaldsrokki.

**Veðbankar:** 18. sæti
**Euronördar:** 24. sæti
**Íslenskur titill:** Dag eftir dag

## SLÓVENÍA

**Rebeka Dremelj - Vrag naj vzame**

Rebeka syngur taktfast diskópopp og treystir á kynþokkafullt sjó. Hún hefur líka allt til brunns að bera í þeim leiðangri, því fyrir utan að vera poppstjarna varð hún Ungfrú Slóvenía 2001 og önnur í Ungfrú alheimur sama ár.

**Veðbankar:** 29. sæti
**Euronördar:** 14. sæti
**Íslenskur titill:** Til helvítis með það

## NOREGUR

**Maria - Hold On Be Strong**
Maria varð sjötta í Pop Idol 2004 og gaf árið eftir út sólóplötuna Breathing. Hún hefur tekið þátt í vinsælum söngleikjum og fer nú í Eurovision með fullorðinslega kraftballöðu.

**Veðbankar:** 14. sæti
**Euronördar:** 6. sæti
**Íslenskur titill:** Bíddu, vertu sterkur

## PÓLLAND

**Isis Gee - For Life**
Isis hefur verið viðloðandi poppið og djassinn í mörg ár. Fyrsta platan, „Hidden Treasure", kom út í fyrra. Isis syngur Celine Dion-lega ballöðu.

**Veðbankar:** 25. sæti
**Euronördar:** 41. sæti
**Íslenskur titill:** Til lífstíðar

## ÍRLAND

**Dustin the Turkey - Irlande Douze Pointe**
„Írski kalkúninn" er líklega alræmdasti keppandinn í ár. Hann er kjaftfor sokkabrúða með ráma rödd og gargar yfir æsandi hommadiskó. Skiptar skoðanir eru um lagið, mörgum finnst þetta hörmung en aðrir eru hrifnir.

**Veðbankar:** 7. sæti
**Euronördar:** 31. sæti
**Íslenskur titill:** Írland, tólf stig

## ANDORRA

**Gisela - Casanova**
Gisela er vinnuhestur og á langa poppsögu að baki. Hún er spænsk og hefur meðal annars unnið sér til frægðar að syngja stuðningslag Barcelona-fótboltaliðsins á tímabilinu 2003-2004. Lagið er funheitt eurodiskó.

**Veðbankar:** 27. sæti
**Euronördar:** 15. sæti
**Íslenskur titill:** Kasanóva

## BOSNÍA & HERS.

**Laka - Pokusaj**
Skrýtið popplag með rokkuðum kafla eftir höfundinn sjálfan, Laka, sem er stjarna heima hjá sér. Sjóið er athyglisvert, vöðvabúnt með hrífur, en lifandi hæna sem átti í upphafi að vera með var bönnuð.

**Veðbankar:** 10. sæti
**Euronördar:** 18. sæti
**Íslenskur titill:** Reyndu

## ARMENÍA

**Sirusho - Qele Qele**

Unga söngkonan Sirusho fær fljúgandi start hjá veðbönkum og euronördum. Hún er ekki nema tvítug en hefur samt gefið út þrjár sólóplötur. Lagið er glaðlegt og hresst popp með þjóðlagaáferð.

**Veðbankar:** Þriðja sæti
**Euronördar:** Fjórða sæti
**Íslenskur titill:** Gerðu það

## HOLLAND

**Hind - Your Heart Belongs To Me**

Hollendingar hafa verið fastir í undanriðlinum í þrjú ár svo söngkonan Hind ætlar að reyna sitt besta til að komast upp. Lagið er hresst popp, en kannski full mikið miðjumoð til að Hind takist ætlunarverk sitt.

**Veðbankar:** 37. sæti
**Euronördar:** 40. sæti
**Íslenskur titill:** Hjarta þitt tilheyrir mér

## FINNLAND

**Teräsbetoni - Missä miehet ratsastaa**
Finnar, sem einir þjóða hafa unnið Eurovision með þungarokki, treysta enn á þá tónlistarstefnu og senda þekkt finnskt metalband og ekta víkingarokklag, karlmannlegt og sveitt.

**Veðbankar:** 17. sæti
**Euronördar:** 35. sæti
**Íslenskur titill:** Þar riðu hetjur um völl

## RÚMENÍA

**Nico og Vlad - Pe-o Margine de Lume**
Þau Nico og Vlad eru valinkunnir rúmenskir poppsöngvarar með marga sigra í farteskinu. Lagið er all gamaldags ballaða sungin á rúmensku og ítölsku.

**Veðbankar:** 12. sæti
**Euronördar:** 10. sæti
**Íslenskur titill:** Á brún heimsins

## RÚSSLAND

**Dima Bilan - Believe**
Dima er vel styrktur af rússneskum peningaöflum sem hafa sent hann um víðan völl til að vinna með þekktum alþjóðlegum stjörnum. Dima varð í öðru sæti árið 2006 en hyggst nú fara alla leið með hugljúfri ballöðu.

**Veðbankar:** Fyrsta sæti
**Euronördar:** 9. sæti
**Íslenskur titill:** Trúðu

## GRIKKLAND

**Kalomira - Secret Combination**

Fyrir utan að hafa verið viðloðandi poppið frá unga aldri hefur Kalomira kynnt sjónvarpsþætti og leikið í grískum sápum. Grísk þjóðlagahefð er krydduð með nútímalegum R&B-töktum í síðasta lagi kvöldsins.

**Veðbankar:** 6. sæti
**Euronördar:** 11. sæti
**Íslenskur titill:** Leynileg samsetning




# Dæmir ekki Megas

Hagavagninn hljómar nú í nýrri útgáfu Megasar og Senuþjófanna. Lagið verður ásamt öðrum íslenskum ellismellum á plötunni „Á morgun“ sem kemur út í júní. Hagavagninn er eftir útvarpsmanninn góðkunna Jónas Jónasson. „Megas er mikill meistari og við erum góðir vinir,“ segir Jónas.

Hann vill þó ekki leggja dóm á flutning Megasar á laginu. „Lagið dæmir sig sjálft, ég dæmi hvorki lagið né flytjendur þess. Það hafa margir tekið það í gegnum tíðina; Haukur Morthens, Ævar Kvaran og nú Megas, og ég yrði brjálaður ef ég færi að taka einn fram yfir annan. Halldór Laxness var spurður álíka spurningar og þú ert að spyrja mig núna þegar Árni Johnsen gerði heila plötu með ljóðunum hans. Og Laxness svaraði: „Það syngur hver með sínu nefi, hrafninn og spóinn.“ Eigum við ekki bara að segja að það svar sé enn þá fullgott?“



**LAGIÐ DÆMIR SIG SJÁLFT** Jónas Jónasson yrði brjálaður færi hann að taka einn flytjanda fram yfir annan.

- glh

# Fyrst fótbolti, síðan Fogerty

Bandaríski tónlistarmaðurinn John Fogerty, sem spilar í Laugardalshöll annað kvöld, lendir hér á landi í dag með eiginkonu sína og tvö börn. „Þau ætla að njóta þess að vera hérna og borða góðan mat,“ segir Grímur Atlason tónleikahaldari. Munu þau dvelja á litlu hóteli í miðborginni á meðan hljómsveit hans verður á stærra hóteli.

Kröfulisti Fogertys fyrir tónleikana vakti nokkra athygli á dögunum því á honum var eitt stykki X-box leikjatölva. Grímur segist vera búinn að redda tölvunni en það sem hafi aftur á móti ekki komið fram er að tölvan er fyrir sjö ára son hans en ekki hann sjálfan.

KK hitar upp fyrir Fogerty og hefur leik sinn klukkan 20. Fogerty stígur síðan á svið klukkutíma síðar. „Hann byrjar þegar leikurinn í Meistaradeildinni er búinn klukkan 20,“ segir Grímur og á þar við úrslitaleik Chelsea og Manchester United. „Fogerty byrjar klukkan níu þegar það er allt búið, þannig að menn geta horft á leikinn og farið svo á tónleikana.“

Fogerty er í hörkuformi að sögn Gríms og spilar öll sín helstu lög eins og sjá má á heimasíðu hans. Spilaði hann 25 lög fyrir skömmu í Kaliforníu, þar á meðal slagarana Down on the Corner, Proud Mary og Who'll Stop the Rain.

Enn eru eftir miðar á tónleikana í Höllinni, sem verða þeir fyrstu í tónleikaferð Fogertys um Evrópu.

- fb



**JOHN FOGERTY** Tónlistarmaðurinn John Fogerty treður upp í Laugardalshöll annað kvöld.



**BECKHAM** Klífur Kilimanjaro fyrir Unicef.

# Beckham klífur Kilimanjaro

**Knattspyrnumaðurinn David Beckham hyggst klífa fjallið Kilimanjaro. Ástæða þess að hann leggur upp í þessa sex daga heljarför er sú að hann ætlar að safna peningum fyrir Unicef í leiðinni. Mun það hafa verið hinn góðhjartaði söngvari U2, Bono, sem skoraði á Beckham að gera þetta. Heimildarmaður The Sun sagði að þetta þrekvirki væri aðeins meira en Beckham er vanur að leggja á sig líkamlega, en hann væri engu síður staðráðinn í að láta verða af þessu. Mun hann hafa verið efins í fyrstu en Bono hafi með sínum alkunna sannfæringarmætti náð að telja hann á að gera þetta. Engin dagsetning hefur verið ákveðin vegna þess að Beckham er upptekinn með liði sínu LA Galaxy. Klifrið mun hins vegar fara fram, svo mikið er víst, ef marka má heimildarmann The Sun.**

# Mel B gerir sólóplötu

**Samkvæmt heimildum slúðursíðunnar PerezHilton.com er ofurkryddið Mel B með sólóplötu í vinnslu. Það mun ekki vera í fyrsta sinn sem kryddpían reynir fyrir sér í tónlistinni ein síns liðs, en að þessu sinni mun hún vera að vinna með þekktustu upptökustjórunum vestanhafs.**

**Mel B hyggst halda sig í popptónlistinni með „urban“ ívafi og mun hafa eytt síðustu viku í vinnslu á plötunni með Scott Storch, en fyrrverandi kryddpían hefur einnig fengið til liðs við sig Damon Elliott, JR Rotem, Richie Skillz og Rodney Jerkins.**



**MEL B ER Í HLJÓÐVERI** Kryddpían vinnur með þekktum upptökustjórum á nýrri sólóplötu sinni.


SUMARNÁMSKEIÐ
TÓNVINNSLUSKÓLA ÞORVALDAR BJARNA
ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN GETUR FUNDIÐ EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI Í TÓNLISTINNI.

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá skólanum*



Barna- og unglinga námskeið í söng, dans og framkomu á sviði.

Þetta námskeið er í samvinnu við Dansskóla Birnu Björnsdóttur.

Námskeiðið er fyrir hressa krakka á aldrinum 6 - 13 ára og stendur í tvær vikur mánudag til fimmtudags frá kl. 10-14

Námskeiðið hefst 9. júní og fer fram í Reykjavík og Garðabæ.

Á námskeiðinu er nemendum kennt að syngja skemmtileg íslensk dægurlög. Það eru æfðir dansar við lögin og nýjustu, vinsælustu dansspórin kennd. Námskeiðið gengur út á að æfa upp efni fyrir tónleika í sal skólans fyrir vini og fjölskyldu. Tónleikarnir verða teknir upp.



Kennarar verða meðal annara Erna Hrönn söngkona hljómsveitarinnar Bermúda, Birna Björnsdóttir o.fl.



ATH: Hægt er að nota frístundakort ÍTR til niðurgreiðslu þessa námskeiðs.

Masterclass í söng og framkomu fyrir fólk á öllum aldri sem vilja skerpa á söngkunnáttu sinni.



Námskeiðið er leitt af Margréti Eir Hjartardóttur sem hefur nýlega lokið námi í söngkennslu í New York.
Margrét hefur mikla reynslu af tónleikahaldi, söng og leik í leikhúsinu og hefur sungið inn á tugi hljómplatna.

Söngleikja- og dægurtónlist verður aðalviðfangsefnið á þessu námskeiði. Nemendur undirbúa bæði einsöngslög og samsöng. Í lok námskeiðsins verða tónleikar og upptökur.

Farið verður meðal annars í:

Upphitun - Hvernig á að hita sig upp fyrir tónleika?
Lagaval - Hvernig velur maður lög við sitt hæfi?
Túlkun - hvernig á að vinna og bera fram texta.
Framkoma - hvernig er best fyrir hvern og einn að standa á sviði og syngja.
Hljóðnematækni - Hvernig beitir maður hljóðnemanum til að ná sem bestum hljóm í lifandi flutningi?

Námskeiðið hefst 9. júní og fer kennslan fram í hljóðveri skólans fyrir Kópavogi á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16-18.

Hægt er að nota frístundakort ÍTR til niðurgreiðslu þessa námskeiðs.

Masterklass í hljóðblöndun.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson verður með vikulangt námskeið í hljóðblöndun í Pro-Tools.



Farið verður í vinnubrögðin bak við galdurinn að fá góðan hljómburð á lögin okkar.
Hvernig nær maður kraftmiklum trommuhljóm, glitrandi gítarhljóm, hvernig fær maður söngvarann til að hljóma eins og flauel, þurra steinsteypu, blauta ýsu eða seiga tjöru, hvernig mixar maður sérstaklega fyrir útvarp, CD, kvikmynd o.s.f.
Hljóðblönduð verða þrjú ólík þekkt íslensk dægurlög.

Námskeiðið fer fram í hljóðveri Reykjavik Music Productions frá 16.-24. júní kl. 17-21

REASON propellerhead PRO TOOLS digidesign

Tónvinnsla, haustönn.

Við minnum á að byrjað er að skrá nemendur í aðalnám skólans sem er Tónvinnslunám fyrir haustið 2008. Tónvinnslunámið sem er Pro-Tools hljóðupptöku og laga- smíðanámskeið verður enn skemmtilegra þar sem nú bætist við kennsla í grunnþáttum kvikmyndatónlistar. Að öðru leiti er námskeiðið eins og það hefur verið, próf tekin í Pro-Tools 101-110 sem gefur rétt á inngöngu í framhaldsnám erlendis í Pro-Tools 201-310 sem gefa starfsréttindi í hljóð- og kvikmyndabransanum. Lög nemenda eru fullunnin til útgáfu eða útvarpsspilunar á námstímanum.

Ómissandi sumargítarnámskeið.

Lærðu að spila undir öllum lögunum sem nauðsynlegt er að kunna í útilegunni, á útihátíðinni eða í partíunum í sumar.
Vignir Snær (Írafár, Bandið hans Bubba, X-Factor) og Gunnar Þór (Sóldögg, X-Factor) ætla að kenna ungum sem öldnum að spila undir söng á þessu fjögurra vikna sumarnámskeiði, sem verður kennt tvisvar í viku frá 16. júní til 12. júlí.

Farið verður í öll helstu gítargripin, mismunandi ásláttartækni og öll lögin sem nauðsynlegt er að kunna fyrir sumarið.
Viku námskeið frá 25. júní til 1. júlí.



TONVINNSLUSKOLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

Námskeiðin hefjast í júní.
* Frístundakortin gilda á valin námskeið og upplýsingar um kortin er að finna á www.itr.is

Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 6, 8 og 10.10 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 8 og 10.10 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |



ÓDÝRARA MIÐAVERÐ Á MIDI.IS

| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| U2 3D | kl. 10:30/3D | L |
| IRON MAN DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:50 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 6 - 8 | L |
| U2 3D | kl. 6/3D | L |
| THE HUNTING PARTY 3D DIGITAL | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 10 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:50 | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | L |
| MAID OF HONOR | kl. 8 | L |
| IRON MAN | kl. 10:10 | 12 |
| RUINS | kl. 10:10 | 16 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 - 10:15 | 12 |
| IRON MAN | kl. 8 | 12 |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:15 | 7 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NIM'S ISLAND | kl. 8 | L |
| IRON MAN | kl. 10 | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| STREET KINGS | kl. 10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| REDACTED | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| TROPA DE ELITE | kl. 8 | 16 |
| THE RUINS | kl. 10.20 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 8 - 10 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 6 | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Leita að hjartasjúklingum

ZikZak leitar nú að aukaleikurum fyrir nýjustu mynd leikstjórans Dags Kára, „The Good Heart“. Meðal annars er leitað að um tuttugu Íslendingum til að leika hjartasjúklinga, en hjörtu eru í stóru hlutverki í myndinni, eins og titill hennar gefur til kynna. Fréttablaðið greindi til dæmis frá því á dögunum þegar Dagur Kári braut blað í kvikmyndasögunni og kvikmyndaði alvöru hjartaaðgerð á Landspítalanum fyrir umrædda mynd.

Margrét Bjarnadóttir hjá ZikZak segir aukaleikara ekki þurfa að hafa neitt ákveðið til brunns að bera til að koma til greina sem hjartasjúklingar. „Ég býst við því að þeir séu nú bara alla vega. En við erum kannski helst að leita að fólki í eldri kantinum,“ útskýrir Margrét. „Það kom fjöldi fólks þegar við vorum með prufur fyrir jól, en stór hluti þess hóps var ungt fólk,“ segir hún. Aðspurð hvort erfiðara sé að ná til eldra fólks í starf aukaleikara segir Margrét svo ekki endilega vera. „Ég held samt að yngra fólk sé meðvitaðra um þennan möguleika,“ segir hún.

Fyrir utan þá sem munu bregða sér í hlutverk hjartasjúklinga leitar ZikZak að stórum hópi fólks til að leika starfsfólk og gesti á spítala. „Myndin á að gerast í New York, sem er mjög alþjóðleg borg. Við höfum þess vegna verið að leita að erlendu fólki búsettu á Íslandi, en Íslendingar eru samt sem áður hjartanlega velkomnir,“ segir Margrét. Tökurnar fara fram á spítalanum á gamla varnarliðssvæðinu í Keflavík á tímabilinu 28. maí til 7. júní. „Hver og einn aukaleikari myndi samt aldrei vera fleiri en einn, tvo daga. Það er mikið af fólki sem kemur á spítala og er ekki marga daga í röð, svo við erum að leita að stórum hópi,“ útskýrir Margrét.

Áhugasamir geta haft samband við ZikZak.



**AUKALEIKARAR ÓSKAST** Fyrir nýjustu kvikmynd Dags Kára, The Good Heart, vantar aukaleikara í hlutverk hjartasjúklinga, auk stórs hóps fólks með alþjóðlegu yfirbragði.

# Athyglissýki í höll Títós

**Tveir dagar eru þangað til örlög Friðriks Ómars og Regínu Óskar ráðast í undankeppni Eurovision. Dr. Gunni er kominn til Serbíu og fylgist með keppninni.**



**VÖKTU MIKLA ATHYGLI** Regína Ósk og Friðrik Ómar stóðu í stykkinu í höll Títós. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikilfenglegasti gleðskapurinn áður en sjálf keppnin byrjar fór fram á sunnudagskvöldið þegar bæjarstjóri Belgrad bauð í glæsihöllina Palata Srbije. Þarna hélt Tító og hans lið til á sínum tíma og hrærði saman límið sem hélt Júgóslavíu saman. Nú er öldin önnur og popplið streymdi í höllina. Keppendur drógu að sér mismikla athygli. Finnsku þungarokkararnir, nú komnir úr leðrinu og klæddir í jakkaföt, sluppu nánast við myndatökur en bæði írski kalkúninn og lettnesku sjóræningjarnir mættu með læti og hávaða svo þyrpst var að þeim með blikkandi flassljós.

Íslenski hópurinn fékk mikla athygli, enda Friðrik og Regína geislandi og fönguleg. Regína í glæsilegum rauðum kjól, Friðrik eitt stórt bros. Grétar Örvarsson var einn bakraddasöngvara mættur, hin lágu úrvinda á hóteli, enda búin að vera í annarri veislu fyrr um daginn.

Eurobandið virðist vera í allmiklum meðbyr, þótt allir sem ég talaði við hefðu passað sig á að slá ekki of miklu fram um afdrif lagsins í undankeppninni. Í Euroklúbbnum, sem starfræktur er í fjölmiðlahöllinni, hafa gestir spáð hvaða tíu lönd komast áfram. Þar er Ísland öruggt inn. Nú mæðir á Eurobandinu. Þau æfa stanslaust, inni á hótelsvítu ef ekkert betra býðst, enda þurfa þessar þrjár mínútur á fimmtudagskvöldið að nýtast sem best.

Gaman var að sjá loksins alla þessa listamenn augliti til auglitis. Frakkinn Sébastien Tellier var með sólgleraugun, reyttur um hárið í megakrumpuðum rjómagulum jakkafötum. Portúgalska buddan lék á als oddi og flögraði berfætt um sali. Lettnesku sjóræningjarnir bauluðu þetta hundleiðinlega lag sitt út í eitt veifandi dótabyssum og hver athyglissjúka söngdrottningin af annarri sló í gegn þegar hún leyfði euronördum að mynda sig með henni.

Euronördarnir já. Það er nú alveg glæsileg tegund af minnihlutahópi. Ég gaf mig á tal við tvo sem reyndust vera finnskir og í sambúð, Martti og Pusi. „Vá, ertu íslenskur! Ég er stofnandi aðdáendaklúbbs Jónsa á Facebook,“ sagði Martti, mér til mikillar furðu. Martti hélt áfram að dásama Jónsa um stund, sagði „Heaven“ eitt besta lagið í sögu Eurovision og Jónsa einhvern vinalegasta mann sem hann hafði kynnst.

En lagið núna, á það einhvern séns? – reyndi ég að koma að í Jónsa-flóðinu. „Þetta er gott lag og Friðrik og Regína eru með góðar raddir,“ sagði Martti og bætti við: „En ég held bara að þið eigið ef fáa nágranna. Því miður.“



**MESTU AÐDÁENDUR JÓNSA Í FINNLANDI** Euronördarnir Martti og Pusi voru hressir í Serbíu þegar útsendarar Fréttablaðsins rákust á þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gunnarh@frettabladid.is






# Justin upp að altarinu

Justin Timberlake hyggst biðja kærustu sína Jessicu Biel að giftast sér. Bónorðið mun vera á næsta leiti en miklar sögusagnir eru uppi þess efnis að Jessica sé með barni þar sem hún hætti að drekka á dögunum. „Justin er 27 ára og farinn að huga að hjónabandi og barneignum. Fyrst núna er hann á þeim stað í lífinu að hann er tilbúinn að verða ráðsettur fjölskyldufaðir. Hann er harðákveðinn í að giftast Jessicu,“ sagði heimildarmaður við The Sun. Jusin mun vera yfir sig ástfanginn af Jessicu og mun hafa áttað sig á því hve ástin var sterk þegar hann þurfti að vera í burtu frá henni þegar hann tók upp lag með Madonnu.

Þá hefur söngvarinn áætlað að fljúga með vini og ættingja til eyjunnar Mustique sem er í einkaeigu. Mun það vera gert til að sleppa undan ágangi ljósmyndara sem mun án nokkurs vafa verða talsverður. „Það mun kosta hann fúlgur fjár að fljúga fjölskyldu og vinum til Mustique. Það skiptir hann engu máli því hann setur ekki verðmiða á hug sinn til Jessicu,“ bætti sami heimildarmaður við.



**ÁSTFANGIN** Jessica Biel og Justin Timberlake. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rokk og ról hjá Jet Black

**Rokkararnir í Jet Black Joe héldu stórtónleika í Laugardalshöll síðastliðið föstudagskvöld ásamt Gospelkór Reykjavíkur. Fullt var út úr dyrum á tónleikana og skemmtu gestir sér hið besta.**

Jet Black Joe flutti öll sín bestu lög á tónleikunum, þar á meðal Rain og Higher and Higher, við frábærar undirtektir og sýndi sveitin að hún er síður en svo dauð úr öllum æðum. Á meðal gesta sem stigu á svið voru Hreimur Örn Heimisson og Guðmundur Jónsson úr Sálinni.



**DÚETT** Páll Rósinkranz, söngvari Jet Black Joe, og Hreimur Örn Heimisson sungu dúett á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÞRÍR Í STUÐI** Félagarnir Frosti, Orri Freyr og sjálfur Hemmi Gunn voru í góðu stuði í Laugardalshöll.



**ANDRI OG ALÍSA** Andri og Alísa létu sig ekki vanta á tónleika Jet Black Joe.



**EIR OG GUNNAR** Eir og Gunnar mættu í Höllina til að hlýða á rokkarana í Jet Black Joe syngja sín helstu lög.



**FJÓRAR SPENNTAR** Eftirvæntingin leyndi sér ekki í andlitum þeirra Láru, Dagnýjar, Auðar og Hrundar.



**BROSMILD** Guðrún og Birkir brostu fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.

# Gera tvær kvikmyndir

Höfundar bresku gamanþáttanna Little Britain, Matt Lucas og David Walliams, eru með tvær kvikmyndir í bígerð. Samkvæmt Hollywood-tímaritinu Variety eru þeir að vinna að mynd með bandaríska framleiðandanum Dreamworks, sem hefur gert stórmyndir á borð við Transformers og Sweeney Todd. Einnig eru þeir að undirbúa mynd með breska fyrirtækinu Working Title sem hefur áður sent frá sér myndirnar Hot Fuzz og Atonement.

Lucas og Walliams virðast vera sjóðheitir um þessar mundir því þeir eru þegar byrjaðir að taka upp bandaríska útgáfu af Little Britain fyrir sjónvarpsstöðina HBO.



**LITTLE BRITAIN** Höfundar Little Britain eru heldur betur að færa út kvíarnar.


ÁRSFUNDUR STOFNUNAR FRÆÐASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HÁSKÓLI ALLRA LANDSMANNA
HÁSKÓLATORGI, MIÐVIKUDAGINN 21. MAÍ 2008

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 9:30 | SETNING Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra |
| 9:40 | ÁVARP Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands |
| 9:55 | ÁRATUGUR - ÞRÓUNIN FRÁ 1997 Rögnvaldur Ólafsson forstöðumaður og formaður stjórnar Stofnunar fræðasetra HÍ |
| 10:25 | Á MÖRKUNUM. SVARTÁRKOT - MENNING OG NÁTTÚRA Viðar Hreinsson framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar |
| 10:45 | KAFFIHLÉ |
| 11:05 | WHY BOTHER ABOUT RURAL? Frank Rennie prófessor við University of Highlands and Islands, *erindi flutt í gegnum fjarfundabúnað* |
| 11:25 | MISSIR LANDSBYGGÐIN AF ÞEKKINGARSAMFÉLAGINU? Lilja Mósesdóttir |
| 11:45 | HVALATAL „ACOUSTIC TECHNIQUES TO STUDY MARINE MAMMALS“ Marianne Helene Rasmussen |
| 12:05 | HÁDEGISVERÐUR í boði Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands |
| 13:15 | SÍKLÍÐUR NORÐURSINS Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir |
| 13:35 | TVEIR NÝLIÐAR Í ÍSLENSKA DÝRARÍKINU Tryggvi Þórðarson |
| 13:55 | RANNSÓKNIR Í RÍKI VATNAJÖKULS Þorvarður Árnason |
| 14:15 | KAFFIHLÉ |
| 14:35 | VÍSINDI Í ÞÁGU HLUNNINDA - RANNSÓKNIR Á ÆÐARFUGLI Jón Einar Jónsson |
| 14:55 | HREIN ÍSLENSK NÁTTÚRA EÐA HVAÐ? Jörundur Svavarsson |
| 15:15 | RÁÐSTEFNUSLIT OG LÉTTAR VEITINGAR |
| | FUNDARSTJÓRI: Ólína Þorvarðardóttir |

Boðið er til kynningar á fræðasetrum Háskóla Íslands um land allt
Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfang: astridur@hi.is eða
í síma 525 4920 fyrir lok dags, 20. maí 2008

STOFAN SLF



Salou

23. og 30. maí

frá kr. 34.990

Terra Nova býður nú frábær sértilboð til Salou. Í boði er einstakt tilboð á Cye Holiday Center íbúðahótelinu og Aqua & Golden hótelíbúðunum á Pineda ströndinni. Við bæjarmörkin er Port Aventura skemmtigarðurinn og Aquapolis vatnsrennibrautagarðurinn er í hjarta Pineda örskammt frá Salou. Góðar íbúðir á frábærum kjörum.




Kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku, 23. maí. Brottför 30. maí kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000 á mann.

Kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í íbúð í viku á Aqua & Golden. Cye Holiday Center kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 14.000 á mann.




Einnig bjóðum við ótrúlegt súpersólar tilboð, þar sem þú bókar og tryggir þér sæti og færð að vita um þinn gististað 4 dögum fyrir brottför. Strönd, sól og skemmtun á frábæru verði.

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

## > Þóra gefur aftur kost á sér í landsliðið

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari A-landsliðs kvenna í fótbolta, talaði í gær við fyrrverandi landsliðsmarkvörðinn Þóru Björgu Helgadóttur, sem hefur ákveðið að gefa kost á sér í ný í íslenska landsliðið. „Þóra hringdi í mig í dag, við ræddum málin og áttum gott spjall. Ég get staðfest það að Þóra gefur kost á sér í landsliðið á ný en svo verðum við bara að sjá hvernig landsliðsvalið verður á miðvikudaginn,“ sagði Sigurður Ragnar í samtali við Fréttablaðið í gær. Fram undan er fyrsti leikur ársins, í undankeppni EM á útivelli á móti Serbíu. Þóra er reyndasti landsliðsmarkvörður Íslands frá upphafi og aðeins tvær konur hafa leikið fleiri landsleiki en hún.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÞRÓTTUR OG FH SKIPTU Á MILLI SÍN STIGUNUM: ÞÓRÐUR HREIÐARSSON JAFNAÐI LEIKINN Í LOKIN**

# *Átta marka dramatík í Laugardalnum*

Áhorfendur á Valbjarnarvelli fengu svo sannarlega eitthvað fyrir peninginn sinn í 4-4 jafntefli Þróttar og FH í gær, nánar tiltekið hvert mark á 187 og hálfa krónu. 1.500 krónur kostaði á leikinn og átta mörk litu dagsins ljós í frábærum knattspyrnuleik.

Hjörtur Júlíus gaf tóninn þegar hann kom Þrótti yfir eftir eina mínútu en FH jafnaði og komst yfir. Þróttur jafnaði fyrir hlé og dramatíkin var mikil í síðari hálfleik.

FH komst tvisvar yfir en Þróttarar sýndu gríðarlega baráttu og jöfnuðu tvisvar, í síðara skiptið í uppbótartíma, sem kætti heldur betur líflega Köttara.

„Heilt yfir var þetta sanngjarnt. Þetta var sóknarbolti eins og hann gerist bestur,“ sagði markamaskínan Hjörtur í leikslok. Hjörtur hefur rétt fyrir sér, úrslitin voru sanngjörn.

FH-ingar voru meira með boltann og áttu fleiri færi, en barátta Þróttara skilaði þeim góðu stigi á heimavelli. Þeir hefðu getað stolið sigrinum en vítaspyrnan undir lokin var mjög umdeildur dómur. Sitt sýnist hverjum um það en karakter Þróttara var mikill og nýliðarnir gerðu vel í að ná stigi



gegn FH. „Fyrir fram hefði maður verið sáttur við stig en í stöðunni 3-3 fannst mér þeir fá ódýrt víti, mér fannst Tryggvi brjóta á honum áður en hann fékk boltann í hendina. Ég skoða þetta betur í sjónvarpinu,“ sagði íþróttafréttaritarinn geðþekki, sem fer eflaust vel yfir leikinn úr Efstaleitinu. „Eins og leikurinn þróaðist vildi ég auðvitað vinna þetta í stöðunni 3-3.“

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var ósáttur í leikslok. „Auðvitað var þetta góð skemmtun fyrir fólkið en við einfaldlega mættum ekki til leiks í fyrri hálfleik og vorum sjálfum okkur verstir. Í fótbolta þarf að verjast og það gerðum við ekki í fyrri hálfleik. Varnarleikurinn var ekki til fyrirmyndar í þessum leik,“ sagði Heimir, sem var þó nokkuð sáttur við úrslitin heilt á litið.

„Þróttur var sterkari í fyrri hálfleik en við í þeim seinni. Þeir fá engin færi þá en skora eftir föst leikatriði og það eru ekki mörk sem þú vilt fá á þig í fótbolta. Það er þó jákvætt að við töpum ekki þegar við spilum svona. Við verðum að fækka mistökum okkar í sókninni,“ sagði þjálfarinn.

**HK 1-2 Keflavík**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 820 — Jóhannes Valgeirs. (8)

*1-0 Mitja Brulc (50.)*
*1-1 Jón Gunnar Eysteinsson (80.)*
*1-2 Patrik Ted Redo (84.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–9 (5–4) |
| Varin skot | Ögmundur 2 – Ómar 4 |
| Horn | 5–12 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–11 |
| Rangstöður | 0–4 |

| **HK** 4–5–1 | | **KEFLAV.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ögmundur Ólafsson | 5 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Stefán Eggertsson | 7 | Guðjón Árni Anton. | 6 |
| Ásgrímur Albertsson | 6 | Hallgrímur Jónasson | 7 |
| Finnbogi Llorens | 6 | Kenneth Gustafsson | 6 |
| Hörður Árnason | 6 | Brynjar Guðmundss. | 6 |
| Aaron Palomares | 6 | Magnús Þorsteinsson | 5 |
| (72. Iddi Alkhag | -) | (65. Hörður Sveinss. | 6) |
| Goran Brajkovic | 4 | Hans Yoo Mathiesen | 4 |
| Þorlákur H. Hilmars. | 4 | (65. Jón Gunnar Eyst. | 7) |
| Finnur Ólafsson | 6 | ***Hómar Örn Rún.** | **7** |
| Hermann Geir Þórss. | 5 | Símun Samuelsen | 6 |
| (89. Damir Muminovic | -) | Guðmundur Steinarss. | 5 |
| Mitja Brulc | 6 | (74. Þórarinn Kristján. | -) |
| | | Patrik Ted Redo | 6 |

**Maður leiksins*

Landsbankadeild kvenna:

## Aftur slapp KR

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir tryggði KR 2-3 sigur á Þór/KA í Boganum á Akureyri í gær eftir að norðanstúlkur höfðu komist tvisvar yfir í leiknum.

Rakel Hönnudóttir kom Þór/KA í 1-0 á 7. mínútu, Hólmfríður jafnaði á 31. mínútu en Alexandra Tómasdóttir kom heimastúlkum í 2-1. Það var síðan Hrefna Huld Jóhannesdóttir sem jafnaði áður en Hólmfríður tryggði KR sigur tíu mínútum fyir leikslok. -óój

# Loksins var líf í Lautinni

**Fylkismenn byrjuðu Íslandsmótið í 3. umferð þegar þeir lögðu afspyrnuslaka Valsmenn, 2-0, í Árbænum. Sigur Fylkis var verðskuldaður. Meistarar Vals hafa tapað tveimur af þrem leikjum sínum og fengið á sig sjö mörk í þremur leikjum.**

**FÓTBOLTI** Það var engu líkara en leikmenn Fylkis væru nýbúnir að fá útborgað þegar þeir tóku á móti Íslandsmeisturum Vals í Árbænum í gær.

Árbæingar sýndu á sér allt aðra hlið en í fyrstu tveim umferðum mótsins, börðust grimmilega, voru vel skipulagðir og hættulegir fram á við. 2-0 sigur þeirra var fyllilega verðskuldaður en Valsmenn fengu það sem þeir áttu skilið – ekki neitt.

Þetta var fyrsti heimasigur Fylkis á Val síðan sumarið 2003 en Valsmenn höfðu unnið þrjá síðustu leiki liðanna á Fylkisvellinum.

Sökum meiðsla voru Valsmenn með nýjar áherslur í leikskipulagi sínu sem gengu nákvæmlega engan veginn upp og margir leikmanna liðsins virtust vart vita í hvorn fótinn þeir áttu að stíga. Það segir sína sögu að Valsmenn komu ekki skoti á rammann allan leikinn.

Fylkismenn voru aftur á móti grimmir og Haukur Ingi líflegur frammi og spilaði einn sinn besta leik í háa herrans tíð. Besti maður vallarins, Halldór Hilmisson, kom Fylki yfir með laglegu marki. Fékk sendingu frá Vali Fannari, lék á varnarmann og afgreiddi boltann snyrtilega í fjærhornið. Smekklega gert.

Willum fór í sitt hefðbunda leikkerfi í síðari hálfleik og var allt annað að sjá til liðsins í kjölfarið.



**1-0** Halldór Hilmisson sést hér skora mark sitt, Atli Sveinn Þórarinsson var of seinn að loka og Kjartan Sturluson náði ekki að verja skotið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mesti móðurinn rann þó af gestunum fljótlega. Tuttugu mínútum fyrir leikslok var svo dæmt víti á Bjarna Ólaf, sem átti skelfilegan leik, er hann braut á Hauki Inga. Gravesen skoraði örugglega úr vítinu og innsiglaði sanngjarnan sigur heimamanna.

### Áttum ekkert skilið

„Við áttum ekkert skilið úr þessum leik og það er fyrst og fremst svekkjandi að hafa ekkert átt skilið úr þessum leik. Það var margt að í dag,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, hundsvekktur og það skiljanlega enda hans menn að spila einn sinn slakasta leik í langan tíma.

### Urðu undir í baráttunni

„Fylkisliðið sýndi í kvöld hvernig á að fara að þessu. Menn lögðu sig fram og börðumst sem ein liðsheild. Valsmenn urðu undir í baráttunni í kvöld. Það skiptir ekki alltaf máli hvað menn eru góðir í fótbolta ef þeir nenna ekki að berjast,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, talsvert kátari en eftir síðustu leiki. - hbg / - sjj

**Fylkir 2-0 Valur**

Fylkisvöllur, áhorf.: 1684 — Eyjólfur Kristinsson (7)

*1-0 Halldór Hilmisson (31.)*
*2-0 Peter Gravesen, víti (71.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–8 (5–0) |
| Varin skot | Fjalar 0 – Kjartan 3 |
| Horn | 2–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–19 |
| Rangstöður | 5–4 |

| **FYLKIR** 4–5–1 | | **VALUR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Kjartan Sturluson | 6 |
| Þórir Hannesson | 7 | René Carlsen | 5 |
| Kristján Valdimarss. | 7 | Atli Sveinn Þórarinss | 6 |
| Valur Fannar Gíslas. | 7 | Gunnar Einarsson | 4 |
| Víðir Leifsson | 7 | (46. Albert Ingason | 4) |
| Hermann Aðalgeirss. | 6 | Birkir Már Sævarsson | 3 |
| Ólafur Ingi Stígsson | 6 | Hafþór Ægir Vilhjálms. | 4 |
| (84. Guðni Rúnar | -) | Baldur Bett | 3 |
| Ian Jeffs | 7 | Bjarni Ólafur Eiríkss. | 3 |
| (89. Andrés Már Jóh. | -) | Sigurbjörn Hreiðarss. | 4 |
| Peter Gravesen | 7 | (65. Rasmus Hansen | 4) |
| ***Halldór Hilmiss.** | **8** | Pálmi Rafn Pálmason | 5 |
| Haukur Ingi Guðnas. | 7 | Helgi Sigurðsson | 4 |
| (76., Kjartan Andri | -) | (80., Guðm. Hafsteinss. | -) |

**Maður leiksins*




Keflvíkingar unnu þriðja leikinn í röð en HK er enn án stiga:

# Keflvíkingar vöknuðu í lokin

**FÓTBOLTI** Keflavík er enn með fullt hús stiga í Landsbankadeild karla eftir 2-1 sigur á HK í Kópavogi í gærkvöld. Keflvíkingar skoruðu bæði mörk sín á síðustu tíu mínútum leiksins og situr HK eftir með sárt ennið án stiga á botni deildarinnar.

Leikmenn HK voru frískir í upphafi leiks og áttu nokkra góða spretti upp hægri vænginn þar sem Stefán Eggertsson og Aaron Palomares létu mikið að sér kveða.

Eftir því sem leið á hálfleikinn hægðist á sóknarleik HK og Keflavík komst meira inn í leikinn. Síðustu tíu mínútur hálfleiksins fengu Keflvíkingar þrjú hálffæri en tókst ekki að vinna úr ákjósanlegum stöðum og því var enn markalaust í hálfleik.

Keflavík byrjaði síðari hálfleik betur en engu að síður skoraði HK fyrsta markið þegar Mitha Brulc skóflaði boltanum yfir Ómar Jóhannsson markvörð Keflavíkur á 50. mínútu eftir góða skyndisókn.

Keflvíkingar virtust missa trúna við markið og HK gerði nokkrar álitlegar tilraunir að því að auka forskotið. HK náði ekki að nýta færin og Keflavík jafnaði metin með marki Jóns Gunnars Eysteinssonar tíu mínútum fyrir leikslok úr fyrsta almennilega færi liðsins síðan í byrjun síðari hálfleiks.

Patrik Redo skoraði annað mark fyrir Keflavík fjórum mínútum síðar eftir að knötturinn barst til hans af varnarmanni HK eftir skot Hólmars Arnar Rúnarssonar. Sætur sigur Keflavíkur staðreynd í erfiðum leik.



**FURÐULEGUR FÓTBOLTI** Finnur Ólafsson í HK og Hans Mathiesen í Keflavík liggja hér báðir eftir mikla baráttu á miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, var mjög ánægður með að ná sigri í leiknum, sérstaklega eftir að hafa lent undir.

„Við lögðum upp með að vera mjög þolinmóðir í þessum leik en svo lentum við undir og það er mjög erfitt á móti HK. Ég tel að það hafi verið mjög gott að jafna og vinna leikinn á svona stuttum tíma. Það var eins og HK gæfi töluvert eftir við að fá á sig fyrra markið og þá lá annað mark í loftinu,“ sagði Kristján í leikslok. - gmi

| **4-4** | |
|---|---|
| Þróttur | FH |

Valbjarnarvöllur, áhorf.: 1207 Kristinn Jakobsson (8)

*1-0 Hjörtur Júlíus Hjartarson (1.)*
*1-1 Tryggvi Guðmundsson, víti (9.)*
*1-2 Davíð Þór Viðarsson (19.)*
*2-2 Dennis Danry (26.)*
*2-3 Jónas Grani Garðarsson (58.)*
*3-3 Þórður Steinar Hreiðarsson (80.)*
*3-4 Arnar Gunnlaugsson, víti (87.)*
*4-4 Eysteinn Pétur Lárusson (90+2)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–13 (7–7) |
| Varin skot | Bjarki Freyr 2 – Daði 2 |
| Horn | 3–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–14 |
| Rangstöður | 3–3 |

| **ÞRÓTT.** 4–5–1 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Bjarki Freyr Guðm. | 6 | Daði Lárusson | 5 |
| Eysteinn Lárusson | 7 | Guðmundur Sævarss. | 5 |
| Þórður Hreiðarsson | 7 | Tommy Nielsen | 6 |
| Michael Jackson | 6 | Freyr Bjarnason | 6 |
| Kristján Ómar Björns. | 5 | Hjörtur Logi Valgarðs. | 6 |
| Hallur Hallsson | 5 | Dennis Siim | 5 |
| (67. Adolf Sveinsson | 6) | Davíð Þór Viðarsson | 6 |
| Rafn Andri Haraldss. | 7 | Jónas Grani Garðarss. | 5 |
| Haukur Páll Sigurðss. | 6 | (59. Arnar Gunnlaug. | 5) |
| ***Dennis Danry** | **8** | Atli Guðnason | 6 |
| Magnús Már Lúðvíks. | 6 | (78. Matth. Guðmundss. | -) |
| Hjörtur Hjartarson | 7 | Atli Viðar Björnsson | 5 |
| (90., Ismael Silva | -) | (78. Matthías Vilhjálmss. | -) |
| | | Tryggvi Guðmundss. | 8 |

**Maður leiksins*

## STAÐAN

*Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjölnir** | **3** | **3** | **0** | **0** | **6-1** | **9** |
| Keflavík | 3 | 3 | 0 | 0 | 9-5 | 9 |
| **FH** | **3** | **2** | **1** | **0** | **10-4** | **7** |
| Fram | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-0 | 6 |
| **KR** | **2** | **1** | **0** | **1** | **4-3** | **3** |
| Valur | 3 | 1 | 0 | 2 | 6-7 | 3 |
| **Fylkir** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-5** | **3** |
| Breiðablik | 2 | 0 | 2 | 0 | 1-1 | 2 |
| **Þróttur** | **3** | **0** | **2** | **1** | **4-7** | **2** |
| ÍA | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-3 | 1 |
| **Grindavík** | **3** | **0** | **0** | **3** | **1-7** | **0** |
| HK | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-8 | 0 |

# Fjölnir á toppnum eftir varnarsigur

**Fjölnir sótti þrjú stig til Grindavíkur í gær þó svo að heimamenn hafi sótt nánast án afláts allan leikinn og átt tvö skot í ramma Fjölnismarksins. Eina mark leiksins kom beint úr hornspyrnu.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Páll Snorrason var hetja Fjölnismanna í gær en hann skoraði eina mark leiks Grindavíkur og Fjölnis beint úr hornspyrnu. Grindvíkingar voru þó mun sterkari í leiknum en lukkudísirnar voru ekki á þeirra bandi í kvöld. Fjölnismenn eru því komnir á topp Landsbankadeildar karla.

Grindvíkingar byrjuðu betur í leiknum og virtust hafa hrist af sér slenið frá síðasta leik er liðið tapaði 3-0 fyrir Val í slökum leik. En þó svo að heimamenn hafi haft yfirburði í fyrri hálfleik gekk þeim afskaplega illa að skapa sér almennilegt færi.

Fjölnismenn fóru í eina af sínum fáu sóknum á 34. mínútum og uppskáru horn. Ólafur Páll Snorrason tók það og sveif boltinn í gegnum varnarþvöguna og beint í markhornið fjær. Nýr markvörður Grindavíkur, Zankarlo Simunic, var að spila sinn fyrsta leik fyrir Grindavík og vill sjálfsagt gleyma þessu marki sem allra fyrst.

Síðari hálfleikur byrjaði eins og sá fyrri. Grindvíkingar voru með undirtökin í leiknum en gekk afskaplega illa að skapa sér færi enda vörn Fjölnismanna gríðarlega vel skipulögð.

Scott Ramsay hefur verið hættulegasti leikmaður Grindavíkur til þessa á mótinu en Fjölnismenn voru duglegir að loka á hann og tóku hann hreinlega úr umferð.

Eftir því sem leið á síðari hálfleik reyndu Grindvíkingar að breyta um áherslur í sínum sóknarleik en það bar engan árangur, markvörður og vörn Fjölnis voru á tánum allan tímann.

Þar sem Grindvíkingar hertu sóknarleik sinn undir lokin opnaðist vörnin fyrir skyndisóknum Fjölnismanna, sem komust í nokkur góð færi. Það besta fékk Pétur Markan sem komst einn gegn markverði en Simunic gerði vel og varði frá honum.

Pétur fékk svo rauða spjaldið skömmu síðar eftir að hafa fengið tvö gul fyrir að mótmæla sama aukaspyrnudómnum.

Besta færi Grindavíkur fékk Tomasz Stolpa er hann skallaði fyrirgjöf í samskeytin á marki Fjölnismanna. Andri Steinn Birgisson átti svo gott skot að marki í blálok leiksins en aftur fór boltinn í rammverkið. Þar við sat og eru Fjölnismenn því komnir í toppsæti Landsbankadeildar karla eftir þrjá sigurleiki í röð í upphafi móts. Grindavík er hins vegar á botni deildarinnar og er enn án stiga.



**HETJAN** Ólafur Páll Snorrason í Fjölnr.




**EKKI GÓÐ BYRJUN** Króatíski markvörðurinn Zankarlo Simunic missir hér af hornspyrnu Ólafs Páls Snorrasonar sem sveif yfir hann og í markið. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

„Auðvitað skýtur maður að marki í svona vindi," sagði Ólafur Páll, kátur í bragði eftir leik.

„Ég vissi að ég myndi skora enda var ég byrjaður að fagna áður en boltinn fór í markið. Það var hörkubarátta í okkar mönnum og komum við hingað með það markmið að halda hreinu. Það tókst. Við erum vissulega að spila vel en það er mikið eftir af mótinu. Ég tel okkur vera með sterkt sóknarlið sem skilar okkur alltaf marki í hverjum leik og á meðan það gerist hef ég engar áhyggjur af því að við missum dampinn. Við lögðum okkur fram hér í kvöld en vorum vissulega heppnir líka."

**eirikur@frettabladid.is**

| GRINDAVÍK | **0-1** | FJÖLNIR |
|---|---|---|

*0-1 Ólafur Páll Snorrason (34.)*

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 927
Garðar Örn Hinriksson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–6 (11–3) |
| Varin skot | Zankarlo 2 – Þórður 9 |
| Horn | 7–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–10 |
| Rangstöður | 1–0 |

**Grindavík 4–4–2** Zankarlo Simunic 6 - Michael Jónsson 6, Eysteinn Hauksson 6, Marinko Skaricic 6, Ray Anthony Jónsson 6 - Scott Ramsey 6, Orri Freyr Hjaltalín 7, Jóhann Helgason 5, Alexander Veigar Þórarinsson 5 (86. Páll Guðmundsson -) - Andri Steinn Birgisson 5, Tomasz Stolpa 6.

**Fjölnir 4–3–3 *Þórður Ingason 8** - Gunnar Valur Gunnarsson 7, Óli Stefán Flóventsson 7, Kristján Hauksson 8, Magnús Ingi Einarsson 8- Ágúst Þór Gylfason 6 (71. Ólafur Páll Johnson) , Ásgeir Aron Ásgeirsson 5, Gunnar Már Guðmundsson 6, - Pétur Georg Markan 7 , Tómas Leifsson 5 (61. Ómar Hákonarson 6) , Ólafur Páll Snorrason 7.


INGVAR HELGASON
NOTAÐIR BÍLAR
RÉTTU BÍLARNIR!


Nissan **Pathfinder** 2.5 XE
Ekinn 30 þús. Nýskr. 02/06
2006 Beinskiptur Verð: 4.690.000 kr.


Opel **Corsa** 1.4 Enjoy
Ekinn 8 þús. Nýskr. 09/07
2007 Sjálfskiptur Verð: 2.090.000 kr.


Opel **Zafira** 1.8 Enjoy
Ekinn 22 þús. Nýskr. 09/06
Verð áður: 2.330.000 kr.
2006 Beinskiptur Nú: 2.190.000 kr.


Subaru **Legacy** 2.0 Luxury
Ekinn 16 þús. Nýskr. 05/07
2007 Sjálfskiptur Verð: 3.680.000 kr.


Mazda **Tribute** 3.0
Ekinn 24 þús. Nýskr. 10/05
Verð áður: 3.190.000 kr.
2005 Sjálfskiptur Nú: 2.800.000 kr.


Nissan **Primera** Acenta
Ekinn 165 þús. Nýskr. 04/04
Verð áður: 1.050.000 kr.
2004 Beinskiptur Nú: 750.000 kr.


Subaru **Legacy**
Ekinn 56 þús. Nýskr. 05/05
2005 Sjálfskiptur Verð: 2.080.000 kr.


Cadillac **SRX** V6 AWD
Ekinn 51 þús. Nýskr. 01/05
Verð áður: 4.650.000 kr.
2004 Sjálfskiptur Nú: 4.250.000 kr.


Nissan **Patrol** 3.0 Elegance
Ekinn 75 þús. Nýskr. 07/04
2004 Sjálfskiptur Verð: 3.790.000 kr.


Nissan **Murano** 3.5 V6
Ekinn 39 þús. Nýskr. 06/06
Verð áður: 5.290.000 kr.
2006 Sjálfskiptur Nú: 4.290.000 kr.

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Með fyrirvara um prentvillur.



GÓÐ ÞJÓNUSTA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM33622



**> Colin Farrell**

Farrell er frá Írlandi. Áður en hann varð frægur sem leikari brallaði hann ýmislegt, meðal annars mætti hann í áheyrnarprufu hjá strákabandinu Boyzone og kenndi línudans. Í kvöld má sjá hann leika í kvikmyndinni A Home at the End of the World á Stöð 2 bíó.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SYRGIR MENNINGU MYNDBANDSINS

# *Popp og kók ei meir*



Einu sinni, fyrir langa löngu, voru til sjónvarpsþættir sem helgaðir voru tónlistarmyndböndum. Þættirnir voru vikulega á dagskrá sjónvarpsstöðvanna og sýndu spenntum áhorfendum nýjustu myndböndin frá bæði innlendum og erlendum tónlistarmönnum, ásamt því að poppfróðir umsjónarmenn miðluðu af nánast óendanlegri þekkingu sinni. Börn og unglingar landsins hópuðust saman við sjónvarpstækin til þess að meðtaka sinn vikulega skammt af nýjustu straumum og stefnum í tísku og poppmenningu heimsins.

Þættirnir voru gjarnan kenndir við popp eða rokk, en var vísuninni snúið á þann hátt að halda mætti að um matreiðsluþætti væri að ræða. Hjá Sjónvarpinu var í grárri forneskju til þáttur sem hét Skonrokk, en honum muna fáir eftir í dag. Þátturinn sá kynnti þó útlit og tísku níunda áratugarins fyrir þjóðinni með skelfilegum afleiðingum. Síðar tók við þáttur sem hét hinu hreina og beina nafni Poppkorn; kynnir hans var, um tíma, folinn óviðjafnanlegi Stefán Hilmarsson. Samkeppnisstöðin tefldi um svipað leyti fram sambærilegum þætti sem hét Popp og kók; enginn man lengur hver var skipstjóri á þeirri skútu. Hver sem það var komst klárlega ekki í hálfkvisti við Stebba. En svalastur allra var náttúrlega Skúli Helgason sem í nokkur ár sá um gæðapoppþáttinn Tíðarandann hjá Sjónvarpinu. Þar fengu óhörðnuð ungmenni tækifæri til að kynnast poppi hins þenkjandi manns, fremur en því nýjasta frá En Vogue eða New Kids on the Block. Nú eru tímarnir aðrir; tónlistarmyndbönd hafa verið gengisfelld og þykja ekkert sérlega svöl lengur þar sem hvaða apaköttur með myndavélasíma og fartölvu getur framleitt slíkt efni. Dagar myndbandaþáttarins eru liðnir og í staðinn rúlla einskisverð myndbönd stanslaust á innihaldslausum sjónvarpsstöðvum. Sannast enn hið fornkveðna: hámarki svalheita þessa jarðlífs var náð á tíunda áratug síðustu aldar. Við munum aldrei upplifa slíka gósentíð að nýju.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** **KR-Breiðablik Bein útsending** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** **Seinfeld** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** **Innlit/útlit lokaþáttur** SKJÁREINN



▶ **21.50** **Kompás** STÖÐ 2



▶ **22.25** **60 Minutes** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka**

**17.55 Geirharður bojng bojng**

**18.20 Fréttir**

**18.50 Veður**

**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 - Forkeppni** Bein útsending frá fyrri undanriðlinum í Belgrað.

**21.05 Skemmtiatriði úr Söngvakeppninni** Sýnt verður stutt skemmtiatriði sem flutt var í auglýsingahléi í söngvakeppninni fyrr í kvöld.

**21.15 Veronica Mars** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Njósnadeildin** Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Hermione Norris. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Sannleikurinn um Mariku** Sænsk spennuþáttaröð um unga konu, Mariku, sem er að fara að gifta sig en hverfur sporlaust. Fram koma vísbendingar um að hún hafi ekki verið öll þar sem hún var séð. Leikstjórar eru Richard Jarnhed og Martin Schmidt og meðal leikenda eru Lennart Jähkel, Jonas Sjöqvist, Sasha Becker og Mirja Turestedt. (e).

**00.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 A Home at the End of the World**

**08.00 The Producers**

**10.10 Emil og grísinn**

**12.00 The Object of Beauty**

**14.00 The Producers**

**16.10 Emil og grísinn**

**18.00 The Object of Beauty**

**20.00 A Home at the End of the World** Saga tveggja æskuvina sem eru gerólíkir en halda samt sambandi í áratugi.

**22.00 The Locals**

**00.00 Coach Carter**

**02.15 Kin**

**04.00 The Locals**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.10 Oprah**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Homefront**

**10.55 Matur og lífsstíll**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**Fréttir, íþróttir, veður og Markaðurinn.**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Corkscrewed**

**13.35 Blue Sky**

**15.25 Sjáðu**

**15.55 Kringlukast**

**16.20 Shin Chan**

**16.40 Ginger segir frá**

**17.03 Sylvester and Tweety Mysterie**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag og íþróttir**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends**

**20.20 Hell´s Kitchen** (9:11)

**21.05 Shark** Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið og oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

▶**21.50 Kompás** Fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

▶**22.25 60 Minutes** Mikilvægustu málefni líðandi stundar og einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

**23.10 Little Rock Central High: 50 Years Later** Í þessari heimildamynd frá HBO hverfum við aftur til Little Rock Central High School fyrir rúmum fimmtíu árum þegar níu svörtum stúdentum var meinaður aðgangur að skólabyggingunni.

**00.25 Medium**

**01.10 ReGenesis**

**02.00 Big Love**

**02.55 Blue Sky** (e)

**04.35 Shark**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag** (e)

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008**

**16.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**17.15 Landsbankadeildin 2008**

Útsending frá leik Grindavíkur og Fjölnis í Landsbankadeild karla.

**19.05 Landsbankamörkin 2008**

Farið yfir alla leiki og öll mörkin í Landsbankadeild karla.

▶**19.45 Landsbankadeildin 2008**

Bein útsending frá leik KR og Breiðabliks í Landsbankadeild karla.

**22.00 UEFA Champions League**

Útsending frá sögulegum úrslitaleik Liverpool og AC Milan í Meistaradeild Evrópu árið 2005. Þeir knattspyrnuáhugamenn sem urðu vitni að þessum leik gleyma honum aldrei.

**00.50 PGA Tour 2008**

Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**18.30 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**19.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar.

**20.00 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**21.00 EM 2008 - Upphitun** (Tyrkland - Tékkland) Frábærir þættir þar sem liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt.

**21.30 EM 2008 - Upphitun** (Portúgal - Sviss)

**22.00 10 Bestu - Upphitun** Hitað upp fyrir þættina „10 bestu" en Arnar Björnsson fær til sín góða gesti í myndver.

**22.50 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti.

**23.45 Bestu leikirnir** Tottenham - Aston Villa

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.20 Vörutorg**

**17.20 Everybody Hates Chris** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.20 Psych** (e)

**20.10 Kid Nation** (5.13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Það er boðað til kosninga hjá krökkunum þegar velja á nýtt bæjarráð og þeir sem hafa verið í leiðtogahlutverkinu til þessa þurfa að berjast fyrir endurkosningu.

▶**21.00 Innlit / útlit - Lokaþáttur** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

**21.50 Cane** (12.13) Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Það er brúðkaup hjá Duque-fjölskyldunni en Alex kemst að því að Joe Samuels ætlar að spilla gleðinni. Hann ræður Roman og gengið hans til að sjá um öryggisvörslu.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 C.S.I.** (e)

**00.20 Eureka** (e)

**01.50 C.S.I.**

**02.30 Vörutorg**

**03.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar.
Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

póst húsið – ódýrari valkostur

Himinn og haf / SÍA

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.20**

**Hell's Kitchen**

Spennan er farinn að magnast í Hell's Kitchen en nú eru aðeins þrír kokkar eftir sem keppa um starf á glæsilegum veitingastað. Og um hylli frá hinum skelfilega Ramsay, sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt þeirra og grátbrosleg mistök við eldamennskuna. Í þættinum í kvöld eiga keppendurnir þrír að snúa sígildri bandarískri máltíð í sannkallaða sælkeraveislu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 – Fyrri forkeppni**

**SJÓNVARPIÐ kl. 19.00**

Í kvöld verður bein útsending frá fyrri undanriðlinum í Belgrad en sá seinni verður fimmtudagskvöldið 22. maí. Þetta er í fyrsta skipti í sögu keppninnar sem haldnar eru tvær undankeppnir. Í hvorri undankeppni keppa nítján þjóðir. Þær tíu efstu úr hvorri keppni vinna sér sæti í sjálfri úrslitakeppninni sem verður laugardaginn 24. maí en þar eiga fyrir sæti sigurlandið frá í fyrra, Serbía, og hin fjögur stóru ríki, Bretland, Frakkland, Spánn og Þýskaland. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Entourage**
**18.00 Comedy Inc.**
**18.30 American Dad** Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
▶**20.00 Seinfeld**
**20.30 Entourage**
**21.00 Comedy Inc.**
**21.30 American Dad**
**22.00 American Idol** Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Leitað er að sjöundu Idolstjörnunni en fram að þessu hafa sigurvegarar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.
**22.45 American Idol** (40:42)
**23.30 Missing** (3:19)
**00.15 Rock School**
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón Ingvi Hrafn Jónsson. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson ígrundar stjórnmálin ásamt gesti sínum.
**21.30 Ákveðin viðhorf** Nemendur í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands taka fyrir ýmis mál sem brenna á samfélaginu. Að þessu sinni eru skólamál tekin til athugunar.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet **11.25** Som en skygge i skoven **11.50** Supernabo **12.20** Kom igen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Ønskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Mistænkt 6: Det sidste vidne **21.40** OBS **21.45** Seinfeld **22.05** Dødens Detektiver **22.25** Den deprimerede reporter

## NRK 1

**8.10** Redaksjon EN **8.40** Hagen i Hune **9.10** Naboer **9.35** Naboer **10.00** NRK nyheter **10.10** Bokbussen **10.40** Jakten på gjengen **11.40** Faktor **12.10** Jessica Fletcher **13.00** Giro d'Italia direkte: 10. etappe **15.30** Oddasat - Nyheter på samisk **15.45** Historien om ... **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.20** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Magasin **17.55** Koht i familien **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Eurovision Song Contest 2008: Semifinale 1 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Extratrekning **21.25** Five Easy Pieces **23.00** Kulturnytt **23.10** Autofil jukeboks **1.00** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **11.05** Niklas mat **12.10** Kungsgatan **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Mega **16.00** Bolibompa **16.10** Evas pysselshow **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** En resa till Grönland **16.45** Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Andra Avenyn **19.00** Eurovision Song Contest - semifinal 1 **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Brottet **22.25** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er gott take-away á Siam í Hafnarfirði en ef ég fæ mér pitsu er það nýi pitsustaðurinn á Dalveginum sem heitir Castello, þar eru alveg geggjaðar eldbakaðar pitsur. Síðan er Austur-Indíafélagið svona spari.“*

Sigríður Beinteinsdóttir söngkona

# Sjónvarpsstjarna á sjálfsstyrkingarnámskeið

„Ég fer til New York í byrjun júní á hugleiðslunámskeið og svo bauð vinkona mín mér á sjálfsstyrkingarnámskeið í London um miðjan júlí á vegum Landmark Forum,“ segir Eva María Jónsdóttir, sem ætlar að nýta sumarfríið með öðrum hætti en vanalega.

Spurð hvernig skráningarnar á þessi námskeið hafi komið til segist Eva María lengi hafa haft áhuga á hugleiðslu. „Ég hef ekki hugleitt reglulega hingað til en lengi langað að læra meira. Ég frétti svo af þessu tiltekna námskeiði í New York eftir krókaleiðum, fannst það mjög spennandi og ákvað að skrá mig. Námskeiðið verður haldið fyrir utan borgina þar sem fókusinn verður alfarið á hugleiðslunni, svo það verða engar verslunarferðir á dagskránni,“ segir Eva María sem hefur sömu sögu að segja um námskeiðið í London. „Dagskráin þar verður frá klukkan 9 á morgnana til 22 á kvöldin, föstudag, laugardag, sunnudag og þriðjudag, en ætli mánudagurinn sé ekki ætlaður til að maður hugsi sinn gang,“ segir Eva María og hlær.

„Ég fer ein á bæði námskeiðin svo það verður ný reynsla að gera eitthvað í fríinu án barnanna og mannsins míns. Ég hálf skammast mín fyrir það, en heil 33% af sumarfríinu munu fara í sjálfa mig. Það er samt nauðsynlegt að rækta sjálfan sig reglulega svo þetta verður eflaust góð upplifun,“ segir Eva María að lokum. - ag



**SÆKIR NÁMSKEIÐ Í NEW YORK OG LONDON Í SUMAR** Hugleiðsla og sjálfsstyrking verða efst á baugi í sumarfríinu hjá Evu Maríu Jónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** loðfeldur, **6.** frá, **8.** dauði, **9.** eldsneyti, **11.** á fæti, **12.** lítið barn, **14.** bragsmiður, **16.** upphrópun, **17.** tala, **18.** blóm, **20.** tveir eins, **21.** hvæs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þökk, **3.** skammstöfun, **4.** nennuleysi, **5.** berja, **7.** fyrirhyggja, **10.** nár, **13.** gæfa, **15.** flotholt, **16.** heyskaparamboð, **19.** sjó.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** pels, **6.** af, **8.** hel, **9.** kol, **11.** tá, **12.** kríli, **14.** skáld, **16.** oj, **17.** níu, **18.** rós, **20.** ff, **21.** fnæs.
**LÓÐRÉTT: 1.** takk, **3.** eh, **4.** letilíf, **5.** slá, **7.** forsjón, **10.** lík, **13.** lán, **15.** dufl, **16.** orf, **19.** sæ.




fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454


GARÐAR THOR: FRUMFLUTTI EFNI AF NÝRRI PLÖTU Í LONDON

# Sonur soldánsins af Brunei hrifinn af Garðari Cortes

Heilsíðuumfjöllun er um kynningartónleika Garðars Thors Cortes í nýjasta hefti breska glanstímaritsins OK! sem kom í verslanir í gær. Garðar frumkeyrði nýja plötu sína fyrir hóp útvaldra á safninu Dali Universe í London á dögunum, en platan er væntanleg í verslanir í sumar. Búist er við miklu af íslenska tenórnum enda sló fyrsta platan hans í gegn hjá unnendum sígildrar tónlistar. Garðar hefur sjálfur sagt nýju plötuna vera öllu klassískari en þá fyrstu sem hlaut tilnefningu til Classical Brit Awards.

En að kynningarveislunni. Öllu jafnan eru þær sóttar af minni háttar stjörnum sem sækja í myndavélar eins og flugur á mykjuskán. Mannsöfnuðinn setti þó hljóðan þegar fremur lágvaxinn, asískan mann bar að garði. Hann var umsetinn yngismeyjum og heilu stóði af lífvörðum og reyndist vera sjálfur Prins Azim, sonur soldánsins af Brunei. Hazim vildi ólmur láta mynda sig við hlið Garðars og hlóð tenórinn lofi fyrir frammistöðu hans. „Rödd hans er guðdómleg,“ sagði Azim í samtali við OK!.

Azim prins er sólginn í frægðarfólk og á vini á æðstu stöðum í félagslífi hinna ríku. Hann er þekktur fyrir dálæti sitt á poppstjörnum, leikurum og fyrirsætum og borgaði meðal annars bæði Kate Moss og Shannon Elizabeth fyrir það eitt að mæta í teiti hjá sér. Hann hefur sérstakan unun af því að horfa á Mariuh Carey flytja sín frægustu lög og sendi henni fokdýrt hálsmen og demantshring í stíl með einkaþotu fyrir ekki margt löngu. Poppkóngurinn Michael Jackson hefur heldur ekki farið á mis við gjafmildi Azim, sem borgaði honum nokkrar milljónir íslenskra fyrir að koma í 25 ára afmælið sitt á síðasta ári.



**GÓÐIR SAMAN** Garðar Thor Cortes og Azim prins voru góðir saman í London. Azim, sem er sonur soldánsins af Brunei, hlóð íslenska tenórinn lofi fyrir frammistöðu hans. NORDICPHOTOS/WIREIMAGE

Sagan segir reyndar að soldáninn sjálfur hafi bjargað hinum ólánsama Jackson frá gjaldþroti. Þeir fjármunir hafa þó verið smáaurar hjá soldáninum því hann er metinn er á tvö þúsund milljarða króna. Azim er fjórði í röðinni að krúnunni og fær því væntanlega sinn skerf þegar sá gamli stígur niður af stóli sínum.

Hvorki náðist í Garðar Thor Cortes né Einar Bárðarson, umboðsmann hans, við vinnslu fréttarinnar en vinfengi Azims og Garðars skemmir örugglega ekki fyrir möguleikum hans á að koma sér á framfæri ytra.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Í dálki þessum í gær var því haldið fram að **Egill Einarsson**, eða Stóri G, væri að halda herþjálfunarnámskeið fyrir nema í Háskóla Íslands. Þetta mun ekki vera rétt því námskeið þetta er á vegum Bootcamp og kemur Egill þar hvergi nærri. Egill hélt á sínum tíma herþjálfunarnámskeið í Sporthúsinu en átökin þar voru slík að þrír til fimm manns köstuðu upp í hverjum tíma. Síðan þá hefur Egill snúið sér alfarið að fjarþjálfun þar sem hver og einn æfir eftir sínum hraða og líkamsástandi.

Auglýsingastofan Fíton, þar sem **Þormóður Jónsson** fer fyrir fríðum flokki, hélt velheppnaða árshátíð úti í Viðey. Hugsanlega er það til marks um kreppu en í fyrra var þar á bæ farið til Washington til að halda árshátíð. Tölvufyrirtækið CCP þekkir hins vegar tímana tvenna frá því netbólan sprakk og er ekkert að draga af sér nema síður sé í flottheitum. Þeirra starfsmenn brugðu sér til Marokkó til að halda árshátíð og þar voru vellystingarnar hvergi við nögl skornar.



Fréttir bárust fyrir helgi af því að dansleikur Sálarinnar, sem til stóð að halda á Suðurlandi, hefði verið sleginn af vegna skorts á leyfi fyrir skemmtanahaldi. **Einar Bárðarson** umboðsmaður Íslands hefur ekki sleppt hendinni af Skímó og hann er ekki til í að kaupa þá skýringu hundrað prósent. Í tilkynningu þar sem segir af stórkostlegum dansleik Skímó í Hvíta húsinu á Selfossi, troðfullt hús og mikil stemmning, lætur hann að því liggja að ástæðan hafi kannski verið önnur og þá væntanlega sú að Sálin hafi ekki þorað í samkeppnina. Minnir það á þegar Mánar voru og hétu á 7. áratug síðustu aldar. Ef vitað var að þeir væru með ball á Suðurlandi hættu menn sér hvergi nærri, jafnvel þó þeir hétu Hljómar. - shs/jbg


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Stelpur Pacasar heim í jólasnjóinn

„Stelpurnar koma annaðhvort í ágúst eða um jólin,“ segir Inácio Pacas da Silva Filho, betur þekktur sem Pacas úr Hæðinni, nú eða bara Pacas hans Begga. Þeir lýstu því yfir að ef þeir myndu vinna Hæðina færi verðlaunaféð – alls tvær milljónir – í að bjóða dætrum Pacasar til Íslands en þær eru búsettar í Brasilíu. Þeir sigruðu.

„Þær hefur lengi langað til að koma en þetta er dýrt ferðalag,“ segir Pacas fullur tilhlökkunar. Beggi er ekki síður spenntur. „Ég sjálfur hefði helst viljað fá þær í gær. Þetta er líka svo gott til að gleðja hjarta Pacasar, sem hefur ekki séð þær í hartnær tvö ár.“ Beggi segir það mikið ferli að fá þær hingað til lands. „Þær eru báðar í skóla og geta því kannski komið í ágúst en alveg pottþétt um jólin. Þær eru svo spenntar fyrir því að koma hingað og sjá snjóinn og upplifa okkar menningu. Þær hafa aldrei farið út fyrir Brasilíu.“



**SPENNTIR** Beggi og Pacas eru spenntir að fá stelpurnar heim.

Beggi segir að stelpurnar hafi vitað allan tímann að ef hann og Pacas kæmu til með að vinna Hæðina þá fengju þær að koma til Íslands. „Þær fylgdust með rosalega spenntar á Vísi.is. Skildu auðvitað ekki neitt en gátu þó séð hvort við ynnum eða ekki,“ segir Beggi.

Að öllum líkindum munu Beggi og Pacas fljúga til móts við þær enda þær óvanar ferðalögum og tala einungis portúgölsku.

Beggi lofar því að þjóðin muni fá að fylgjast með þegar stelpurnar koma til landsins og sjái þessa fallegu sögu verða að veruleika. „Sagan er bæði falleg, og hún er heil,“ segir Beggi einlægur. - shs

HONDA
The Power of Dreams

CIVIC HYBRID

# SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLLINN*

NÁTTÚRULEGA FRÁBÆRT VAL




**3,66 L/100km**

Honda hefur unnið fyrsta sprettinn á leiðinni að útblástursfríum bílum sem halda aksturseiginleikum, jafnhliða því að hlífa umhverfinu og buddunni. Honda Civic Hybrid er búinn rafmótor sem aðstoðar bensínvélina. Þessi tækni (IMA) dregur stórkostlega úr losun koldíoxíðs og uppfyllir ströngustu kröfur KYOTO og CAFÉ ályktana. $CO_2$ útblástur Civic Hybrid er 109g/km. Fyrir utan að bíllinn er einstaklega sparneytinn í akstri, leggur þú honum frítt í bílastæði Reykjavíkuborgar.

Í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu þar sem eknir voru 143,1km eyddi Civic Hybrid 3,66L/km að meðaltali. Honda Civic Hybrid er því sparneytnasti fjölskyldubíllinn á Íslandi.

**Það er ástæða til að óska væntanlegum eigendum Honda Civic Hybrid til hamingju með náttúrulega frábært val.**

Civic Hybrid verð kr. 3.195.000

**Tilboðsverð kr. 2.890.000**

**Aðeins kr. 34.134 á mánuði****

www.honda.is

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

*Honda Civic Hybrid bar sigur úr bítum í flokki 2B í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu, 3. maí 2008. ** 70% erlent lán í myntkörfu (LÝS10) frá Lýsingu í 84 mánuði, hlutfallstala kostnaðar 11,1%.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
**Karenar D. Kjartansdóttur**

## *Tröppugangur til himnaríkis*

Þó að allar kynslóðir þekki lagið Stairway to Heaven hef ég nýlega komist að því að kynslóðin sem tilheyrði hópi unglinga þegar það var efst á vinsældalistum lumar á leyndarmáli. Lagið er nefnilega ekki aðeins undurfögur klassík heldur ku það víst einnig geyma afar leynilega uppskrift af því sem flestir menn leita eftir en fæstir ná fullum tökum á.

**FJÖLDI** bóka hefur verið skrifaður um málefnið og varla er til sú manneskja sem ekki hefur reynt að komast nær því sem það leitar að með kaupum á einhverju tóli. Útkoman sem uppskriftin á að gefa af sér er nefnilega fullkomið kynlíf. Í flestum útgáfum er lagið átta mínútur og tvær sekúndur að lengd. Sá tími er víst lykillinn að fullkominni stund fyrir elskendur. Hvorugur þeirra verði leiður á athöfninni en báðir fái löngunum sínum svalað. Fylgi elskhugarnir svo tempói lagsins út í ystu æsar á það að leiða fólk á slóðir algleymis fullnægingarinnar; textinn sjálfur geymir svo skrauthvörf um leiðina að himnasælu jarðarbúa.

**EFTIR** að hafa fengið að bergja ögn á þeim launhelgum sem þetta lag á að geyma að mati þeirra sem voru að stíga sín fyrstu skref á einstigi ástarinnar og leyndarþing hennar þegar það hljómaði sem hæst hóf ég leit að upplýsingum um þann tíma sem flestir verja til ástundunar amorsleikja.

**MÉR** til skelfingar komst ég að því að sá tími sem fólk ver yfirleitt í rekkju til að komast að takmarki sínu er tvær mínútur. Það fannst mér skammur tími og hneykslaðist ég smá. Svo tók ég að velta fyrir mér að ef til vill væri ég í hópi þessa fólks. Sinnuleysi vanans verður jú oft til þess að allt rennur saman í eitt, hvort sem um er að ræða æðsta unað eða verstu leiðindi. Þá ofmeta flestir frammistöðu sína og komast því líklega ekki að hinu sanna fyrr en jafn óspennandi hlutur og skeiðklukka hefur bæst í leikinn.

**SÁ** möguleiki er þó fyrir hendi að þær samfélagslegu breytingar sem orðið hafa frá því þetta dularfulla lag hljómaði fyrst og auknar kröfur fólks um hraða og þjónustu hafi orðið til þess að átta mínútur séu bara orðnar of langur tími fyrir meðaljón makanna. Ef til vill er allur galdur horfinn úr tempói tröppugangsins, hinn leyndi kaleikur vikið fyrir einnota drykkjarmáli og lagið This Is My Life með Eurobandinu leiðir til jafn mikillar sælu fyrir elskendur samtímans og Stairway to Heaven leiddi til hjá elskendum hér áður.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 20. maí, 142. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.56 | 13.24 | 22.55 |
| Akureyri | 3.18 | 13.09 | 23.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


